

Staðfesting greinargerðar:

Aðalskipulag þetta var samþykkt af hreppsnefnd Skagabyggðar, hinn2011.

F.h. hreppsnefndar Skagabyggðar.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til Umhverfissráðuneytis til staðfestingar.

Reykjavík, hinn 2011.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, m.br. nr. 74/2005. Sjá kafla 3.0. í greinargerð.

Aðalskipulagið var staðfest af umhverfissráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytið, hinn 2011.

Umhverfissráðherra.

Staðfesting greinargerðar	1
Efnisyfirlit, myndaskrá og töfluskra, uppdrættir	2-4
1.0. INNGANGUR	5
1.1. Formáli	6
1.2. Um lög, reglugerðir og ýmsar áætlanir	7
1.3. Kortagrunnar og uppdrættir	8
1.4. Umsagnir og samráð	9
1.5. Afgreiðsla skipulagstillögunnar	11
2.0. MEGINATRÍÐI STEFNUMÖRKUNAR	12
2.1. Önnur stefnumörkun- Landnotkun	13
2.1.1. Umhverfis- og verndunarmál/Náttúruverndarsvæði	13
2.1.2. Fornminjar/Þjóðminjaverndarsvæði	14
2.1.3. Hverfisverndarsvæði	15
2.1.4. Vatnsverndarsvæði	15
2.1.5. Efnistökusvæði	16
2.1.6. Umhverfisáhrif vegna náttúru og verndarsvæða	17
2.2. Þróun byggðar	17
2.2.2. Umhverfisáhrif vegna samfélags og byggðar	18
2.3. Atvinnumál -almennt	18
2.3.1. Landbúnaður, landbúnaðarsvæði	18
2.3.2. Iðnaðarsvæði/Hafnarsvæði	20
2.3.3. Verslunar- og þjónustusvæði	20
2.3.4. Frístundahús	21
2.3.6. Umhverfisáhrif vegna atvinnumála	21
2.4. Veitur	22
2.4.1. Vatnsveita	22
2.4.2. Hitaveita/Upphitun húsa	22
2.4.2. Rafveita	22
2.4.3. Fráveita	23
2.4.4. Sorpeyðing	23
2.5. Samgöngu- og fjarskiptamál -almennt	24
2.5.1. Samgöngur á landi	24
2.5.2. Göngu- og reiðleiðir	24
2.5.3. Fjarskipti	25
2.5.5. Umhverfisáhrif vegna grunnkerfa	25
2.6. Þjónustustofnanir	26
2.6.1. Skóla- og menntamál	26
2.6.2. Menningarmál	26
2.6.3. Heilbrigðismál	27
2.6.4. Félagsþjónusta	27
2.6.5. Opinber stjórnsýsla	27
2.6.6. Kirkjur og kirkjugarður	27
2.7. Félagslíf, íþróttir og útivist -Opin svæði til sérstakra nota:	27
2.8. Náttúruvá/öryggismál	28
2.9. Niðurstaða umhverfismats	28
Landnotkunartafla	29
3.0. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA OG UMHVERFISMAT SKIPULAGSTILLÖGUNNAR	30
3.1 Samantekt umhverfisskýrslu	30
4.0. NÁTTÚRUFAR	31
4.1. Staðháttar- og landslagslýsing	31
4.2. Jarðfræði	32
4.3. Lífríki	34
4.4. Veðurfar	36
4.5. Flóð	37
4.6. Jarðskjálftar	38
4.7. Náttúruminjar	39
4.7.1. Hverfisvernd	39

5.0.	BYGGÐAFORSENDUR.....	41
5.1.	Saga byggðar og þróun.....	41
5.1.1.	Menningarminjar	42
5.1.1.1.	Fornminjar-Fornleifar	42
5.1.1.2.	Húsafriðun	44
5.2.	Íbúáþróun í Austur-Húnavatnssýslu	44
5.3.	Íbúáþróun í Skagabyggð	45
5.3.1.	Aldurs- og kynjaskipting	46
5.4.	Mælingar og eldri skipulagsáætlanir	47
5.5.	Íbúðarbyggð	47
5.5.0.	Almennt	47
5.5.1.	Núverandi húsnæði og aðrar fasteignir	47
5.5.1.1.	Núverandi íbúðarhúsnæði	49
5.5.2.	Húsnæði og landnotkun	50
5.6.	Atvinnulíf.....	50
5.6.1.	Almennt um atvinnulífið.....	50
5.6.2.	Ársverk	50
5.6.3.	Landbúnaður.....	51
5.6.4.	Verslun og þjónusta	54
5.6.5.	Ferðaþjónusta.....	54
5.6.6.	Frístundahús	55
5.6.7.	Iðnaðarsvæði/Hafnarsvæði	55
5.6.8.	Fólksfjölgun og mannaflí.....	56
5.7.	Veitur	56
5.7.1.	Vatnsveita.	56
5.7.2.	Upphitun húsa/Heitavatn	57
5.7.3.	Rafveita/Virkjunarmöguleikar	57
5.7.4.	Fráveita	57
5.7.5.	Sorpeyðing.....	58
5.8.	Samgöngumál.....	58
5.8.1.	Almennt	58
5.8.2.	Samgöngur á landi, umferð.....	58
5.8.3.	Reið- og gönguleiðir	62
5.8.4.	Hafnir.....	63
5.8.5.	Fjarskipti.....	63
5.9.	Stofnanir og tengd starfsemi.....	64
5.9.1.	Menntamál/Skólar	64
5.9.2.	Menningar- og félagsmál	64
5.9.3.	Samkomuhús og söfn.....	65
5.9.4.	Heilbrigðismál.	65
5.9.5.	Félagsþjónusta.	65
5.9.6.	Opinber stjórnsýsla.....	66
5.9.7.	Kirkjur, kirkjugarðar.....	67
5.10.	Umhverfi og útivist	67
5.10.1.	Útivist/ -almennt	67
5.11.	Öryggismál/náttúruvá.	68
6.0.	EIGNARHALD Á LANDI.....	68
7.0.	KÖNNUN Á LANDNOTKUN.....	68
7.1.	Skipulag á bújörðum	69
8.0.	UM SKIPULAG.....	69
8.1.	Framkvæmd og endurskoðun skipulags.....	69
9.0.	LOKAORÐ.....	70
10.0.	HELSTU HEIMILDIR	71
11.0.	SKÝRINGAR HUGTAKA.	71
	Uppdrættir vegna aðalskipulags og viðaukar greinargerðar.....	78

Myndaskrá

1.	Skipting lands í hönnunarhröðunarsvæði.....	28
2.	Einfaldað jarðfræðikort.....	33

3.	Gróðurkort	35
4.	Vindathuganir á Skagaströnd	37
5.	Íbúðpróun í Skagabyggð, framreikningur til 2028	46
6.	Íbúðpróun í Skagabyggð 1997-2008	46
7.	Aldurskipting í Skagabyggð 2007	47
8.	Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Skagabyggð	48
9.	Uppbygging íbúðarhúsa eftir tímabilum	49
10.	Atvinnuskipting í Skagabyggð 2004	51
Töfluskrá		
1.	Landnotkunarflokkar	13
2.	Námuskra vegna vegagerðar í Skagabyggð	16-17
3.	Stofnvegir í Skagabyggð	24
4.	Tengivegir í Skagabyggð	24
5.	Landnotkunartafla	29
6.	Forsendur/flokkun svæða sem njóti hverfisverndar.	40
7.	Húsafriðun	44
8.	Íbúðpróun í Skagabyggð 1997-2008	45
9.	Spá um íbúðpróun	45
10.	Aldurskipting í Skagabyggð 2007	46
11.	Fjöldi og stærðir fasteigna í Skagabyggð	47
12.	Samantekt fasteigna	48-49
13.	Meðaltal fullgerðra íbúða	49
14.	Ársverk 2002-2004	51
15.	Bújarðir í ábúð (1. janúar 2009)	52
16.	Bújarðir í eyði (sumarið 2009)	52
17.	Allar bújarðir í Skagabyggð, í ábúð og í eyði	53
18.	Forðagæsluskýrsla árið 2007	53
19.	Uppskera árið 2007	53
20.	Nokkrar vegalengdir frá Skagaströnd	60
21.	Stofnvegir í Skagabyggð	60
22.	Tengivegir í Skagabyggð	60
23.	Héraðsvegir í Skagabyggð	60-61
24.	Umferðartalning	61
25.	Niðurstöður könnunar um landnotkun	68-69
Sveitarfélagsuppráttur		Í lok greinargerðar—



Mynd tekin af Brekknabrekku, til suðurs.

1.0. Inngangur

Seinni hluta ársins 2007 samþykkti hreppsnefnd að óska eftir þátttöku Skipulagsstofnunar á kostun og faglegri samvinnu við gerð Aðalskipulags Skagabyggðar.

Aðalskipulagið, sem nú er unnið í fyrsta sinn fyrir sveitarfélagið, er aðætlað að gilda áráabilið 2010 til 2030. Það nær yfir allt land hreppsins sem er um 490 ferkílómetrar að stærð. Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030 er sett fram á sveitarfélagsupprætti í mælikvarðanum 1/50.000 ásamt greinargerð þessari.

Vegna mælikvarða aðalskipulagsuppráttar eru svæði sem eru minni en einn hektari að stærð (100 x 100m) ekki teiknuð nákvæmlega eins og útlínur þeirra eru. Þá eru þau sýnd með hringtáknnum (skematískum). Þessi tákn eiga að vera rétt staðsett þar eð unnið er eftir loftmyndum í grunninum.

Greinargerðin er þannig uppbyggð að í inngangskafla er fjallað um vinnuferlið og fleira því tengdu. Þar er formáli, helstu lagaforsendur, samráð og umsagnir. Í 2. kafla er greint frá stefnumótun og helstu atriðum landnotkunar í Skagabyggð. Í 3. kafla er umfjöllun um umhverfismat vegna skipulags-tillögunnar. Þeir kaflar sem á eftir koma fjalla um forsendur, þ.e. 4. kafla til og með kafla 8. Lokaorð, heimildarskrá og skýringar hugtaka reka síðan lestina í greinargerðinni. Þar eftir birtast fylgiskjöl sem tengjast aðalskipulaginu.

Í júlí 2008 fór skipulagsráðgjafi í ferð um Skagabyggð. Þá var jafnframt boðað til fundar með hreppsnefnd og farið yfir öll meginatriði er varða aðalskipulag sveitarfélagsins. Aðaláhersla var annars vegar lögð á gagnasöfnun og á hinn bóginn á stefnumótun varðandi landnotkun í Skagabyggð. Nokkrar lagfæringar og skráning nýrra upplýsinga fór fram í kjölfar þessarar ferðar. Í framhaldi af ferðinni var einnig unnin Matslýsing sem send var til Skipulagsstofnunar hinn 21. ágúst 2008. Ákvörðun var tekin um að ráðast í kaup á nýjum kortagrunnum, með loftmyndum, frá Loftmyndum ehf og tók alllangann tíma að fá þessi gögn unnin og endanlega frágengin.

Í framhaldi af þessu var á ný hafist handa við gerð aðalskipulagsuppráttar, sem áður var vel á veg kominn, þegar stuðst var við grunnkort sem notað hafði verið við gerð Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu.

Hinn 27. ágúst 2009 voru lögð fram heildstæð drög skipulagstillögunnar til kynningar og í framhaldi af því fór skipulagsráðgjafi ferð norður í Skagabyggð til íbúafundar. Fundurinn var mjög vel sóttur (um 30% íbúanna) og var afar gagnlegur fyrir skipulagsráðgjafa. Á þessu stigi vinnunnar var leitast við að móta endanlega þá stefnu sem er grundvöllur aðalskipulagsins.

Eftirtaldir fulltrúar sátu í hreppsnefnd í upphafi skipulagsvinnunar:

Hreppsnefnd:

Rafn Sigurbjörnsson, Örylgstöðum II

Baldvin Sveinsson, Tjörn

Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Ytra-Hóli I

Magnús Guðmannsson, Vindhæli

Valgeir Karlsson, Víkum

Odddviti: Rafn Sigurbjörnsson

Varamenn í hreppsnefnd:

Guðjón Ingimarsson, Hofi

Jens Jónsson, Brandaskarði

Linda Björk Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum

Helga Björg Ingimarsdótti, Höfnum

Signý Gunnlaugsdóttir, Balaskarði

Varaoddviti: Valgeir Karlsson. Fulltrúar Skipulagsstofnunar við verkefnið voru Guðrún Halla Gunnarsdóttir og Birna Árnadóttir.

Eftirtaldir fulltrúar sátu í hreppsnefnd eftir kosningar 2010:

Hreppsnefnd:

Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir, Tjörn

Helga Björg Ingimarsdóttir, Höfnum

Magnús Guðmannsson, Vindhæli

Valgeir Karlsson, Víkum

Vignir Ásmundur Sveinsson, Höfnum

Odddviti: Vignir Ásmundur Sveinsson

Varamenn í hreppsnefnd:

Jens Jónsson, Brandaskarði

Bragi Kárasen, Þverá

Signý Gunnlaugsdóttir, Balaskarði

Magnús Björnsson, Syðra-Hóli

Guðjón Ingimarsson, Hofi.

Varaoddviti: Valgeir Karlsson. Fulltrúi Skipulagsstofnunar á fundum ráðgjafa var Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

Umhverfismat áætlunarinnar.

Skv. lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, taka ákvæði þeirra til allra skipulagsáætlana.

Afgreiðsla:

Eftirtalin skipulagsgögn eru lögð fram vegna Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030:

Greinargerð: Stefna/landnotkun, -forsendur.	Umhverfisskýrsla.
Sveitarfélagsupphættur: Mkv. 1:50.000.	Fornleifaskrár, fylgiskjöl.

<i>1.1 Formáli</i>

Verður ritaður að lokinni auglýsingu skipulagstillögunnar.

F.h. hreppsnefndar Skagabyggðar, oddviti.

1.2. Um lög, reglugerðir og ýmsar áætlanir

Markmið skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru efnislega þannig í aðalatriðum, sbr. 1. gr.: Að sjá til þess að þróun byggðar og landnotkun í landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Stuðlað skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða. Tryggja skal varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma skal í veg fyrir umhverfisspöll og ofnýtingu. Sjálfbær þróun skal ávallt höfð að leiðarljósi. Tryggt skal réttaröryggi þegnanna, þótt hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi. Tryggja skal faglegan undirbúning mannvirkjagerðar.

Í 9. gr. laganna segir að allt landið sé skipulagsskylt, þar segir einnig m.a. : „Í skipulagáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl. Í samræmi við 1. gr. laga þessara.“ Í lögnum segir að í skipulagsreglugerð verði kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, þar segir m.a. : „Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdráttar, skipulagsskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.“

Meginatriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:

- Gildistími aðalskipulags skal minnst vera 12 ár, en er oftast 20 ár.
- Á minnst fjögurra ára fresti, að afloknum hreppsnefndarkosningum, skal endurskoða aðalskipulagstillögur ef forsendur hafa breyst. Þá skulu gerðar nauðsynlegar lagfæringar sem aðlagast nýjum hugmyndum. Ef tilefni er til skal gera nýja áætlun um aðalskipulag (endurskoðun).
- Á aðalskipulagsuppdrátti ber að sýna skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðar- og athafnasvæði, flugvelli og hafnarsvæði, verslun og þjónustu, opinberar byggingar, opin græn svæði, vegi, lagnir, o.s.frv. Jafnframt skal í meginatriðum sýna skiptingu landbúnaðarsvæða í viðkomandi sveitarfélagi.
- Greinargerð skal fylgja með viðkomandi uppdrátti, þegar aðalskipulag er gert, þar sem greint er frá forsendum, helstu sérkennum og aðstæðum, svo sem við á. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun.
- Landnotkun er eitt meginatriðið skipulagsgerðar, sem og skipting og tenging allra meginþátta sveitarfélagsins.
- Aðalskipulag er bindandi grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð, þannig að afmörkuð verkefni séu í samræmi við meginstefnu í þróun byggðarinnar. Aðalskipulag er því nokkurs konar trygging fyrir því að heildarmarkmiðum verði náð.
- Nauðsynlegt er að leita staðfestingar ráðherra á aðalskipulagi, og er það gert í samræmi við skipulags- og byggingarlög, þar sem 9. gr., 1. mgr., kveður svo á að öll mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfis skuli vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu, segir svo í **17. gr.** skipulags- og byggingarlaga: „Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélagi. Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en birta skal athugasemdir Skipulagsstofnunar.“

Í **18. gr.** sömu laga segir svo: „Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því með áberandi hætti. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykktur henni. Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.“

Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.-2. mgr. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 2. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.”

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga um auglýsingu aðalskipulagstillögunnar og heimild almennings til þess að hafa áhrif á skipulagsgerð eru mikilvæg. Almennir fundir á þess kost að gera skriflegar athugasemdir við áform hreppsnefndar við aðalskipulagstillöguna. Almennir fundir á viðkomandi svæði eru einnig nauðsynlegur þáttur í kynningu á skipulagshugmyndum og nauðsynlegt er að halda a.m.k. tvo slíka fundi. Fundirnir fjalli um drög að stefnumörkun og um drög að aðalskipulagi. Á þessum fundum á að gefast tækifæri til að ræða mismunandi lausnir og valkosti.

Megin tilgangur með Aðalskipulagi Skagabyggð 2010-2030 er eftirfarandi:

1. Að vera stefnumarkandi varðandi uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins.
2. Að koma fram með ábendingar um það hvernig auka megi fjölbreytni í atvinnulífi.
3. Að vera hjálpargagn hreppsnefndar við gerð fjárhagsáætlana.
4. Að tryggja að nýting landsvæða verði sem best og að skapað sé sem best umhverfi.

Áætlanir sem þarf að taka tillit til.

Við gerð aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 hefur þess verið gætt, í samræmi við matsáætlun, að skipulagsáætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem henni tengjast. Þær áætlanir sem um ræðir eru eftirfarandi hvað Skagabyggð varðar:

- **Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga.** Hér var þess gætt að aðalskipulagið væri í samræmi við stefnumið aðalskipulags nágrannasveitarfélaganna, hvað varðar þau atriði sem ná út fyrir sveitarfélagamörk og hafa áhrif á samgöngumál, veitur o.fl. Um er að ræða Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 og Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030, sem eru í lokavinnslu og Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021; í lokavinnslu.
- **Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá.** Í náttúruverndaráætluninni og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Skagabyggðar hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.
- **Fjarskiptaáætlun 2005-2010.** Í áætluninni er gert ráð fyrir að öflugar háhraðanets-tengingar muni standa öllum íbúum landsins til boða auk þess sem háhraðafarþjónusta skuli nást um allt land.
- **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020.** Aðalskipulag Skagabyggðar er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020* er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun.
- **Samgönguáætlun 2007-2018.** Skipulagið er í samræmi við stefnu núverandi samgönguáætlunar sem lögð var fyrir Alþingi 2006-2007 og er til ársins 2018.

1.3 Kortagrunnar og uppdrættir

Sveitarfélagsuppdráttur, sem nær yfir allt land sveitarfélagsins, er í mælikvarðanum 1:50.000. Í fyrstu var ætlunin að nýta kortagrunn frá Landmælingum Íslands, sem unninn var af kortablöðum í mkv. 1:50.000. Grunnur þessi er hinn sami og notaður var við Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. Síðar var ákveðið að fá nýjan stafrænn kortagrunn frá Loftmyndum ehf, eins og fram kemur í kafla 1.0. Ýmsir kostir voru við þennan nýja grunn, s.s. meiri nákvæmni og loftmyndir af öllu sveitarfélaginu fylgdu með grunnunum.

Teikniforrit við kortagerð og vinnslu aðalskipulags er MicroStation J -V8i. Hæðarlínubil á landnotkunaruppdrætti er 20 m.

Skýringauppdrættir eru í greinargerð. Gróðurkort er byggt á upplýsingum frá RALA. Einfaldað jarðfræðikort er unnið af jarðfræðingunum Hauki Jóhannessyni og Kristjáni Sæmundssyni.

1.4 Umsagnir og samráð -kynning

Umsagnir og samráð:

Í gr. 3.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, segir m.a.: „Séð skal til þess að skipulagstillögur og fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir séu aðgengilegar íbúum og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta.“

Vegna vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins var haft samráð við þá aðila, auk **Skipulagsstofnunar**, sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og viðeigandi er vegna aðalskipulags Skagabyggðar. Vegna þessa hefur greinargerð og uppdættir verið send til allra þessara aðila til kynningar á tillögunni.

Formlegir samráðsaðilar/ráðgjafar:

Samráð var haft við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (postur@lan.stjr.is) um landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum, sbr. jarðalög. Rétt er að benda á það að þegar landnotkun á bújörðum er breytt er nauðsynlegt að afskrá slík lönd sem landbúnaðarsvæði, sbr. **jarðalög** nr. 81/2004.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010, afgreitt hinn 10. maí 2010. Svar: Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu.

Samráð var haft við **Vegagerðina** um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga nr. 45/1994. Ennfremur er haft samráð við Vegagerðina vegna efnisnáma og efnisvinnslu.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010, afgreitt hinn 12. maí 2010. Svar: Ekki eru gerðar athugasemdir við framlagða tillögu.

Samráð var haft við **Fornleifavernd ríkisins** (fornleifavernd@fornleifavernd.is) um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001. Öll gögn um fornleifar í landinu skulu liggja fyrir hjá Fornleifavernd ríkisins. *Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010. Ekki svarað.*

Skipulagstillagan var send til **Umhverfisstofnunar** (ust@ust.is) og **Heilbrigðiseftirlits** Norðurlands vestra til umsagnar. Tekið skal tillit til reglugerða sem lúta að; (a) vörnum gegn mengun vatns og grunnvatns, (b) um fráveitur, skólp og varnir gegn mengun vatns vegna köfnunarefnissambanda frá landbúnaði, (c) um meðferð úrgangs og spilliefna, og (d) um hávaðamengun. Í 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 segir að leita skuli umsagnar til Umhverfisstofnunar vegna nýrrar aðalskipulagstillögu.

Sent til umsagnar Umhverfisstofnunar hinn 27. apríl 2010. Afgreitt hinn 20. september 2010, með eftirfarandi athugasemdum: „Umhverfisstofnun tekur undir stefnu sveitarfélagsins um hverfisverndun fimm svæða í sveitarfélaginu, og reglur þar að lútandi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skagabyggðar:

Umhverfisskýrsla. Í umhverfisskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu iðjuvers í landi Hafurstaða, þar sem nú eru ræktuð tún. Um er að ræða hugmyndir um uppbyggingu iðjuvers sem notar 15-20 milljónir kw/h á ári. Einnig kemur fram að hvorki gróðurannsóknir, athuganir vegna umhverfismála né aðrar grunnrannsóknir hafi farið fram. Þó kemur fram að gert er ráð fyrir mannvirkjum sem búast má við að verði all áberandi í umhverfi sínu, og að þess vegna þurfi að standa vel að hönnun og frágangi þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar er lítið vitað um væntanlegt iðjuver að svo komnu máli og vísar stofnunin umsögnum um væntanlegt iðjuver til seinni stiga, enda er samanburður á litlu iðjuveri og meðalstóru iðjuveri ásamt höfn nokkuð fálmkenndur. Umhverfisstofnun tekur undir að náttúrufarsleg röskun vegna byggingar meðalstórs iðjuver er meiri en ef byggt er lítið iðjuver.

Samanburður kosta. Í skipulagstillögunni er áætlun um að reisa höfn í landi Hafurstaða í tengslum við áætlað iðjuver. Umhverfisstofnun bendir á að stutt er í hafnir á Skagaströnd og Blönduósi og telur að í mati á hafnarsvæði ætti að koma fram samanburður á kostum og sá kostur hafður til samanburðar að iðjuver í Skagabyggð nýti nálægar hafnir, þá yrði ekki af þeirri röskun á strönd og nærliggjandi svæðum sem leiðir af hafnargerð í landi Hafurstaða.

Umsagnir og samráð. Í kafla um umsagnir og samráð kemur fram að samráð hafi verið haft við Umhverfisstofnun um náttúruvernd, flokkun strandsvæða og vatnasvæða. Slíkt samráð hefur ekki farið fram og á sá texti ekki heima í skipulagstillögunni. –Þetta hefur verið leiðrétt.

Skógrækt. Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagstillögur bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsuppdrátti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu. – Skógræktarverkefni í hreppnum hafa ekki hafist enn sem komið er, þótt tveir til þrír aðilar hyggist skoða þann möguleika. Reglur eru settar sem viðmið fyrir framtíðina.

Samráð var haft við **Náttúrustofu** og stofnunin fékk aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010. Ekki svarað.

Samráð var haft við **Veðurstofu Íslands** (mj@vedur.is) og **Almannavarnir** (almannavarnir@rls.is) um hættumat vegna snjóflóða og skriðufalla s.s. segir í lögum nr. 49/1997 sem fjalla um þessa gerð náttúruvár.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010. Ekki svarað.

Samráð var haft við **Rarik** (Landsnet) um þann texta greinargerðar er fjallar um dreifingu raforku. Stofnunin fékk einnig til umfjöllunar aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010. Ekki svarað. Rarik útvegaði skrá yfir hitaveitulögn til Skagastrandar.

Samráð var haft við **Siglingastofnun Íslands** (hg@sigling.is) um þann texta greinargerðar er fjallar um hafnir (bryggjur). Stofnunin fékk einnig til umfjöllunar aðalskipulagið í heild á lokastigi tillögugerðarinnar.

Sent til umsagnar hinn 27. apríl 2010, afgreitt hinn 5. maí 2010, með eftirfarandi athugasemdum: Bent var á að mikið ölduálag er við strönd í Skagabyggð. Eins og fram kemur í gögnum er áformað er að lengja sjóvarnargarða við Kálfshamarsvík og Víkur. Við skipulag mannvirkja nærri strönd í dreifbýli þarf að hafa í huga að fjarlægð frá sjávarkambi sé ekki minni en 100-150 m og við ákvörðun á lágmarks gólfhæðum húsa verið höfð hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spá um sjávarborðshækkun. Að öðru leyti kom ekkert fram sem gefur tilefni til athugasemda.

Samráð var haft við **Skógrækt ríkisins** (hallgrimur@skogur.is) um þann hluta greinargerðar er fjallar um skógrækt. Stofnunin fékk til umfjöllunar aðalskipulagið í heild í drögum tillögugerðarinnar.

Sent til umsagnar hinn 11. nóvember 2010, afgreitt hinn 22. nóvember 2010.

Skógrækt ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skagabyggðar:

- 1) Vekja mætti hvetjandi athygli bænda og landeigenda á ræktun skjólbelta og skjólskóga sem eru styrkt af Norðurlandsskógum og gætu verið atvinnuskapandi í Skagabyggð.
- 2) Vitnað er í texta Umhverfisstofnunar, vegna umsagnar, sem fjallar um skógrækt.
- 3) Bent er á að næstum ómögulegt sé að setja fyrirhugaða skógrækt á bújörðum inn á aðalskipulagsuppdrátt. Rétt sé við endurskoðun aðalskipulags að setja þau svæði inn á uppdrátt þar sem framkvæmdir við áætlunarbundna skógrækt hafa hafist á þeim tíma.

Skipulagstillagan var kynnt aðliggjandi **sveitarfélögum**: Sveitarfélaginu Skagafirði, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Blönduósbæ.

Skipulagstillagan fór til athugunar **Skipulagsstofnunar**, hinn 7. júní 2010, í tölvupósti (móttekið 21. september sama ár), samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Gerði stofnunin nokkrar athugasemdir, sbr. bréf dags. 18. október 2010, og eru þær helstu taldar hér upp og einnig greint frá því hvernig brugðist var við þeim.

- 1) Umhverfisstofnun: Athugasemdir hafa verið settar inn í greinargerð og brugðist við þeim.
- 2) Skógrækt ríkisins: Skipulagsáætlunin var sent þangað til umsagnar, HI.
- 3) Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu: Unnið er að því að fella skipulagsáætlunina úr gildi og hefur verið, við þá úrvinnslu, tilkynnt hver frávik eru á þessum tveimur skipulagsáætlunum.
- 4) Iðnaðar- og hafnarsvæði: Í greinargerð og í umhverfisskýrslu er leitast við að fjalla um allt það sem fyrir liggur um athuganir á þessu stigi mála varðandi fyrirhugað iðnaðar- og hafnarsvæði í landi Hafursstaða. Sveitarfélagið hefur ekki tök á því að standa að rannsóknum

eitt sér. Litið hefur verið svo á að forsendur fyrir frekari rannsóknum sem og annar undirbúningur þurfi að byggjast því að staðfest aðalskipulag liggi fyrir, þar sem gert er ráð fyrir þessari landnotkun. Sjá skipulagsreglugerð, kafla 4.7.

- 5) Sorpförgunarsvæði: Sorpförgunarsvæðinu í landi Neðri-Harrastaða verður lokað og þá verður það skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gerð var breyting á uppdrætti og í greinargerð.
- 6) Þjóðminjaverndarsvæði: Skýringaruppdráttur sem sýnir fornleifar sem rannsaka þarf betur er felldur niður. Kafli 1.5 mun fjalla um afgreiðslu skipulagstillögunnar og kemur því síðar.
- 7) Hverfisverndarsvæði: Lagfæring á litaröndum (auðkenni) á þeim fimm svæðum sem gert er ráð fyrir hverfisvernd. Bætt inn í greinargerð: Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð af sitjandi hreppsnefnd.
- 8) Efnistökusvæði: Liður nr. 5 í umfjöllun um markmið vegna efnistöku fellur niður. Í lið nr. 6 (nú liður 5) er bætt við umfjöllun um nauðsynlega efnistöku vegna iðnaðar- og hafnarsvæðis.
- 9) Landbúnaðarsvæði: Vegna frístundahúsa: Bætt við: Lögbýli sem er til staðar við staðfestingu aðalskipulagsins. Vegna Norðurlandsskóga: Þar segir, „Möguleikar skógræktar verði athugðir, ekki er um að ræða neitt skógræktarverkefni í hreppnum enn sem komið er. Reglur um skógrækt eru settar fram sem viðmið.“ Vegna ferðaþjónustu: Engin hótél eru staðfest í skipulagsáætluninni.
- 10) Önnur atriði, sem þarf að lagfæra eða skoða:
 - A. Kafli 4.7 er endurskoðaður, tilvitnanir í lagagreinar o.fl. er felld út.
 - B. Gögn sem verða staðfest og þau önnur sem eru lögð fram við auglýsingu tillögunnar eru aðgreind.
 - C. Tilvitnun í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 felld út (var á bls. 18).
 - D. Tímabil núverandi Náttúruverndaráætlunar leiðrétt.
 - E. Friðlýst svæði er ekki í Skagabyggð eins og reyndar sést annars staðar, leiðrétt í kafla 4.7.
 - F. Kafli 5.6.5 sem fjallar um ferðaþjónustu var lagfærður og dregið úr tölulegum upplýsingum.
 - G. Virkjanakostir miðast við smávirkjanir sem verði hluti af landbúnaðarsvæði.
 - H. Breytt staðsetning með nýjum oddvita, „að Örlygsstöðum 2“ felld út.
 - I. Vísað er til nýrra skipulags- og byggingarlaga er taka gildi hinn 1. janúar 2011 í kafla 8.1.
 - J. Lit á hafnarsvæði í landi Hafurstaða á aðalskipulagsuppdrætti hefur verið breytt.
 - K. Línubreiddir á svæðum á náttúru-minjaskrá hefur verið breytt til samræmis við tákn í skýringum á uppdrætti.

Umfjöllun vegna athugasemda Skipulagsstofnunar við Umhverfisskýrslu er fram sett í kafla 5.1 í þeirri skýrslu.

- 12) Niðurstaða: Hún er sú að unnið hefur verið úr öllum efnislegum athugasemdum sem fram hafa komið hjá Skipulagsstofnun. Einnig er miðað við að farið verði að öllum ábendingum um endanlegann frágang skipulagstillögunnar.

Athugasemdir umsagnaraðila voru allar teknar til skoðunar og leiðréttingar gerðar í samræmi við efni þeirra.

1.5 Afgreiðsla skipulagstillögunnar

2.0. Meginatriði stefnumörkunar

Stefnumörkun aðalskipulags Skagabyggðar, til ársins 2030, nær til atriða á sviði sveitarstjórnarmála sem varða skipulagsmál og ýmsa málaflokka sem áhrif hafa á þróun byggðar í sveitarfélaginu. Megin þættir aðalskipulagsins ná til landnotkunar, samgöngukerfa, umhverfis-, verndunar- og öryggismála.

Stofnmarkmið aðalskipulagsins eru :

◆ Umhverfis- og verndunarmál:

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við Ríó- samþykktina og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma.

Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og að ásýnd hans verði sem best.

◆ Efnistaka og námurekstur:

Öll efnistaka fari fram með skipulegum hætti og í samræmi við stefnu hreppsnefndar.

◆ Þróun byggðar:

Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að styrkja og efla í búsetu Skagabyggð.

Þjónusta við íbúana verði sú sem aðstæður leyfa.

◆ Atvinnumál:

Fjölga þyrfti atvinnutækifærum í Skagabyggð og þau þyrftu að verða fjölbreytilegri.

Unnið verði að undirbúningi uppbyggingar iðnaðar- og hafnarsvæðis í landi Hafursstaða.

◆ Ferðaþjónusta:

Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu. Viss samhæfing í rekstri ferðaþjónustu verði athuguð.

Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein.

◆ Landbúnaður:

Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðaþjónustu og hlunnindanýtingu.

◆ Neysluvatn:

Séð verði til að vatnsveitur (samveitur) skili nægu neysluvatni er uppfylli kröfur um gæði.

◆ Frárennslismál:

Áfram verði rotþróm komið fyrir þar sem þeirra er þörf.

◆ Samgöngur:

Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins.

Tengi- og héraðsvegir í Skagabyggð verði lagfærðir.

◆ Íþróttamál og útivist:

Skilyrði fyrir íþrótt- og félagslíf verði áfram fyrir hendi. Lögð verði áhersla á að kynna áhugaverðar gönguleiðir í Skagabyggð.

◆ Náttúruvá og öryggismál:

Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja sé ávallt horft til öryggis íbúana hvað varðar náttúruvá og annarrar hugsanlegrar hættu.

Nokkur grundvallaratriði er tengjast búsetu í Skagabyggð:

- Þar er fáménnt samfélag, þar sem allir þekkjast. Þetta hefur ýmis jákvæð áhrif.
- Möguleikar á búsetu þar velta á samstöðu allra íbúa hreppsins.
- Félagsstarf krefst virkrar þátttöku sem flestra íbúa.
- Svæðið býður upp á fjölda útivistarkosta enda er nálægð við lítt snortna náttúru víða að finna.

2.1. Önnur stefnumörkun- Landnotkun

Auk stofnmarkmiða Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 eru nokkur önnur markmið sett fram og lögð til grundvallar landnotkun og fleiri þátta.

Aðalskipulaginu er ætlað að marka stefnu sveitarfélagsins í ýmsum greinum og benda á ákveðin verkefni sem stuðla að þeim markmiðum. Ákvarðanir hreppsnefndar um breytta landnotkun eru staðfestar á sveitarfélagsuppráttum. Mikilvægt er að skilgreina hlutverk þeirra aðila sem ber að fjalla nánar um einstök markmið og loks að fylgja þeim eftir. Þessir aðilar geta verið hreppsnefnd, aðrir opinberir aðilar, einstaklingar og félagasamtök.

Stefnumótun og landnotkun er lýst í kafla 2 og á landnotkunarupprætti. Kafla 3 fjallar um umhverfismat aðalskipulagstillögunnar. Í þeim köflum greinargerðar þar sem forsendur og stöðumat koma til umfjöllunar (kaflar 4, 5, 6 og 7) má sjá, í nokkrum aðalatriðum, hverjar núverandi aðstæður eru í sveitarfélaginu. Leitast er við að vísa til þessara kafla og undirkafla þeirra í umfjöllun um stefnumótun og landnotkun eftir því sem nauðsyn krefur. Eftir atvikum er mörkuð stefna þeirra landnotkunarþátta á svæðinu sem fram koma í töflu nr. 1.

Svæði fyrir þjónustustofnanir (ÞS)	Hverfisvernd (HV)	Landbúnaðarsvæði (LS)
Verslunar-og þjónustusvæði (VP)	Efnistökusvæði (ES)	Vötn, ár og sjór
Iðnaðarsvæði (IS)	Vatnsverndarsvæði (VS)	Samgöngumannvirki
Náttúruvá, flóð og landbrot (NV)	Fríðlýstar fornleifar (PM)	Náttúruverndarsvæði (NMS)

Tafla nr. 1. Landnotkunarflokkar.

Heimild: Skipulagsreglugerð.

Í undirköflum hér á eftir eru landnotkunarflokkar skilgreindir eins og þeir koma fyrir á sveitarfélagsupprætti og þar er leitast við að greina nánar frá áhrifum stefnumörkunar sem rakin er í kaflanum. Í lok kaflans er birt tafla (nr. 2) sem sýnir helstu atriði landnotkunar, viðeigandi flokkun sem lögð er til grundvallar í aðalskipulagstillögunni. Í ýmsum tilfellum háttar svo til að litlar eða jafnvel engar breytingar verða í landnotkun innan einstakra efnisflokka þrátt fyrir að stefnumörkun hreppsnefndar nái til viðkomandi þátta. Til glöggvunar er þó getið þessara atriða, til þess að heildarmyndin liggi fyrir. Landbúnaðarsvæði er lang stærsti landnotkunarflokkurinn.

Tölusetningar vegna landnotkunar miðast við sveitarfélagsupprátt. Á upprætti er landnotkun í flestum tilfellum sýnd með hringtákn, ferningi eða þríhyrningi sem ræðst af mælikvarða uppráttar. Nánari afmörkun og skilgreining verður að koma fram í deiliskipulagi einstakra svæða.

Landnotkunaruppráttur

Sveitarfélagsuppráttur : Allt land hreppsins.

2.1.1 Umhverfis- og verndunarmál-Náttúruverndarsvæði

Náttúruverndarsvæði: Fríðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, fríðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúrumínjaskrá, sbr. 67. gr. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérilögum um verndun einstakra svæða.

Stofnmarkmið vegna umhverfis- og verndunar:

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við Ríó- samþykktina og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma lítið.

Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og að ásýnd hans verði sem best.

Önnur markmið, samkvæmt almennum lögum og reglugerðum

1. Í samræmi við alþjóðlega umræðu um þann umhverfisvanda sem blasir við jarðarbúum skal unnið að því markmiði að nálgast sem mest þá sjálfbæru þróun sem stuðlar að jafnvægi í náttúrunni. Efnahagsleg sjónarmið þurfa því ávallt að taka mið af þeim kostum sem náttúran býður uppá. Þetta er í samræmi við stefnu stjórnvalda og hefur Umhverfissráðuneytið forgöngu um stefnumótun á þessu sviði. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 eru m.a. lögð til grundvallar þessari stefnumótun.
2. Í 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“ Þetta verði leiðarljós í mannvirkjagerð.
3. Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er kveðið á um að eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi skuli njóta sérstakrar verndar og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er:

eldvörp, gerviggar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, sjávarfitjar og leirur.

Fyrirvari: Þar eð þessi náttúruferirbæri sem hér á undan eru talin eru ekki skrásett í aðalskipulagi þessu, og hafa ekki verið metin, skal í öllum tilfellum leita umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt á slíkum stöðum.

4. Umhverfisstofnun skal annast undirbúning að náttúruverndaráætlun, í samráði við til þess bæra aðila s.s. náttúruverndarnefndir í héraði, skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Fyrir liggur náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2014 sem samþykkt var á 130 löggjafarþingi. Slík áætlun skal unnin á fimm ára fresti og miðað er við að næsta áætlun taki gildi 2010.
5. Hollustuvernd ríkisins (UST) gaf út reglur um góða búskaparhætti, hinn 26. ágúst 2002. Þessar starfsreglur, sem tekið skal tillit til, hafa þann tilgang að draga sem mest úr mengun vegna ræktunar og búfjárhalds.

Önnur markmið, samkvæmt stefnu sveitarstjórnar

1. Við framkvæmd aðalskipulagsins 2010-2030 verði tekið tillit til umsagna Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar í héraði, svo sem lög gera ráð fyrir. Við gerð skipulagsáætlunarinnar var leitað eftir umsögn þessara aðila skv. 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Hugsanleg landslagsvernd verði skoðuð sérstaklega í tengslum við breytta landnotkun.
2. Verkefni framtíðar verður að vinna að frekari rannsóknum á gróður- og dýraríki í Skagabyggð og samræma heildargagnsafnið. Í framhaldi af því gæti farið fram frekari athugun varðandi staði sem hafa sérstaka þýðingu fyrir dýralíf og kannað hvaða staðir hafa gróðurfarslega sérstöðu. Í þessu sambandi má t.d. nefna fuglalíf og hins vegar fágætar plöntur, sem hopa fyrir ræktun og mannvirkjagerð.
3. Mikilvægt er að draga úr vexti minkastofnsins og halda refastofninum í skefjum.
4. Gera skal ráð fyrir aukinni þátttöku almennings í góðri umgengni við náttúruna, t.d. mun brátt koma að því að flokkun sorps verður eðlilegur hluti af daglegu lífi fólks.

Landnotkun

Þrjú svæði eru í hreppnum sem skilgreind eru „aðrar náttúruminjar“, þessi svæði eru á náttúru-minjaskrá (NMS-409), NMS-426 og NMS-427.

Sveitarfélagsupprættur:

Kálfshamarsvík á Skaga (NMS-409). (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum.

Rífsnes á Skaga (NMS-426). (1) Svæðið frá Landsenda (Skilnaðarhorni) að Selvíkurtanga. Til suðurs og austurs ræður þjóðvegur. (2) Fjölbreytt landslag með sjávarbjörgum, sjávarlönunum, tjörnum og jökulminjum ásamt menningarminjum.

Ásbúðnavatn, (Torfavatn og Þangskálavatn) á Skaga (NMS-427), Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður. (1) Strandlengja frá bænum Mánavík að Kelduvík ásamt sjávarlönunum. (2) Sjávarlön með miklu fuglalífi.

Svæði sem eru á náttúru-minjaskrá eða vernduð með öðrum hætti þarf að umgangast með varfærni. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúru-minjum sem eru á náttúru-minjaskrá, skv. 38. gr. laga nr. 44/1999. Svæðið verði nýtt til útivistar, merkt og gert aðgengilegt. Náttúru-minjum er nánar lýst í kafla 4.7.

Skýringar: Svæði á náttúru-minjaskrá (NMS) er afmarkað á landnotkunarupprætti með dökkum skálínum; -minni þéttleiki stríkalína heldur en þar sem um er að ræða friðlýst svæði (FLS). Svæði (409) er merkt á landnotkunarupprætti í samræmi við skráningarnúmer Náttúru-minjaskrár.

2.1.2. Fornminjar/Þjóðminjavernarsvæði

Þjóðminjavernarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Markmið vegna fornminja

1. Hreppsnæfnd þarf að taka afstöðu til tillagna um friðlýsingu fornminja og gefa samþykki sitt eftir atvikum. Ef þurfa þykir mun hreppsnæfnd leggja til tillögur um friðlýsingu fornleifa
2. Gerð verði áætlun um verndun fornleifa, sögumina og náttúru-minja. Með gerð nákvæmra jarðfræðikorta verður hægt að skrásetja náttúru-gersemar, vatnsból og vatnsvernd í sveitarfélaginu til lengri framtíðar. Sami fyrirvari gildi hér og segir til um í tl. 2.
3. Lögd er áhersla á góða umgengni við friðlýstar fornleifar og aðrar fornminjar. Sjá kafla 5.1.1.
4. Við gerð byggingar- og framkvæmdaáætlana skal gefa öllum þeim svæðum gaum sem kunna að hafa varðveislu- og náttúruverndargildi, burt séð frá fyrri ákvörðunum.

- Fylgst verði með því að eigendur mannvirkja, sem ákvæði þjóðminjalaga ná til, sinni þeirri skyldu að tilkynna minjavörðum og Húsfriðunarnefnd ríkisins, með fyrirvara, ef þeir hyggjast breyta húsi, flytja það eða rífa.
- Unnið er að skráningu örnefna í tölvutækan grunn. Stefnt er að því að skrá örnefni í öllu sveitarfélaginu.

Friðlýstar fornleifar eru á einum stað í Skagabyggð.

Sveitarfélagsuppráttur: Friðlýstar fornleifar (PM):

Hof. "Goðatóft", svo nefnd, í hallanum við Hofsá. Sbr. Kálund 1879-1882: 56. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 16.06.1931. (PM1).

Ákveðið var að hefja heildarskráningu á 60 bújörðum í Skagabyggð árið 2008. Búið var að skrá allar jarðir í byggð sumarið 2009. Sex skýrslur, sem lágu fyrir árið 2010, náðu yfir jarðirnar Höskuldsstaði, Syðra-Hól, Eyjatorfu, Ytri-Hól, Hof, Steinnýjarstaði, Tjörn, Hafnir, Kaldrana, Árbakka, Vindhæli, Njálstaði og Þverá í Norðurárdal.

Eyðibýli í sveitarfélaginu eru sýnd með flötum krossi, sjá einnig kafla 5.1.1 og 5.6.3.

2.1.3. Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögförmlaga friðun sé að ræða.

- Hreppsnefnd vill beita sér fyrir verndun, þar sem þörf er á, sem ákvörðuð er og framkvæmd heima fyrir og er á ábyrgð hreppsnefndar. Þar gæti hverfisverndun verið eðlilegur valkostur.

Í skipulagsáætlun hreppsnefndar er unnið í samræmi við sérstök ákvæði um hverfisvernd þar sem kveðið er á um verndun menningarsögulegra minja, náttúrufars og fleiri þátta. Hreppsnefnd hefur tekið ákvörðun um hverfisverndun á fimm stöðum. Nánari útfærsla á reglum fyrir hvert svæði fyrir sig mun verða unnið eftir að aðalskipulagstillagan hefur hlotið staðfestingu.

Landnotkun vegna hverfisverndar

Sveitarfélagsuppráttur:

Nr	Staður/svæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
HV1	Króksbjarg	Frá Króki að Fossá. 50-60 m hátt sjávarbjarg. Fuglalíf.	5 km á lengd
HV2	Kambadalstjörn	Lítil tjörn uppi í fjallshlíð í landi Árbakka. Jarðmyndanir.	1,0 ha
HV3	Vindhælistapi	Klettastapi við sjó í landi Vindhælis. Jarðmyndanir og menningarminjar.	3,0 ha
HV4	Hallárdalur	Fornminjar við fimm eyðijarðir. Menningarminjar.	564,0 ha
HV5	Laxá á Refasveit	Laxárgil frá sjó að Njálssstöðum. Jarðmyndanir.	5 km á lengd

REGLUR TIL VIÐMIÐUNAR VEGNA SAMÞYKKTAR UM HVERFISVERNDUN Í SKAGABYGGÐ:

- Vegum, göngu- og reiðleiðum um viðkomandi svæði verður haldið við.
- Gangandi fólk er heimil för um svæðin, eins og almennt gildir um önnur svæði, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum eða minjum.
- Hefðbundar nýttar lands á þessum svæðum eru leyfilegar, s.s. heyskapur, beit og önnur ræktun.
- Umferð hverskonar vélknúinna tækja er óheimil á svæðunum, nema vegna hefðbundinna nytja í landinu og vegna umsýslu og eftirlits.
- Mannvirkjagerð og hverskonar annað jarðrask annað en lagfæring vega eða göngu- og reiðleiða er óheimil.
- Lagning raflína eða annarra lína um svæðin er háð samþykki sveitarstjórnar.
- Umsjón með svæðunum er í höndum 3-5 manna nefndar, skipaðri af hreppsnefnd. Hlutverk hennar er að gera tillögur að skipulagi hvers svæðisins og um framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar og að fylgjast með að hefðbundnar nýttar lands samræmist friðun og útivist og að safna upplýsingum um náttúrufar svæðanna.
- Komi til breyting á nýtingu á hverfisverndarsvæði eða einhverjar nýframkvæmdir, þá verði unnið deiliskipulag af viðkomandi svæði.

Sjá kafla 4.7.1: Um hverfisvernd, þar er nánar fjallað um viðkomandi svæði.

Skýringar: Á upprætti eru hverfisverndarsvæði sýnd með láréttum ljósum línum.

2.1.4. Vatnsverndarsvæði

Markmið vegna vatnsverndar:

- Vatnsverndarsvæði verði afmörkuð umhverfis vatnsból og þarf aðrennslissvæði þeirra til brunnsvæðis að tryggja gæði vatns, hindra vatnsþurrð og koma í veg fyrir mengun. Þetta er verndun á svokölluðu nýttavatni,

- en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn. Vatnið er ætlað til manneldis og matvælagarðar, auk atvinnurekstrar og útflutnings. Til þess að tryggja þessa vernd eru skilgreindir í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. nr. 533/2001 eftirfarandi flokkun svæða: Brunnsvæði, grannsvæði og fjarvæði. Allir eru þessir flokkar jafn mikilvægir enda þótt mismunandi reglur gildi um umgengi þar.
2. Skilgreina þarf vatnsverndarsvæði þar sem um samveitu er að ræða (tvær veitur).
 3. Við afmörkun vatnsverndarsvæða skal tekið tillit til margra atriða, s.s. vatnafræðilegrar legu þeirra, mikilvægis þeirra og áhættu vegna mengunar. Afmörkunin getur verið erfið og þess vegna skulu mörkin vera nokkuð rúm. Ef efni standa til er hægt að aflétta friðun af vatnsverndarsvæði ef hennar er ekki þörf lengur.
 4. Vatnsinntök (brunnar) verði endurbyggðir og byrgðir þar sem þörf er á því.

Vatnsverndarsvæði (VS) fyrir samveitu er skilgreint samkvæmt tilteknum lögum og reglugerð. Sjá kafla 5.7.1. Tillaga um afmörkun vatnsverndarsvæða er staðfest á landnotkunarupprætti. Nú vinnur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra að athugun og skilgreiningu einkaveitna í hreppnum.

Landnotkun

Sveitarfélagsupprætti: Þrjú skilgreind vatnsverndarsvæði eru í Skagabyggð, það er vegna vatnsveitu Skagastrandar (VS1), vegna vatnsveitu Skagabúðar og Hofa (VS2) og vegna vatnsveitu Brekkubæja (VS3). -Sjá einnig kafla 2.4.1. og 5.7.1.

2.1.5. Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikunám. Um alla efnistöku gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

Stofnmarkmið vegna efnistöku:

Öll efnistaka fari fram með skipulegum hætti og í samræmi við stefnu hreppsnefndar.

Markmið vegna efnistökusvæða:

1. Þeir sem nú stunda efnisvinnslu er skylt að sækja um framkvæmdaleyfi.
2. Gera skal kröfur um sómasamlega umgengi við efnisvinnslu þar sem hún er stunduð, þannig að sem minnst umhverfisspjöll hljóti af. Þegar efnisvinnslu lýkur þarf að gera kröfur um góðan frágang á efnistöku-svæðinu. Varðandi efnisvinnslu ber að taka mið af IV. kafla og 48. gr. laganna um náttúruvernd nr. 44/1999.
3. Efnisvinnsla, á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum, hagkvæmi og framlögðu skipulagi á efnistöku sem taki til eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni.
4. Haft skal samráð við stjórnsýslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.
5. Stórar námur sem gert er ráð fyrir að verði lengi í notkun verði deiliskipulagðar, þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangsaðlögun. Þetta mun geta átt við námur sem nýttar verða við uppbyggingu iðnaðar- og hafnarvæðisins sem gert er ráð fyrir í skipulagstillögunni.
6. Eftir 1. júlí 2008 er stækkun náma sem starfræktar voru fyrir 1. júlí 1999 háð framkvæmdaleyfi ef áætluð efnistaka er umfram ákveðið hámark, sbr. IV. t. l. bráðabirgðaákvæða laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. Eftir 1. júlí 2012 er öll efnistaka á þessum svæðum framkvæmdaleyfis skyld.

Sveitarstjórn hefur ekki veitt formlegt framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í eftirtöldum námum enda eru þær allar litlar og einkum notaðar vegna vegagerðar á svæðinu. Efnistaka næstu árin ræðst einkum af því hvort Vegagerðin fæst til að endurbyggja og styrkja Skagaveg sem mikil þörf er á og einnig hvort fjármunir fást til sjóvarna. Fjöldi námanna er til hagræðis og sparnaðar fyrir Vegagerðina þar sem þá eru styttri akstursvegalengdir með efni.

Landnotkun vegna efnisnáma

Sveitarfélagslagsupprætti: Áætluð efnistaka árin 2010-2030 í rúmmetrum

Staður-Lnr	Gerð námu	Staða/notkun	Stærð	Nánari lýsing
Mánavík-ES1	Malarnáma	Í notkun	10.000	Vegagerðarefni
Víkur-ES2	Malarnáma	Í notkun	10.000	Vegagerðar- og fyllingarefni
Víkur-ES3	Grjótnáma	Í notkun	5.000	Sjóvarnarefni
Kaldrani-ES4	Malarnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni og steypufeni
Kaldrani-ES5	Malarnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni
Tjörn-ES6	Malarnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni
Saurar-ES7	Leirnáma	Í notkun	10.000	Vegagerðarefni
Kálfsámar-ES8	Malarnáma	Í notkun	30.000	Vegagerðarefni
Sviðningur-ES9	Malarnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni
Kurfur-ES10	Grjótnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðar og sjóvarnarefni
Hvammkot-ES11	Grjótnáma	Í notkun	30.000	Sjóvarnarefni

Staður-Lnr	Gerð námu	Staða/notkun	Stærð	Nánari lýsing
Skeggjastaðir-ES12	Malarnáma	Í notkun	30.000	Vegagerðarefni
Álfhóll-ES13	Leirnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni
Bakki/Kelduland-ES14	Malarnáma	Í notkun	20.000	Vegagerðarefni
Neðri-Harrastaðir ES15	Malarnáma	Í notkun	30.000	Vegagerðarefni
Vindhæli-ES16	Malarnáma	Í notkun	30.000	Vegagerðarefni
Hafursstaðir-ES17	Malarnáma	Í notkun	10.000	Steypu og fyllingarefni
Ytri – Hóll 2-ES18	Malarnáma	Í notkun	10.000	Vegagerðarefni
Höskuldsstaðir-ES19	Malarnáma	Í notkun	40.000	Vegagerðarefni
Þverá-ES20	Malarnáma	Í notkun	10.000	Vegagerðarefni
Mánaskál-ES21	Malarnáma	Í notkun	5.000	Vegagerðarefni
Kjalarland-ES22	Malarnáma	Í notkun	20.000	Vegagerðarefni
Tafla nr. 2. Námskrá í Skagabyggð.		<i>Heimild: SAH/Heimamenn</i>		

Ekki er gert ráð fyrir að opna varanlegar nýjar námur á skipulagstímabilinu. Sjá einnig kafla 2.1 og 3.0. og stutta umfjöllun um efnisnámur í kafla 4.2. Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna. Í kafla 3.0 koma fram þau ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum er snerta efnistöku. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun.

Skýringar: Á uppdrætti eru efnistökusvæði sýnd drapplituð.

2.1.6 Umhverfisáhrif vegna náttúru og verndarsvæða

Í Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 er lagt til að komið verði á hverfisvernd á fimm stöðum. Hverfisvernd verði sett á Króksbjarg (HV1), Kambadalstjörn (HV2), Vindhælisstapa (HV3), Hallárdal (HV4) og í meðfram Laxá í Refasveit (HV5). Stefnt er að því að ljúka flokkun vatnasvæða og strandsvæða á skipulagstímanum. Fyrirfram njóta þessir staðir ekki formlegrar verndar.

Stefna sveitarfélagsins er að styðja við uppbyggingu göngu- og reiðleiða í samræmi við aðstæður og verndarsjónarmið. Skráningu fornminja verður lokið árið 2011. Stuðlað verði að varðveislu annarra minja eftir því sem kostur er, sem m.a. rennir styrkari stöðum undir ferðapjónustu á svæðinu. Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulagsins sem snýr að náttúru og minjum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru. Umgengni við efnisnámur verði eigi síðri en verið hefur.

2.2 Þróun byggðar

Stofnmarkmið vegna þróunar byggðar:

Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að styrkja byggð í Skagabyggð.

Þjónusta við íbúana verði sú sem aðstæður leyfa.

Markmið aðalskipulagsins:

1. Stefnt er að eflingu Skagabyggðar eftir því sem kostur er á.
 2. Stefnt er að því að einhver fjölgun íbúa verði í hreppnum.
- Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir eiginlegri þéttingu byggðar í hreppnum, með uppbyggingu íbúðarsvæða. Mismunandi þéttleiki er í byggðinni í hreppnum og má segja að hann sé því meiri sem sunnar dregur. Sjá einnig kafla 2.3.4, 5.6.4 og 5.6.5 sem greina frá þjónustu og verslum á heild.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppdráttur: Hann sýnir núverandi landnotkun og þá sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

2.2.2 Umhverfisáhrif vegna samfélags og byggðar

Í Skagabyggð er ekki stefnt að uppbyggingu íbúðarsvæða eða þéttingar byggðar. Ekki er gert fyrir eiginlegum frístundasvæðum þótt einhvern stök frístundahús verði reist. Gert er ráð fyrir íbúðapróun sem verði í samræmi við landsmeðaltal. Sjá kafla 5 þar sem finna má umfjöllun um íbúðapróun og íbúðarhúsnæði. Opín svæði til sérstakra nota eru eingöngu kirkjugarðarnir tveir sem eru í Skagabyggð. Iðnaði er beint að stóru opnu svæði í landi Hafurstaða. Ekki er mikið landrými sem raskast vegna áætlaðrar þróunar og síst svæði sem hafa sérstakt verndargildi. Með uppbyggingu í sveitarfélaginu verður ekki mikil ásýndarbreyting og með kröfum um umgengni er komið í veg fyrir neikvæð áhrif. Stundum getur atvinnustarfsemi valdið íbúum óþægindum. Til að koma í veg fyrir slíkt er hægt að setja reglur. Auk þess getur verndarbelti sem afmarkar iðnaðarsvæðin komið í veg fyrir neikvæð áhrif.

Samfélag og byggð	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Iðnaðarsvæði	-/0	+	+

2.3 Atvinnumál -almennt**Stofnmarkmið vegna atvinnumála:**

Fjölga þyrfti atvinnutækifærum í Skagabyggð og þau þyrftu að verða fjölbreytilegri.

Önnur markmið vegna atvinnumála:

- Heimamenn standi saman að öflugri kynningu á svæðinu og samstarf verði haft við aðra aðila í atvinnurekstri og þá einkum í ferðapjónustu bæði í Austur-Húnavatnssýslu og annars staðar. Hreppsnefnd hafi vissa forgöngu um þessa samræmingu.
- Hreppsnefnd telur að mikilvægt sé að gert verði ráð fyrir því að mögulegt sé að byggja upp iðnaðarsvæði ef vænlegir kostir bjóðast.
- Möguleikar á nýtingu orku frá hugsanlegum (smá-) virkjunum verði rannsakaðir.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppráttur: Gott vegasamband er mjög til styrktar og forsenda fyrir frekari þróun. Sjá landnotkun í tengslum við einstakar atvinnugreinar í kafla 2.3.2 og 2.3.3.

2.3.1 Landbúnaður, landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðapjónustu og hlunnindanýtingu.

Markmið í landbúnaðarmálum:

1. Hefðbundinn landbúnaður verði eflur og búseta á jörðum tryggð með eflingu aukabúgreina til styrktar þess sem fyrir er. Viðhalda þarf landbúnaði sem fyrir er, enda undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu.
2. Möguleikar bændaskógræktar, nytja- og/eða skjólskógar, verði athugaðir, enda geta þeir verið atvinnuskapandi.
3. Möguleikar bleikjueldis verði athugaðir frekar.
4. Frekari möguleikar á nýtingu rekaviðs verði skoðaðir.
5. Stök frístundahús á landbúnaðarsvæðum eru heimiluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimilt er að reisa allt tvö frístundahús á bújörðum; þ.e. lögbýli sem er til staðar við staðfestingu aðalskipulagsins, sjá einnig stefnumörkun vegna svæða fyrir frístundabyggð í kafla 2.3.5.
6. Smáiðnaður, þ.e. hreinlegur iðnaður, handið- og þjónustustarfsemi, getur byggst á nýtingu mannvirkja sem fyrir eru, s.s. í fyrrum íbúðarhúsum eða gripahúsum.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppráttur: Meginhluti lands í Skagabyggð er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (LS). Í sveitarfélaginu er ekki um að ræða svæði sem skilgreint er *óbyggt svæði*.

Nýbyggingar eða viðbyggingar sem tengjast landbúnaðarstarfsemi á bújörðum eru ekki ákvarðaðar í aðalskipulagstillögunni. Þegar um er að ræða nýbyggingar þarf að leggja fram tiltekin gögn í samræmi við skipulagsreglugerð. Á landnotkunarupphættum er ábúð og megin landnýting sýnd.

Svæði sem nýtt eru fyrir móttöku á sorpi, með takmarkaðri landnotkun, eru tvö.

Stök orlofshús eða gistiskálar sem notuð eru sem hluti af ferðaþjónustu á bújörðum eru hluti af búrekstrinum og eru þá hluti af landbúnaðarsvæðum.

Forsendur fyrir byggingarleyfi vegna bygginga stakra íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum án tengsla við búrekstur eru:

1. Bygging allt að tveggja íbúðar- og frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið, en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir frístundabyggð.
2. Lóðarhafi/landeigandi skal leggja fram deiliskipulag með umsókn sinni um byggingarleyfi, sem sýnir staðsetningu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða..
3. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til nýta sem best sömu tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi Staðsetning lóðar (lóða) sé í sem bestu samræmi við aðra landnýtingu á jörðinni.
4. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.
5. Lágmarks fjarlægð frá íbúðarhúsi lóðar að húsum bújarðar eða næstu jarða skal helst vera 100 m.

Þar sem skipulagsáætlanir gera ráð fyrir skógrækt í tengslum við Norðurlandsskóga, sem er landshlutaáætlun á vegum landbúnaðarráðuneytisins, eru víðast settar tilteknar takmarkanir í trjáplöntun.

Takmarkanir nytjaskógræktar vegna umhverfissjónarmiða eru:

1. Tekið skal tillit til náttúru- og minjaverndarsvæða sem þekkt eru og finnast kunna, þó að ekki séu skrásett.
2. Við skógrækt nálægt sjó, vötnum og straumvötnum skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur og að skógrækt sé ekki nær vatni en 30 m. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín. Miðað sé við að skógrækt gangi ekki svo nærri bökkum straumvatna að hætta sé á að þau rífi tré með sér í vatnavöxtum. Þar sé einnig göngufært, sbr lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
3. Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi við 33. gr. vegalaga. Samkvæmt þeim má ekki staðsetja byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.
4. Skógi skal ekki plantað nær landamerkjum en 25 m, plöntun er óheimil nær fornminjum en 20 m, fjarlægð skógar frá veitulögnum skal minnst vera 25 m. Þessar takmarkanir eru einungis lágmörk og eiga ekki að ráða að öðru leyti.
5. Tilteknar skógræktaráætlanir 200 ha að stærð eða stærri er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, áður en til ræktunar kemur, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/00. Skógræktaráætlanir á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og sama gildir um ruðning á náttúrulegum skógi vegna nytjaskógar. Skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld ef hún fellur undir ákvæði um tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.
6. Plötnuval og útplöntun taki mið af náttúrufari og landslagi. Hafa skal í huga 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem fjallar um jarðmyndanir og vistkerfi. Sjá kafla 2.2.1.

Ferðaþjónusta á landbúnaðarsvæði:

Heimilt er að starfrækja ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum, s.s. gistingu og greiðasölu. Nýting húsakosts sem fyrir er á býlum er heimilaður fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili, smáhýsi og byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

Í könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun kom fram svörun sem varðar nýbyggingar og fleiri framkvæmdir. Sjá kafla 7.0.

Skýringar: Á landnotkunarupphætti eru landbúnaðarsvæði sýnd með ljósmosagrænum lit.

2.3.2. Iðnaðarsvæði/Hafnarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Unnið verði að undirbúningi uppbyggingar iðnaðar- og hafnarsvæðis í landi Hafursstaða.

Í Skagabyggð er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði 50 ha að stærð í landi Hafursstaða (I-1). Þar er miðað við að byggður verði iðnaður með nokkurri orkuþörf. Jafnframt er þá gengið út frá að byggð verði höfn. Lítið hefur verið rannsakað á þessu svæði, en það er nefnt, m.t.t. hafnargerðar í skýrslu frá Iðnaðarráðuneytinu: „Staðarval fyrir orkufrekan iðnað“, sem kom út árið 1983. Nákvæm staðsetning kemur þó ekki fram í skýrslunni. Landlýsing fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis: Landið er fremur flatt, hallar lítillega til sjávar. Grónir móar eru nær sjónum og þar er landið skurðað, lítillega, þegar fjær sjónum dregur er það rýrt melaland með þunnri gróðurþekju. Tún eru frekar lítil á þessu svæði. Íbúðarhús og útihús standa ekki í nálægð við afmarkað svæði.

Landnotkun sem flokkast iðnaðarsvæði**Sveitarfélagsuppráttur**

Nr	Iðnaðarsvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
I-1	Iðnaðarsvæði í landi Hafursstaða	Melar og mójarðvegur. Að hluta tún.	50,0 ha

Skýringar: Iðnaðarsvæði er táknað með dökkgráum lit.

Samkvæmt athugunum Siglingastofnunar er heppilegast að vera með hafnarsvæðið norðar en gert var ráð fyrir í Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, þ.e. á milli Hallár og Eyjareyjar (HS1). Svæði með ströndinni sunnan Hallár var dýptarmælt í febrúar 2006 og gerð voru frumdrög að höfn á því svæði. Þetta er í landi Hafursstaða og með þessu er gert ráð fyrir iðnaðarlóð á svæði suður frá höfninni. Farið var í þessa vinnu að ósk Iðnaðarnefndar Austur Húnavatnssýslu. Iðnaðarnefndin skilaði skýrslu um málið. Að mati Siglingastofnunar eru aðstæður þarna frekar hagstæðar til að byggja stórskiphöfn, kannski nr. 2 eða 3 í röðinni miðað við aðra staði á Norðurlandi.

Við skipulag mannvirkja nærri strönd í dreifbýli þarf að hafa í huga að fjarlægð frá sjávarkambi sé ekki minni en 100-150 m og við ákvörðun á lágmarks gólfhæðum húsa verið höfð hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spá um sjávarborðshækkun.

Landnotkun sem flokkast hafnarsvæði**Sveitarfélagsuppráttur**

Nr	Hafnarsvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
HS1	Hafnarsvæði í landi Hafursstaða	Hafursstaðavík og ströndin upp af víkinni	5 ha

Skýringar: Hafnarsvæði er táknað með blágráum lit. Sjá einnig kafla 5.8.5 um hafnir, kafla 2.4.1 um vatnsveitu og kafla 2.4.4 um fráveitu.

2.3.3. Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, þ.á.m. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Stofnmarkmið vegna verslunar og þjónustu

Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu. Viss samhæfing í rekstri ferðaþjónustu verði athuguð.

Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein.

Markmið vegna verslunar- og þjónustusvæða:

1. Stefnt er að því að gera svæði sem ætluð eru til almennrar þjónustu aðlaðandi á skipulagstímabilinu.
2. Þjónustusvæðin verði mótuð með skýrum og áhugaverðum hætti.
3. Gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum mannvirkja í þeirri starfsemi sem fyrir er, þó er ekki gert ráð fyrir stækkun þessara svæða.

Verslun verður að líkindum eingöngu sótt út fyrir Skagabyggð á skipulagstímabilinu.

Markmið vegna ferðaþjónustu:

1. Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu í Skagabyggð bæði sem aukabúgreinar á bújörðum og sem sjálfstæðum rekstri, með aukinni umsetningu.
2. Ferðaþjónusta verði byggð á þeim forsendum sem fyrir eru, m.t.t. menningar og náttúrufars.
3. Tryggt verði gott aðgengi að ferðamannastöðum.
4. Veðiðvötn verði gerð aðgengilegri og athugaður verði grundvöllur á uppbyggingu veiðihúsa.
5. Samræming verði aukin í almenntri upplýsingamiðlun og markaðssetningu ferðaþjónustunnar.
6. Hvatt er til samstarfs hreppsins og landeigenda um bættu merkingu og aðgengi að sögustöðum
7. Svæði sem bjóða upp á sérstætt náttúrufar verði kynnt sem hluti af afþreyingu, svo sem svæði sem eru á náttúruminjaskrá (NMS-409), (NMS-426) og (NMS-427). Þá skal tekið tillit til þess að um vissa verndun er að ræða. Gott væri að þetta svæði yrði merkt fyrir árið 2011, til upplýsingar fyrir heimamenn og ferðamenn.
8. Æskilegt væri að dvöl í frístundahúsum verði ríkari þáttur í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Landnotkun sem flokkast verslun og þjónusta

Sveitarfélagsuppdráttur

Nr	Verslunar- og þjónustusvæði	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
VÞ-1	Skagabúð	Félagsheimili. Samkomuhald og veitingar.	3,0 ha
VÞ-2	Hafnir	Þjónusta við ferðamenn.	1,0 ha
VÞ-3	Hafurstaðir	Þjónusta við ferðamenn.	1,0 ha
VÞ-4	Kjalarland/Bláland	Þjónusta við ferðamenn.	1,0 ha
VÞ-5	Steinnýjarstaðir	Veitingasala og sala heimilisíðnaðar.	1,0 ha
VÞ-6	Skrapatunga	Þjónusta við ferðamenn.	1,0 ha
VÞ-7	Kálfsamarsvík	Þjónusta við ferðamenn. Útivistarsvæði.	3,0 ha

Skýringar: Verslunar- og þjónustusvæði er táknað með ljósgulum lit.

2.3.4. Frístundahús

Markmið vegna frístundahúsa:

1. Fjölgun frístundahúsa.
2. Heimilt er að byggja þrjú stök frístundahús á hverri bújörð í Skagabyggð, sjá einnig fyrsta tölulið og kafla 2.3.1; um landbúnaðarsvæði. Sjá einnig reglur hér síðar í kaflanum um forsendur fyrir byggingarleyfum.
3. Húsgerðir og lóðaskipan frístundahúsa þurfa að falla vel að landslagi.

Þegar um er að ræða nýja frístundabyggð, eða stækkun þeirra núverandi, skal gera deiliskipulag af hverju svæði fyrir sig og semja byggingar- og skipulagsskilmála áður en framkvæmdir verða leyfðar.

Ekki er gert ráð fyrir svæðum fyrir frístundabyggð í Skagabyggð. Í kafla 2.3.3 er m.a. greint frá landnotkun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Þar sem gert er ráð fyrir nýjum frístundahúsum er að jafnaði gert ráð fyrir fremur litlum lóðum, þ.e. 1000 til 2000 fm.

Stök frístundahús og veiðihús eru sýnd á landnotkunaruppdráttum, en eru þó ekki staðfest. Gerð er nánari grein fyrir þessum mannvirkjum í kafla nr. 5.6.6.

2.3.6 Umhverfisáhrif vegna atvinnamála

Lögð er áhersla á mikilvægi landbúnaðar í sveitarfélaginu og eflingu hans. Sérstök áhersla er lögð á góða umgengi í þessari atvinnugrein. Áform um uppbyggingu iðjuvers er óviss að flestu leyti, en hreppsnefnd Skagabyggðar styður þær athuganir sem fram þurfa að fara vegna þessara áforma. Líklegt er að iðjuverði miðist við töluverða orkunýtingu sem er til staðar á svæðinu. Fram kemur í Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 að gert sé ráð fyrir tiltölulega stóru iðnaðarsvæði. Uppbygging slíks svæðis gæti haft umtalsverð áhrif á efnahag í sveitarfélaginu, með viðvarandi aukinni eftirspurn eftir húsnæði og ýmis konar þjónustu.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Gætt verði sérstaklega að fella mannvirki vel að landslagi til þess að viðhalda einkennum og sérstöðu landslags á svæðinu.
- Krafa sé gerð um það að á hönnunar- og deiliskipulagsstigi að um samræmt heildarútlit verði að ræða. Þetta á við ásýnd, hlutfall grænna svæða, umhirðu, umgengi, sýnileika mannvirkja, litaval, landslagsmótun, skipulag umferðar og bílastæða o.fl.
- Á hönnunar- og deiliskipulagsstigi verði einnig gripið til áðgerða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist frá iðnaðarsvæði.

- Við val iðnaðarsvæðisins var lögð sérstök áhersla á að viðhalda sérstökum jarðmyndunum svæðisins. Utan við mörk þessa svæðis skuli framkvæmdir takmarkast við lagnir og aðkomuveg.

Atvinna	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Iðnaðarsvæði	-/0	+	+

2.4. Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í skipulagsreglugerð átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi. Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð.

2.4.1. Vatnsveita

Stofnmarkmið vegna vatnsveita

Séð verði til að vatnsveitur (samveitur) skili nægu neysluvatni er uppfylli kröfur um gæði.

Markmið vegna svæða fyrir frístundbyggð:

- Nákvæmari rannsóknir verði gerðar á vatnsbúskap í hreppnum og á gæðum vatns í samræmi við þarfir.
- Skoðaðir verði kostir þess að fleiri bæir sameinist um vatnsveitur og að vatnsverndarsvæði verði skilgreind í ríkari mæli heldur en nú er.
- Vatnasvæði verði flokkuð í sveitarfélaginu og sett verði viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar.

Landnotkun

Samveitur, þótt smáar séu í sniðum, eru hér skilgreindar tvær talsins. Skilgreining á samveitu er tenging við þrjú hús eða fleiri. Í aðalskipulaginu er gerð tillaga um vatnsverndarafmörkun þeirra.

Sveitarfélagsuppráttur:

Sameiginleg vatnsból og vatnsverndarsvæði eru samkvæmt skilgreiningu sem hér á undan greinir:

- Vegna Skagastrandarveitu (vatnsverndarsvæði).
- Vegna veitu á Hofi og Skagabúð.
- Vegna veitu á jörðunum: Kurfur, Örlýgsstaðir og Hlíð.

Sjá nánar um vatnsveitu í Skagabyggð í kafla 5.7.1. Skýringar: Svæði sem skilgreint er brunnsvæði er sýnt með dökkbláum lit en grunn- og fjarsvæði eru með misþéttum bláum skálínum.

2.4.2. Hitaveita/Upphitun húsa

Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í Skagabyggð, né heldur í nágrenni Skagastrandar. Þar hafa hús verið ýmist hituð með rafmagni eða olfu. Borað hefur verið eftir heitu vatni í landi Vindhælis og á 200 m dýpi fannst 27°C heitt vatn. Þar munu verða gerðar frekari rannsóknir.

Heitt vatn fer um stofnlögn til Blönduóss frá Reykjum. Athuguð hefur verið hagkvæmni þess að flytja heitt vatn frá Blönduósi til Skagastrandar. Nú er stefnt að því að leggja hitaveitulögn til Skagastrandar og munu þá nokkrar bújarðir sunnanvert í Skagabyggð fá miðlað heitu vatni. Sveitarstjórn telur mikilvægt að rannsóknir og leit að heitu vatni verði aukin á komandi árum í Skagabyggð.

Landnotkun

Gert ráð fyrir mannvirkjagerð vegna lagningu heitavatns og þar af leiðandi verður lagnalína staðfest á landnotkunaruppdrætti. Sjá kafla 4.2 og 5.7.2.

Skýringar: Lagnalína er merkt H í brotinni línu (jarðlögn). Upptök heitavatns eru sýnd á uppdráttum með bókstafnum H með hring utan um, þetta er einungis gert til upplýsingar án staðfestingar.

2.4.3. Rafveita

Markmið í raforkumálum:

- Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart virkjun vatnsorku og vindorku (smávirkjunum) í sveitarfélaginu þar sem hagkvæmni og aðstæður leyfa. Enda verði öllum skilyrðum laga og reglna um slíkar framkvæmdir fullnægt.

2. Virkjun vatnsorku gæti verðið samstarfsverkefni landeigenda, Iðnaðarráðuneytis og Orkusjóðs.
3. Kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu þriggja fasa rafkerfis í norðanverðri sveitinni.
4. Rafnlínur verði að jafnaði lagðar í jörðu þar sem hætta er á veðurskemmdum.
5. Rafnlínur valdi sem minnstum spjöllum á landbúnaðar- og verndarsvæðum sem og hinum óbyggðu svæðum.

Þriggja fasa rafmagnslína, með 33 kV, er í Skagabyggð sunnanverðri, þ.e. norður að Skagaströnd. Gert er ráð fyrir því að þegar hitaveita verði lögð til Skagastrandar fylgi henni rafmagnsjarðstrengur sem koma mun í stað loftlínu sem einnig er sýnd á ladnotkunarupprætti.

Virkjanakostir með uppsett rafafli allt að 200 kW teljast til smávirkjana og eru almennt heimilar á landbúnaðarsvæðum og þeim svæðum sem ekki njóta friðunarákvæða. Þar með eru þær ekki sérstaklega skilgreindir á upprætti. Slík smávirkjun er á Þverá.

Sjá nánari umfjöllun um rafveitumál í kafla nr. 5.7.3.

Skýringar: Stofnlína Rarik er táknuð með heilum línunum (loftlína) eða brotnum línunum (í jörð).

2.4.4. Fráveita

Stofnmarkmið vegna fráveitu

Áfram verði rotþróm komið fyrir þar sem þeirra er þörf.

Öll hús í Skagabyggð sem eru með frárennsli, sem þarf að hreinsa, eru tengd rótþróm. Hverjum húseigenda er skylt að hafa fullnægjandi fráveitukerfi frá húsi sínu eða þeim húsum sem hann hefur umsjón með. Engar stofnlagnir vegna fráveitu eru skilgreindar sem slíkar í hreppnum.

Markmið í fráveitumálum:

1. Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað hvert ár og losi á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru, eigendur rotþróa greiði holræsagjald til sveitarfélagsins er standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþrónna.
2. Stefnt verði að því að viðurkenndar rotþrær verði settar upp við ný íbúðarhús og frístundahús sem byggð verða.
3. Tímasett markmið verði sett um mat á viðtaka fráveitu, samkv. 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Landnotkun

Sveitarfélagsuppráttur: Svæði sem nýtt eru fyrir fráveitubúnað að vissri stærð, falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæðis. Slík samveita er ekki í Skagabyggð.

2.4.5. Sorpeyðing

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.

Sorpurðun í Skagabyggð hefur verið í landi Neðri-Harrastaða og var umgengni þar til fyrirmyndar.

Markmið vegna sorpeyðingar:

1. Stefnt er að því, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, að finna frambúðarlausn fyrir sorpförgun, þegar núverandi aðstaða er aflögð.
2. Lögð verði rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað.
3. Urðun lífræns úrgangs verði minkuð til muna.

Byggðasamlagið Norðurá, sem unnið hefur að úrlausn þessara mála á síðustu árum er í eigu sex sveitarfélaga.

Ákvörðun hefur nú verið tekin um það að hefja sorpurðun á 30 ha lóð í landi Sölvabakka í Blönduósbæ þegar hönnun og formlegum skilyrðum hefur verið fullnægt. Þá mun sorpurðun í landi Neðri-Harrastaða fljótlega leggjast af.

Sveitarfélagsuppráttur: Svæðið á Neðri-Harrastöðum, sem áður var sorpurðunarsvæði, er nú skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Sjá einnig kafla nr. 5.7.5. Á skýringarupprætti II eru sorpsöfnunarstaðir sýndir til skýringar.

2.5. Samgöngu- og fjarskiptamál -almennt

Undir flokkinn samgöngur falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstigar, flugvelli og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Skilgreiningar vega og helgunarsvæða eru í samræmi við vegalög. Skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða, eru í samræmi við lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Skilgreiningar hafna eru í samræmi við hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Stofnmarkmið vegna samgangna

Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins.

Tengi- og héraðsvegir í Skagabyggð verði lagfærðir.

2.5.1. Samgöngur á landi

Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðapjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein. Þetta þýðir að samgöngur munu þurfa að aukast og vægi vegapjónustu eykst.

Markmið í samgöngumálum:

Hreppsnefnd beiti sér fyrir:

1. Að tengivegurinn verði lagfærður verulega á skipulagstímabilinu.
2. Lagfæringar verði gerðar á héraðsvegum (að bújörðum) í sveitarfélaginu.
3. Að ferðamanna- og jaðarvegum í sveitarfélaginu verði komið inn á vegaáætlun.

Markmið Vegagerðarinnar eru m.a. þessi:

- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist.
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

Önnur markmið í samgöngumálum

- Snjómokstur og viðhald vega verði aukið.
- Vegagerðin sjái um og greiði kostnað við viðhald girðinga meðfram vegum.

Landnotkun

Lega stofn- og tengivega í Skagabyggð verður staðfest í aðalskipulagstillögunni og frátekið verður svæði þar sem gert er ráð fyrir síðari tíma vegagerð ef þörf er á. Fjarlægð mannvirkja frá vegum skal vera í samræmi við 32. gr. vegalaga. Samkvæmt þeim má ekki staðsetja byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, nær stofnvegi en 30 m frá miðlínu vegar og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.

Eftirfarandi stofn- og tengivegir eru staðfestir á Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030:

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
74	Skagastrandarvegur	Laxá á Refasveit	Hrafná	11,87	C1
744-1	Þverárfjallsvegur	Laxá á Refasveit	Þverá	6,47	C1
744-2	Þverárfjallsvegur	Þverá	Sýslumörk	4,08	C1

Tafla nr. 3. Stofnvegir í Skagabyggð

Heimild: Vegagerð ríkisins

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
745-1	Skagavegur	Hreppamörk v. Háagerði	Brekknavegur	6,46	C2
745-2	Skagavegur	Brekknavegur	Króksselsvegur	7,13	D
745-3	Skagavegur	Króksselsvegur	Hafnaá	13,22	D
745-4	Skagavegur	Hafnaá	Sýslumörk	11,72	D

Tafla nr. 4. Tengivegir í Skagabyggð

Heimild: Vegagerð ríkisins

Skýringar: Á skipulagsuppdráttum eru tengivegir og aðrir vegir (-til skýringar) með einfaldri línu, misþykkum. Sjá kafla 5.8.2, þar sem allir vegflokkar í Skagabyggð eru taldir upp.

2.5.2. Göngu- og reiðleiðir

Markmið vegna gönguleiða:

- Helstu gönguleiðir verði skilgreindar og sama gildi um áningastaði.

Landnotkun

Samkvæmt Aðalskipulagi Skagabyggðar er gert ráð fyrir að eftirfarandi göngu- og reiðleiðir verði staðfestar. Göngu- og reiðleiðir eru sýndar á **Sveitarfélagsupprætti**.

- GL-1.** Gönguleiðir um **Hallárdal**.
- GL-2.** Gönguleiðir um **Laxárdal**.
- GL-3.** Gönguleiðir í **Höfnum**.
- GL-4.** Gönguleiðir um **Laxárdal-Mjóadal-Gálgagil**.
- GL-5.** Gönguleiðir um **Spákonufell**. Gönguleiðin er að hluta til í Skagabyggð.
- GL-6.** Gönguleið frá **Steinnýjarstöðum**.

Gönguleiðir eru auðkenndar með svörtum punktalínum.

- RL-1.** **Gamli Þjóðvegurinn** yfir Þverárfjall, að hluta, og meðfram nýja veginum.
- HL-1.** Meðfram vegi nr. 74; Skagastrandarvegi og vegi nr. 745; Skagavegir.
- HL-2.** Um **Hallárdal**. Þar er jafntframt gert ráð fyrir gönguleið.

RL táknar stofnreiðleið en HL táknar héraðsreiðleið. Reiðleiðir eru auðkenndar með rauðum punktalínum.

Sjá kafla 5.8.3. þar er ítarlegri lýsing á göngu- og reiðleiðum sem staðfestar verða.

2.5.3. Fjarskipti

Önnur markmið vegna fjarskipta:

1. Fjarskiptasamband verði bætt í sveitarfélaginu. Þetta á við um gagnaflutningakerfi, tölvusamskipti, sjónvarp og farsímakerfi. Tryggja þarf gott fjarskiptasamband í sveitarfélaginu þannig að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og framþróun fjarvinnslu við nám og atvinnuþátttöku íbúa.
2. Möstur verði staðsett þar sem þau valda sem minnstum sjónrænum áhrifum.

Símalínur eru komnar í jörð í öllu sveitarfélaginu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á sviði fjarskipta á skipulagstímabilinu er útvíkkun í farsímaþjónustu.

Landnotkun

Sveitarfélagsupprættir: Fjarskiptamöstur og önnur áþekk mannvirki eru sýnd á upprætti. Fjarskiptamöstur eru nú á eftirfarandi stöðum:

1. Á Steinnýjarstaðfjalli (F-1), vegna GSM, Tetrakerfis og G3 kerfis.
2. Á Hvammshlíðarfjalli (F-2), vegna GSM.
3. Í hlíðinni ofan við Njálstaði (F-3), vegna GSM og sjónvarpssendis.
4. Á Kerlingarbjargi (F-4), vegna NMT og VHF.

Komi til þess að reist verði ný fjarskiptamannvirki á skipulagstímabilinu, sem ekki liggur fyrir nú, verða þau byggð í skilgreindu landbúnaðarsvæði. Skilgreint á upprætti með sérstöku tákni, sjá skýringar á landnotkunaruppráttum.

2.5.5. Umhverfisáhrif vegna grunnkerfa

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 varðandi vegi sneri að því að stuðla að öruggara samgöngukerfi með bætum vegum. Þetta bætir tengingu hinnar dreifðu byggðar, eflir og sameinar landbúnaðarsvæðið innan sveitarfélagsins. Áhrif stefnu Skagabyggðar sem koma fram í aðalskipulaginu eru líkleg til að hafa talsverð áhrif á umhverfi og samfélag. Bættar samgöngur milli landshluta annars vegar og innan hreppsins hins vegar mun styrkja Skagabyggð sem atvinnusvæði og efla sem eitt félagssvæði sem og auka umferðaöryggi. Áhrif uppbyggingar samgangna í hreppum hefur óveruleg neikvæð áhrif á jarðmyndanir, líffríki, landslag og landrymi en jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, öryggi, efnahag og orkunotkun.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Huga vel að hönnun og ásýnd samgöngumannvirkja þannig að framkvæmdir falli vel að landslagi.

- Huga vel að vali á efnisnámmum við framkvæmdir þannig að ekki gerist þörf á að opna nýjar námur á framkvæmdatíma.
- Tillagan styður það markmið að leitast verði við að háspennulínur og lagnir verði sem mest settar í jörðu, eins og kostur er.

Á heildina litið kemur stefnumörkun Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 sem snýr að hafnarsvæði fyrst og fremst til með að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, lífríki og ásýnd landslags. Stefnumörkun mun hafa jákvæð áhrif á samfélag og má þar helst nefna efnahag og félagslegt umhverfi.

Lagðar eru til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Huga vel að tilhögun og ásýnd hafnarmannvirkja. Við hönnun hafnarmannvirkja þarf m.a. að fylgja þeirri stefnu hreppsnefndar að framkvæmdin falli vel að landslagi.

Grunnkerfi	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Samfélag	Auðlindir
Vegir	0/-	+/-	0/-
Raflínur	-	+	-
Höfn	-	+	-/0

2.6. Þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Markmið aðalskipulagsins:

- Gert er ráð fyrir auknum safnareksri næstu árum og stuðlað verði að viðhaldi og varðveislu fornra minja í sveitarfélaginu.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi svæði stækki, þ.e. lóðir samkvæmt fasteignamati, en möguleiki er á því að byggingarmagn verði aukið.

Landnotkun vegna þjónustustofnana

Sveitarfélagsuppdráttur

Nr	Svæði f. þjónustustofnanir	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
ÞS1	Lóð félagsh Skagabúðar	Svæði sem býður uppá stækkunarmöguleika.	3,0 ha
ÞS2	Lóð Höskuldssstaðakirkju	Verður óbreytt.	1,0 ha
ÞS3	Lóð Hofskirkju	Verður óbreytt.	0,3 ha
ÞS4	Kálfshamarsviti	Verður óbreytt.	0,1 ha

Skýringar: Svæði fyrir þjónustustofnanir sveitarfélaga eru táknaðar með rauðgulum lit.

2.6.1. Skóla- og menntamál

Ungmennir á grunnskólaaldri úr Skagabyggð sækja flest Höfðaskóla á Skagaströnd.

Skagabyggð setur sér markmið um að árangur af skólastarfi sé metinn fyrir nemandann, foreldra, heimili og hreppinn.

Önnur markmið í menntamálum:

- Í skólanámskrá verði lögð áhersla á hópvinna, skapandi starf, markvissa málörvun og val á námsgreinum.
- Möguleikar á fjarnámi fyrir fullorðna eru í námsstofu samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Skagaströnd. Sú aðstaða hefur verið notuð af íbúum Skagabyggðar.

2.6.2. Menningarmál

Hreppsnefnd stuðli að eflingu menningarstarfsemi. Þetta verði m.a. tengt ferðaþjónustu eftir því sem við á og aðstæður leyfa hverju sinni. Sveitarfélagið er aðili að Menningarráði Norðurlands vestra.

- Menning er hluti lífsgæða.

- Skagabyggð mun leggja áherslu á að gera sögu og sérkenni sveitarfélagsins þekkt, m.a. með skipulagðri merkingu menningarminja og sögustaða.
- Samstarf verði við ferðaþjónustuaðila um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Unnið er að skráningu örnefna og fornminja í sveitarfélaginu.

2.6.3. Heilbrigðismál

Markmið í heilbrigðismálum:

Heilsuvernd og heimahjúkrun í hreppnum þarf að efla.

Landnotkun

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á landnotkun í Skagabyggð vegna heilbrigðismála. Sjá kafla 5.9.4.

2.6.4. Félagsþjónusta

Skagabyggð beiti sér fyrir heildstæðri félagsþjónustu eftir föngum og verður áfram aðili að byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga.

Önnur markmið í félagsþjónustu:

1. Hreppurinn tryggi öldruðum vist á hjúkrunarheimilum eða dvalarheimilum þegar á þarf að halda.
2. Engar áætlanir eru um uppbyggingu sérstofnana fyrir fatlaða í sveitarfélaginu en horft til stofnana fyrir fatlaða á Skagaströnd og Blönduósi.

Landnotkun

Sveitarfélagsupprættir: Félagsþjónusta mun ekki leiða af sér breytingu á landnotkun.

2.6.5. Opinber stjórnsýsla

Hreppsskrifstofa hefur verið á einkaheimili starfandi oddvita. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á almennri stjórnsýslu í sveitarfélaginu nema ný lagaákvæði komi til.

2.6.6. Kirkjur

Kirkjurnar eru tvær í Skagabyggð, á Höskuldsstöðum og Hofi.

Markmið í kirkjumálum:

Núverandi kirkjur mæta þörfum Skagabyggðar á skipulagstímabilinu.

Landnotkun

Sveitarfélagsupprættur: Lóð Höskuldsstaðakirkju er merkt (ÞS2) og Hofskirkju (ÞS3).

2.7. Félagslíf, íþróttir og útivist -Opin svæði til sérstara nota

Stofnmarkmið vegna félagsmála

Skilyrði fyrir íþrótt- og félagslíf verði áfram fyrir hendi. Lögð verði áhersla á að kynna áhugaverðar gönguleiðir í Skagabyggð.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skruðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skiðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Markmið í útivistarmálum:

- Að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytta útivistarkosti fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti þeirra.

Íþróttaaðstaða er ekki í Skagabyggð og er hún nú sótt til Skagastrandar.

Félagsheimili Skagabyggðar, Skagabúð, nýtist vel til mismunandi félagastarfsemi.

Landnotkun vegna opinna svæða til sérstakra nota**Sveitarfélagsuppdráttur:**

Nr	Opin svæði til sérst. nota	Lýsing svæðis	Stærð svæðis
OS1	Kirkjug við Hofskirkju	Umhverfis kirkjuna	0,2 ha
OS2	Kirkjug. Höskuldsstaðakirju	Umhverfis kirkjuna	0,4 ha

Skýringar: Opin svæði til sérstakra nota eru táknuð með dökkmosagrænum lit.

2.8. Náttúruvá/öryggismál

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hættu er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

Stofnmarkmið vegna öryggismála

Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja sé ávallt horft til öryggis íbúana hvað varðar náttúruvá og annarrar hugsanlegrar hættu.

Markmið vegna náttúruvár og öryggismála:

1. Meta skal hættu á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum.
2. Meta skal hættu sem fylgir ofviðri í Skagabyggð.
3. Mat á náttúruvá skal fyrst og fremst ná til svæða þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð. Sérstaklega skal hugað að mannvirkjum næst sjávarströndinni, m.t.t. landbrots.
4. Kröfur um hönnun bygginga, m.t.t. burðarþols, brunavarna og stöðugleika verði ávallt í fullu samræmi við ströngustu viðmiðanir laga, reglugerða og staðla (ÍST) sem við eiga.
5. Öryggis verði gætt við hönnun samgöngumannvirkja af allri gerð, þ.e. bílvega- og brúarmannvirkja.
6. Almennavarnir og sjúkraflytningar verði skipulögð með þeim hætti að þessir aðilar tryggi sem best öryggi íbúanna.
7. Norðurhluti Skagabyggðar er á virku jarðskjálftasvæði, í áhættuflokki frá 3. flokki (nyrst) og flokki 4. og 5. sunnar.



Mynd 1. Skipting lands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.

Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall, þjóðarskjals FS ENV 1998-1-1: 1994.

Ávallt verður tekið tillit til þátta sem lúta að náttúruvá og öryggismálum. Þetta á einkum við um vegagerð og staðarval fyrir frístundahús og skála utan byggðar. Þetta mun verða gert í aðalskipulaginu og kappkostað að forðast alla áhættu. Sjóvarnargarðar, sem eru á vegum Siglingastofnunar, hafa verið gerðir í Kálfshamarsvík og í Víkum á Skaga og þar liggja fyrir óskir um meiri sjóvarnir.

Landnotkun vegna náttúruvár**Sveitarfélagsuppdráttur:**

Nr	Svæði undir náttúruvá	Lýsing svæðis
NV1	Úr Tjarnarfjalli	Snjóflóð hafa fallið úr Tjarnarfjalli á veginn við Tjörn
NV2	Ofan Brekkubæja	Snjóflóð hafa fallið úr brekku ofan Brekkubæja
NV3	Innan við Skrapatungu	Skriður hafa fallið úr fjallinu innan við Skrapatungu
NV4	Sjóvarnargarðar í Víkum	Sjóvarnargarðar vegna landbrots eru í Víkum
NV5	Í Kálfshamarsvík	Sjóvarnargarðar vegna landbrots eru í Kálfshamarsvík

Sjá einnig kafla nr. 4.5 um flóð og kafla nr. 4.6 um jarðskjálfta.

Skýringar: Svæði undir náttúruvá eru sýnd á sveitarfélagsuppdráttum sem rauðar lóðréttar línur.

2.9. Niðurstaða umhverfismats

Áhrif Aðalskipulags Skagabyggðar er ekki talin hafa neikvæð áhrif samfélagið, en gert er ráð fyrir eflingu atvinnuvega. Sérstaklega er litið til uppbyggingar ferðaþjónustu og áforma um iðjuver. Skilgreining reiðvega og gönguleiða, ásamt hverfisverndarsvæða er ætlað að styðja vel við

uppbyggingu í ferðaþjónustu. Ætlunin er að efla atvinnu sem byggir á sérstöðu svæðisins og er miðað við að staða landbúnaðar verði sem sterkust. Í áætluninni er gert ráð fyrir bættum samgöngum og lögð sérstök áhersla á vegabætur í norðanverðum hreppnum. Með aðalskipulagstillögunni er leitast við að styrkja og efla sveitarfélagið á ýmsum sviðum en þó taka fullt tillit til umhverfissjónarmiða. Sjálfbær þróun er meðal meginmarkmiða í samræmi við 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á vöktunáætlun vegna umhverfisáhrifa við framfylgd aðalskipulagsins, nema til komi uppbygging iðjuvers í landi Hafursstaða. Sjá umhverfisskýrslu.

Sveitarfélagsuppdráttur			
Landnotkun	Svæði	Landnotkun	Svæði
Svæði á náttúruminjasrá		Friðlýstar fornminjar	
Kálfshamarsvík	NMS 409	Goðatóftir í landi Hofs	PM1
Rífsnes	NMS 426	Náttúruvá, snjóflóðahætta og skriður	
Ásbúðnavatn	NMS 427	Ofan Tjarnar, snjór	NV1
Landbúnaðarsvæði		Ofan Brekkubæja, snjór	NV2
Meginhluti Skagabyggðar	LS	Innan Skrapatungu	NV3
Efnistökusvæði		Sjóvargardar í Víkum, landbrot	NV4
Mánavík	ES1	Sjóvargardar í Kálfshamarsvík, landbrot	NV5
Víkur	ES2	Iðnaðarsvæði	
Víkur	ES3	Iðnaðarsvæði í landi Hafursstaða	I-1
Kaldrani	ES4	Svæði fyrir þjónustustofnanir	
Kaldrani	ES5	Félagsheimilið Skagabúð	PS1
Tjörn	ES6	Höskuldsstaðakirkja	PS2
Saurar	ES7	Hofskirkja	PS3
Kálfshamar	ES8	Kálfshamarsviti	PS4
Sviðningur	ES9	Verslunar- og þjónustusvæði	
Kurfur	ES10	Skagabúð	VP1
Hvammkot	ES11	Hafnir	VP2
Skeggjastaðir	ES12	Hafurstaðir	VP3
Álfhóll	ES13	Kjalarland/Bláland	VP4
Bakki/Kelduland	ES14	Steinnýjarstaðir	VP5
Neðri-Harrastaðir	ES15	Skrapatunga	VP6
Vindhæli	ES16	Í Kálfshamarsvík	VP7
Hafursstaðir	ES17	Vatnsverndarsvæði	
Ytri-Hóll 2	ES18	Vegna Skagastrandarveitu	VS1
Höskuldsstaðir	ES19	Skagabúð og Hof	VS2
Þverá	ES20	Brekkubæir	VS3
Mánaskál	ES21	Opin svæði til sérstakra nota	
Kjalarland	ES22	Kirkjugarður við Hofskirkju	OS1
Fjarskipti		Kirkjugarður við Höskuldsstaðarkirkju	OS2
Á Steinnýjarstaðafjalli	F-1	Hafnarsvæði	
Á Hvammshlíðarfjalli	F-2	Í landi Hafursstaða, vegna iðnaðarsvæðis.	HS1
Í hlíðinni ofan við Njálstaði	F-3	Hverfisverndarsvæði	
Á Kerlingarbjargi	F-4	Króksbjarg	HV1
Gönguleiðir		Kambadalstjörn	HV2
Um Hallárdal	GL-1	Vindhælisstapi	HV3
Laxárdalur	GL-2	Fornminjar í Hallárdal	HV4
Í Höfnum	GL-3	Laxá á Refasveit	HV5
Laxárdalur-Mjóidalur-Gálgagil	GL-4	Hafnarsvæði	
Spákonufell. Að hluta til í Skagabyggð	GL-5	Höfn í landi Hafursstaða	HS1
Frá Steinnýjarstöðum	GL-6	Stofn og tengivegir	
Reiðleiðir		Skagastrandarvegur	SV-74
Gamli þjóðvegurinn yfir Þverárfjall að hluta	SL-1	Þverárfjallsvegur	SV-744
Meðfram þjóðvegi nr. 74 og 745	HL-1	Skagavegur	TV-745
Um Hallárdal. Jafnframt gönguleið	HL-2		

Tafla nr. 5. Landnotkunartafla í Skagabyggð

Unnið: BenBjörnsson/Rafn Sigurbjörnsson

3.0. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat skipulagstillögunnar

Núverandi lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/00 tóku gildi í júní 2000. Breytingar sem gerðar voru á lögnum, nr. 74/24. maí 2005, tóku gildi 1. október 2005.

Í 1. gr. laganna segir efnislega að markmið þeirra sé, að tryggja að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs og sem hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Stuðlað sé að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Kynnt sé fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir kynntar vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/98 skal meta áhrif skipulagstillagna og einstakra markmiða þeirra á umhverfið, m.a. með því að bera saman mismunandi kosti. Lýsa skal þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar. Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfis-sjónarmiða. Gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið laganna nr. 106/2000, m.br. nr. 74/2005. Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið. Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

Í Skagabyggð hafa framkvæmdir ekki farið í umhverfismat samkvæmt eldri lögum né þeim yngri.

Í Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 fara eftirtaldar framkvæmdir í umhverfismat áður en til framkvæmda kemur:

- Um 2 km nýlagning á vegi nr. 74 í Skagabyggð, Skagastrandarvegi, milli Skagastrandar og Blönduóss, ef þessi framkvæmd verður ákveðin.
- Höfn og iðnaðarsvæði í landi Hafursstaða þurfa að fara í umhverfismat.
- Tilkynna aðrar framkvæmdir vegna vegagerðar með breyttri legu vegar. Í skipulagsáætlun þessari er ekki gert ráð fyrir neinum slíkum breytingum á stofn- eða tengivegum.

Sjóvarnir við Kálfshamarsvík og Víkur var tilkynningarskyld framkvæmd, samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og þurfti að leita meðmæla Skipulagsstofnunar, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða sömu laga.

Vegna efnistöku:

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka sem raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³, eða meiri, matskyld og sama gildir um fleiri en einn efnistökuastað sem ná samtals yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka sem raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³, eða meiri, tilkynningarskyld. Sama gildir um efnistöku þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná samtals yfir 25.000 m² svæði eða stærri og um efnistöku á verndarsvæðum

3.1 Samantekt umhverfisskýrslu

Í umhverfisskýrslu, sem birt er í sérstöku hefti, er fjallað um umhverfisáhrif iðjuvers og hafnar í landi Hafursstaða, skv. lögum um umhverfisáhrif áætlaða nr. 105/2006. Þessar framkvæmdir eru taldar hafa mest umhverfisáhrif af þeim framkvæmdum sem aðalskipulagið tekur til. Við samaburð valkosta var horft til: i) hagrænna og félagslegra þátta, ii) náttúrufarslegra þátta, iii) heilsu og öryggis og iv) náttúru- og menningarminja.

4.0 Náttúrufar

4.1 Staðhátta- og landslagslýsing

Húnaflói milli Stranda og Skaga er stærstur norðlenskra fjarða. Mesta breidd hans er í kringum 50 km milli Skaga og Krossaness. Hann er mjög misdjúpur og undirlendi að honum er mest að sunnanverðu. Talsverð fiskgengd er í flóanum og þar eru góð rækjumið. Hafíss gætir oft í Húnaflóa og stundum lóna stórir jakar þar sumarlangt. Þetta er bundið svokölluð hafistímabil, síðasta tímabil var vægt og stóð yfir tímabilið 1972 til 1991. Sjá einnig kafla 4.4.

Sýslumörkum er svo lýst: „Sýslumörk milli Skagafjarðar og Austur-Húnavatnssýslu eru frá Deildarhamri á utanverðum Skaga eins og landamerki milli Hrauns að austan og Ásbúðna og Mánavíkur að vestan segja til um, fram að merkjalínunum almenninga. Frá þeim punkti meðfram almenningi til Holdjúphóls. Þaðan bein lína í Þrívörðuhól. Frá Þrívörðuhól bein lína á stóran stein á norðausturenda vestara Þverfells. Þaðan bein lína í Miðá á móts við Melhól, sem rétt austan við ána vestur undan fremri Hraunhólum í Bjarnarfelli. Miðá ræður sýslumörkum frá þessum stað til upptaka þar sem hún fellur úr Þverárvötnum. Frá upptökum Miðár er bein lína í Klofasteinsvörðu á Merkjabungu sem er önnur bunga vestur frá Réttarfelli undir suðurenda Bjarnarfells. Þaðan bein lína í hæsta hnjúk á Sandfelli norðanverðu við Smjörskál sem er í norðaustanverðu Sandfelli. Frá merkjapunkti á Sandfelli ræður bein lína ofan hlíðina með moldarskurði til Skínandaskálarlækjar og með læknum til Engjalækjar. Þaðan bein lína í vörðu á há Pokafelli. Frá Pokafelli um Járhryggjarhaus suður á Ambáttardal á hól þann sem nefndur er Sjónarhóll.”

Landamerki jarðarinnar Núps eru eins og hér er lýst í merkjaskrá frá 1891: „Að vestan ræður Laxá landamerkjum. Að norðan ræður bein lína í vörðu sem hlaðin er austan megin Laxár neðst á skriðu þeirri sem fallið hefur úr svonefndu Tröllaskarði og þaðan til austurs um miðja Smörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerkin hið svo nefnda Illagil til vesturs eftir háskriðunni í vörðu við Laxá til austurs úr Illagilsbotninum réttlínis í Mjóadalsá.”

Skaginn á milli Húnaflóa og Skagafjarðar er um 50 km langur til norðurs frá Blönduósi og norður í Hafnabúðir. Skagabyggð er sveitarfélagið á vestanverðum Skaganum sem afmarkast að austan við sýslumörk Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu sem er í samræmi við ofangreinda sýslumarkalýsingu. Stefnt er að því að fara á sveitarfélagamörkin með staðsetningartæki til að sannreyna merkjapunkta. Eftir það verður hægt að draga merkjalínur réttar inn á kort. Sveitarfélagið Skagaströnd skiptir Skagabyggð í tvennt. Norðurhlutinn hét Skagahreppur en suðurhlutinn Vindhælishreppur fyrir sameininguna árið 2002. Þá sameinuðust þessir tveir hreppar undir nafni Skagabyggðar.

Hreppurinn er all landmikill eða um 490 ferkílómetrar. 493,7 ferkílómetrar samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands. Mörk Skagabyggðar að austan eru við Deildarhamar að norðan og þaðan til suðurs eftir sýslumörkum suður fyrir Þverárfjallsveg svo langt sem Hvammshlíðarland nær.

Laxá á Refasveit kemur úr Laxárdal hinum fremri sem gengur inn í landið austan við Langadalsfjall. Laxárdalur er grösugur dalur sem liggur samsíða Langadal. Laxá ræður sveitarfélagamörkum milli Skagabyggðar og Blönduóss. Sunnan Laxár er Refasveit í Blönduóssbæ. Frá Laxá að Króksbjargi heitir Skagaströnd. Þar er undirlendi mikið milli fjalls og fjöru og gott ræktunarlend. Nokkrir dalir liggja til austurs milli fjalla í Skagabyggð. Syðstur er Norðarárdalur. Um hann liggur Þverárfjallsvegur til Sauðárkróks. Norðar eru Brunnárdalur, Hallárdalur og Hrafnadalur. Hrafná ræður sveitarfélagamörkum milli Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Hallárdalur er núna í eyði en áður voru þar margir bæir og blómleg byggð. Skagaheiði er norðan og austan við Skagastrandarfjöll. Hún er flatlend með fjölda vatna. Þegar utar dregur á Skagann er landið nokkuð grýtt en þó gróðurvinjar inn á milli og sauðland gott.

Fjölbreytilegt landslag og náttúrufegurð eru einkennandi fyrir Skagabyggð.

Út af Hafnabúðum er stuðlabergssker, Hamborg, landfast um fjöru, þar austur af eru Kólkunes og Hjallanes. Kólkunes og Kólkusker eru talin vera kennd við Þorbjörn kólku sem þjóðsögur segja að róið hafi frá Hafnabúðum. Grímur Thomsen orti um hann kvæði sem byrjar svo:

„Á áttæringi einn hann réri,
ávallt sat á dýpstu miðum ”

Í Höfnum eru gamlir malarkambar, reglulega bogdregnir. Þar má sjá merki um hærri sjávarstöðu frá ísaldarlokum. Rekavatn, sem er allstórt stöðuvatn, er skammt neðan við túnið í Höfnum. Langur og

breiður grandí, nefndur Haginn, er á milli vatnsins og sjávar. Skammt norðan við Hafnir er eyðibýlið Kaldrani. Í Digramúla er Múlavatin. Þar segir þjóðsagan að veiðst hafi svokallaður öfuguggi.

Svæðið frá Tjarnarbrekku inn að Fossá heitir Nes. Kálfshamarsvík er í Nesjum. Á Kálfshamarsnesi er viti, hann var fyrst reistur árið 1913 en var endurbýggður árið 1939. Mjög sérkennilegt og fallegt stuðlaberg er í Kálfshamarsnesi sem talið er um 2 milljón ára gamalt. Laxá í Nesjum, vatnslítill á, verður til úr lækjum í Skagaheiði og rennur í gegnum Laxárvatn á leið sinni til sjávar hjá bænum Ösi.

Króksbjarg er nokkru norðan við Hof, en það er 40-50 m hátt bjarg við sjó og nær að Fossá sem fellur af 20 m háu standbergi í sjó fram. Gatklettur reis úr sjó skammt norðan við fossinn en er nú fallinn vegna ágangs sjávar. Norðan Fossár taka við Skriðbjarg, Bjargabjörg og Bakkar.

Skagaheiði hækkar nokkuð til suðurs en er að jafnaði láglend og votlend með gríðarmörgum vötnum og tjörnum. Víða er ágæt silungsveiði í vötnum en aðkoma að þeim er misjöfn þar sem ekki er akfært. Vegna lítilla grasnytja við ströndina var seljabúskapur algengur á Skagaheiði. Á gönguleiðum má víða sjá seljarústir.

Talsverð sjósókn var frá ýmsum bújörðum á Skaga fyrr á tímum.

4.2 Jarðfræði

Blágrýti er megin bergtegund í Skagabyggð. Gömul jarðlög eru ríkjandi í Skagabyggð, allt frá 3,3-8,0 milljón ára. Jarðlagastaflinn er að mestu samsettur úr basalthraunum sem runnið hafa út yfir mishæðalitið land, eitt út yfir annað. Oftast eru þunn svokölluð rauð millilög, en sums staðar eru þykkari setlagasyrpur. Þykkasti setlagabunkinn af þessu tagi í Austur-Húnavatnssýslu er í Refasveit og þaðan til norðurs. Hann tengist jarðlagabelti þar sem halli er óvenju mikill. Á Skaga eru víða grágrýtishraun og „dalFYllingar“ úr grágrýti og setbergi frá miðhluta ísaldar, 1-2 milljón ára.

„Á ysta hluta Skaga eru jökulsorfnar klappir og meðfram ströndinni eru malarkambar sem bera merki hárrar sjávarstöðu frá lokum ísaldar. Við Víkur og Hafnir eru fornir fjörukambar í 30-40 m hæð yfir sjávarmáli. Kálfshamarsvík skartar sérstökum stuðlabergsmyndunum og í Króksbjargi er sjávarberg og fossar.“ Við Laxá á Refasveit eru fallegar gangbrúkur og setlög. (Haukur Jóhannesson jarðfræðingur, 2002).

Leifar hlýskeyðahrauna er að finna norður á Skaga og yngst slíkra gosmyndana er Ketubruni sem talinn er innan við 800.000 ára gamall.

Digrimúli er grágrýtisás, um tveggja km breiður, austan við Hafnir. Þar er mjög grýtt svæði og erfitt yfirferðar. Um 1870 lét Árni Sigurðsson bóndi á Höfnum gera þar upphlaðinn reiðveg og var verstí kaflinn hellulagður.

Með kólnandi loftslagi og aukinni úrkomu hafa jöklar myndast, sem með miklu afrennsli, hafa haft veruleg áhrif á landmótunina. Á ísaldartímabilum jókst jökulfargið og olli sigi miðað við sjávarmál. Þessir jöklar dýpkuðu og breikkuðu dali og firði.

Landmótun í hreppnum er nú, í stórum dráttum, eins og jöklar síðasta ísaldarskeiðs skildu við það. Þeir hafa skilið eftir jökulruðning sem þekur berggrunninn á stórum svæðum, þetta er sá jarðvegsgrunnur sem hefur langmest flatarmál. Framburður jökulvatna hefur einnig haft áhrif á jarðvegsgrunninn. Jökulvötn hafa t.d. myndað malarhjalla sem víða má sjá, í fjallahlíðum og láglendi.

Á tiltölulega skömmum tíma hafa árnar síðar borið talsvert magn af mól og sandi, þá mynduðust malarhjallar á nokkrum stöðum.

Berghlaup og smájöklar hafa valdið vissum breytingum, enda skipta berghlaup tugum í Skagabyggð. Það sem orsakar þessi hlaup virðist vera einhvers konar spennan í jarðlögum, en ýmislegt er þó ókannað um orsakir berghlaupa. Þau skera sig yfirleitt nokkuð vel úr í landslaginu, hólótt og stógrýtt.

Fyrrum dalbotnajöklar finnast einnig á svæðinu, þeir voru talsvert mismunandi stórir á hverjum tíma, allt eftir hitastigi og úrkomu. Talið er að þeir hafi verið einna stærstir, á síðari öldum, í kringum 1900. Jökulruðningsgarðar eru til merkis um það.

Af lausum jarðlögum frá ísöld og síðar er allmikið í Skagabyggð. Norður á Skaga eru áberandi fornir malarkambar hver upp af öðrum, talið er að þeir séu um 11 þúsund ára gamlir. Af merkilegum jarðfræðilegum stöðum má nefna ysta hluta Skaga, þar sem finna má jökulsorfnar klappir og meðfram ströndinni eru fornir malarkambar.


Jarðvegsmyndun hefur síðan átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglendis á svæðinu, ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa. Jarðvegur er í daglegu tali kallaður mold, og er þar um að ræða fingerð berg efni sem borist hafa með árrennsli og áfoki á jarðvegsgrunninn. Þetta ásamt lífrænum leifum gróðurs og dýralífs mynda moldina (jarðvegin).

Jarðhiti

Nýtanleg hitavatnsorka í Skagabyggð hefur ekki fundist. Rannsóknir hafa verið gerðar í landi Vindhælis undir umsjón Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings. Boraðar hafa verið holur allt að 200 metra djúpar, sem mest hafa gefið 27°C heitt vatn. Áætlað er að halda þessum rannsóknum áfram. Í Hallárdal hefur fundist allt 20°C heitt vatn við borun.

Afrennsli af grónum og votlendum svæðum stuðlar að auknu efnainnihaldi, jafnara rennsli og hlýrra sumarmatni heldur en veðurfarsaðstæður gefa tilefni til. Þetta skapar góð skilyrði fyrir lífríki í ám, vötnum og lækjum.

Ekki hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir á vatnafari eða vatnsnýtingu í Skagabyggð. Kannanir vegna töku neysluvatns takmarkast að mestu við vatnsverndarsvæði Skagastrandar sem nær yfir allstórt svæði í Skagabyggð. Einnig hafa vatnssýni verið tekin til rannsóknar á kúabúum í Skagabyggð.



Mynd 2: Einfaldað jarðfræðikort. Heimild: Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson, 1998.

Almennt um jarðveg á Íslandi:

Að stærstum hluta er íslenskur jarðvegur svokölluð eldfjallajörð, sem er sérstök jarðvegsgerð sem myndast á eldfjallasvæðum jarðar (Andosol). Eitt einkenna eldfjallajarðar er mikil frjósemi jarðvegsins, lítil rúmþyngd, en einnig skortur á samloðun sem gerir jarðvegin viðkvæman fyrir roföflunum. Jarðvegur á Íslandi er um margt einstakur, og því veldur sambland áfoks frá auðnum og rofsvæðum og að móðurefni jarðvegsins eru að stærstum hluta gjóska. Jarðvegurinn veðrast

auðveldlega og þá myndast nýjar leirsteindir í jarðveginum, einkum allófan, sem er einkennissteind eldfjallajarðar, en einnig imógólít og ferrihýdrít. Þessar steindir móta eiginleika jarðvegsins ásamt lífrænum efnum sem safnast fyrir í jarðveginum. Þessir eiginleikar valda því að þúfnamyndun er mun víðar á Íslandi en annars staðar.

Í **búvísindum** er jarðvegur skilgreindur sem sá hluti jarðefnanna sem plöntur vaxa í og hægt er að vinna með tækjum. Almennari skilgreining, og sú sem hér er notuð, er að jarðvegurinn sé hin lausu og veðruðu jarðefni ásamt misniðurbrotnum lífrænum efnum sem liggja á berggrunninum eða föstu undirlagi. Jarðvegsmyndun hefur átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglendis ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa fyrir.

Jarðveg má flokka á ýmsa vegu, en hér er notuð einföld flokkun sem byggir að mestu á kornastærð og uppruna jarðvegsins. Flokkunin er eftirfarandi:

1. Mýrajarðvegur:	a) Flóar b) Hallamýrar c) Flæðimýrar
2. Móajarðvegur:	a) Fínkorna b) Sendinn
3. Sandjarðvegur:	a) Áreyrar b) Sandur
4. Grýttur jarðvegur:	a) Skriður b) Melar
5. Landsvæði án jarðvegs:	a) Fjalllendi b) Hraun c) Jöklar

Jarðvegsdýpi er mjög mismunandi, en algeng þykkt þess á Norðurlandi er 0,5 til 1,5 m yfirleitt mest inn til dala en minnkar út til skaganna. Helstu tegundum jarðvegs er skipt í eftirfarandi flokka:

1. Móajarðvegur; er víða, auðveldur í ræktun, hann er fremur rýr og áburðarfrekur.
2. Hlíðajarðvegur; oftast neðanvert í hlíðum, hann hentar vel til ræktunar.
3. Mýrajarðvegur; í lægðum á láglendi, yfirleitt fremur frjósamur.
4. Óshólmajarðvegur; líkur hlíðajarðvegi, mjög frjósamur, en erfiður í notkun.
5. Melar, sandar, klettur, skriður o.s.frv., eru ríkjandi jarðvegsgerðir ofan til í fjallshlíðum og víðar. Gróður getur oft tekið sér bólfestu í þessum jarðvegi, skriður geta t.d. verið mjög frjósamur jarðvegur.

Jarðvegur á búsvæðum í Skagabyggð er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og frjósamur sem fyrr segir, enda eru hinar frjósömu jarðvegsgerðir í miklum meirihluta, þ.e. hlíða- og mýrajarðvegur. Sumur sem stundum eru stutt koma í veg fyrir að full uppskera náist.

Uppblásturshætta er fremur lítil í sveitarfélaginu. Efnisinnihald jarðvegsins er töluvert mismunandi á svæðinu eftir jarðvegsflokkum sem ræðst talsvert af hæð yfir sjávarmáli.

Malar- og sandnámum, eða svokölluðum **efnistökusvæðum**, er skipt í tvo flokka, annars vegar tímabundið efnistökusvæði og hins vegar föst efnistökusvæði. Fyrri flokkurinn á stundum lítið erindi inná skipulagsuppdrátt vegna þess hve stutt þær námur eru opnar eða hve litlar þær eru. Algengast er að Vegagerðin notist við þessa gerð efnisnáma. Föst efnistökusvæði eru varanlegri og eru oft í notkun einn eða fleiri áratugi. Efnisnámið er þá yfirleitt unnið af bæjar- eða sveitarfélögum. Einnig þekkist að eigendur stjórni efnisnámi og selji framkvæmdaaðila.

Minni háttar námur, til einkanota á jörðum, teljast ekki með þeim námum sem áður hefur verið fjallað um.

Helstu efnisnámur í Skagabyggð eru taldar upp í kafla nr. 2.1.5. -Efnistökusvæði.

Vegna framkvæmda við efnistöku til vegagerðar þykir rétt að vísa til nýlegrar skýrslu : „*Námur-efnistaka og frágangur.*“ Skýrslan var gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

4.3 Lífríki

Náttúran er fjölbreytt í Skagabyggð. Gróður er gróskumeiri en ætla mætti á svæði svo norðarlega, enda þótt kaldir hafvindar blási á köflum. Dýralíf er mjög fjölskrúðugt, þetta á sérstaklega við um fugla, seli og ref. Ísbirnir eiga einnig til að skjóta upp kollinum á þessu svæði.

Gróðurfar:


Alls eru taldar um 460 tegundir háplantna á Íslandi.

Stórt samfelld vötlendisvæði er á norðanverðum Skaga. Sunnar er undirlendi grösugt, en uppp til fjalla skiptast á mýrar, flóar mosavaxin holt og kvistlendi. Skógar eru engir. Ræktað land er að mestu í nálægð við ströndina. Stórvaxin geitarskóf Hrossanaflí (*Umbilicaria arctica*), finnst á nokkrum stöðum á Skaga, t.d. í Digramúla. Hún er grábrún og fremur jafnlit á efra borði, en ljós og bleikleit á neðra borði, nema svört í kring um naflann. Hún vex einkum á stórum steinum eða klettum, einkum þar sem fuglar setjast tíðum. Hún getur orðið 10-12 sm í þvermál, þótt oftast sé hún minni.

Sá gróður á láglandi sem í upphafi búsetu í Skagabyggð hefur verið mest áberandi eru ýmsar grasategundir. Leifar þessa frumgróðurs sjást víða, enda margir afskekktir staðir í hreppnum. Undirgróður er mosi og fléttur, víða með blómgróðri inn á milli, en lyng er einnig víða að finna. Lyng og fjalldrapi hefur verið ríkjandi gróður ofanvert í fjöllum.

Umtalsverð breyting hefur átt sér stað með þúsund ára búsetu í landinu. Stundum hafa menn farið öfari gagnvart gróðri og lífríkinu.

Margt er ókannað í **flóru** á Skaga. Líklegt er talið er að um 300 tegundir blómplantna og byrkninga vaxi villtar á svæðinu, af mosum gætu verið um 250 tegundir og álíka margar tegundir af sveppum. Allmargar grastegundir finnast á svæðinu, bæði villtar og ræktaðar.



Mynd 3. Gróðurkort, unnið af Teiknistofunni Tjarnargötu 4, Reykjavík. Heimild: RALA.

Dýralíf:

Talsvert er um sel á Skaga sem nýta má til matar og skinnin til klæða. Í hafísárum og jafnvel í betra árferði hafa bjarndýr gengið á land á Skaga.

Heimildir um aðra flokka en spendýr, fugla og skordýr eru fremur litlar.

Helstu landspendýr (villt) eru hagamýs, refur og minkur. Hagamýs eru töluvert algengar víða á svæðinu, refur er algengur en minna er af mink. Refur er talinn valda talsverðum búsjífum í fuglalífi á svæðinu.

Á Íslandi verpa um 80 tegundir fugla (72 tegundir reglulegra varpfugla). Í Austur-Húnavatnssýslu eru taldar vera um 50 tegundir varpfugla. Fuglalíf er fjölskrúðugt á utanverðum Skaga þar sem er að finna gefandi votlendi, strandvötn, fjörur og grunnsævi. Vissar fuglategundir er staðbundnar í aðalatriðum í Króksbjargi-Kálfshamarsvík, s.s. fýll og rita. Við Langavatn er tegundaríkt fuglasvæði. Við strandvötnin, sem sum eru sjávarlón, og heiðarvötnin er mikið varp anda, himbrima, lóms og álftar. Nokkrar svokallaðar varpeyjar eru undan ströndinni og má í því sambandi nefna Landey og Eyjarey. Æðarfugl er víða algengur og að honum hlúð. Í fjörum er yfirleitt mikið fuglalíf, einkum kría, tjaldur og sandlóa. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir, einnig skógarþrestir og auðnutittlingar. Hrafnar og kjóar eru algengir en fátt er af smyrli og fálkum. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs sem veiddar eru á vissum árstímum. Aðstæður til fuglaskoðunar eru víða góðar á Skaga.

Skordýralíf er talið heldur í minna lagi á þessu svæði. Af köngulóm eru nokkrar tegundir sem og land- og vatnasniglum. Um önnur smádýr er lítið vitað.

Nokkuð er af bleikju og urriða í hinum stærri vatnsföllum og vötnum. Víða í lækjum er að finna smásilung og hornsíli, en hornsíli finnast einnig víða í tjörnum.

Stundum verður vart við furðulega fiska í fjörum á Skaga. Nokkra slíka fiska hefur rekið í fjörur, en einnig hefur fiskurinn veiðst hjá sjómönnum á fiskimiðum á Húnaflóa, en hefur þó aldrei komið lifandi úr hafi. Meðal þessara fiska er svokallaður langeðlufiskur (*aprimanus fistus*), sem er tiltölulega sjaldséður miðsjávarfiskur sem á venjulega heimkynni í öllu hlýrri sjó. Er fiskurinn á stærð við síld.

4.4 Veðurfar




Í stöðinni að Hrauni á Skaga hófust veðurathuganir árið 1942. Hún er mönnuð skeystastöð. Spásvæði stöðvarinnar eru Strandir og Norðurland vestra. Staðsetning stöðvarinnar er 66°06.770', 20°06.630' (66,1128, 20,1105) og er hún 3.0 m.y.s. Eigandi stöðvarinnar er Veðurstofa Íslands.

Almennt um veðurfar: Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er veðurfarsathugunum í Austur-Húnavatnssýslu mjög ábótavant. Veðurathuganir hafa þó farið fram á Hrauni á Skaga frá árinu 1955 og eru það einu samfelldu veðurathuganirnar í sýslunni. Mælingar fóru fram á Blönduósi á árunum 1927-1965, 1978-1979 og 1981-2003. Mælingar voru ekki samfelldar eins og fram kemur né gerðar á sama stað á hverjum tíma. Þá fóru veðurathuganir fram á Hjaltabakka á árunum 1967-1981. Þannig liggja þar ekki fyrir langtímameðaltöl hinna ýmsu veðurfarsþátta. Nú er kominn sjálfvirkur mælir á Blönduósi. Söfnun veðurfarupplýsinga hófst á Skagaströnd árið 2003.

Mjög æskilegt væra að efla veðurathuganir á svæðinu, sérstaklega hvað varðar hita-, úrkomu- og vindmælingar. Þessir þættir hafa mikil áhrif á afkomu í landbúnaði og ferðamennsku. Auk þess að hafa veruleg áhrif á samgöngumál. Landnotkun er háð veðurskilyrðum og er því að nokkru forsenda fyrir allri skipulagsgerð.

Úrkoma: Skagabyggð er meðal þeirra svæða á Íslandi þar sem úrkoma er minnst. Meðalársúrkoma á Blönduósi á árunum 1982 til 1991 var 480 mm og 487 á Hrauni. Þetta er tæplega helmingi minni úrkoma heldur en í Reykjavík á sam tímabili. Skortur á úrkomu getur háð gróðri á norðanverðum Skaga. Þar er yfirleitt einnig snjólétt á vetrum.

Hitafar: Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands er árshitinn á Blönduósi á árunum 1917-1980 um 2°C lægri heldur en í Reykjavík og tæplega 1°C lægri meðalhiti heldur en á Akureyri.



Mynd nr. 4. Niðurstöður vindathugana sem byggðar eru á eins árs mælingu frá sjálfvirkri veðurathugunarstöð á Skagastrandarhöfn. Heimild: Veðurstofan.

Vindar: Skaginn er nokkuð opinn fyrir norðlægum áttum. Á Hrauni eru norð-norðaustan- og vest-suðvestanáttir hvað sterkastar hvað vindhraða snertir. Nyrsti á Skaga, eða að Skagastrandarfjöllum, eru verstu veðrin oftast í norðaustanáttum, þótt oft verði hvasst í suðvestanátt. Sunnar í Skagabyggð er veðrasamast í austan- og norðanáttum.

Mengunarhætta: Í kyrru veðri kemur fyrir að fremur kalt loft er næst jörðu en hlýrra þegar hærra dregur. Við slíkar aðstæður og raunar einnig ef loft kólnar lítið upp á við berst reykur eða önnur mengunarefni ekki hátt upp heldur dreifast lárétt eða safnast á litlu svæði. Lyktar frá húsdýraáburði gætir tímabundið þegar borið er á tún og flög.

Við gerð svæðis- og aðalskipulags skulu skipulagsyfyrvöld hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og álit eftirlitsaðila, sbr. skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

Hafís: Norðlægar áttir við Húnaflóa eiga sinn þátt í því að halda hafís á þessu svæði þegar hann er nálægur. Hafís var alltiður við norðanvert landið fyrr á öldum. Á 19. öld er t.d. talið að komið hafi 12 mjög mikil hafísár eða áttunda hvert ár að jafnaði og 43 ár að auki voru ísár (1), þar af rúmlega helmingur talsverð eða mikil. Á síðustu öld hafa mjög mikil ísár við landið hins vegar aðeins verið tvö (1902 og 1968) sé miðað við sams konar skilgreiningu, en ísár að auki 26, flest lítil, nokkur talsverð og þrjú sem gætu kallast mikil. Hafísár á tuttugustu öldinni hafa einkum komið á tveimur tímasekíðum, annars vegar á tveimur fyrstu áratugum aldarinnar en hins vegar á árabílinu 1965-1971. Að öðru leyti var tímabilið 1919-1964 ýmist íslítið eða íslaust við landið. Eftir 1971 mætti að auki nefna talsvert ísaár 1979.

Á hafísárum hefur ís oftast rekið inn Húnaflóa og hann stundum legið þar langt fram á sumar. Engin úttekt hefur verið gerð svo vitað sé á ísafari á flóanum eða í fjörðum á svæðinu síðustu 100 ár enda er slíkt viðamikil og mjög tímafrekt verkefni, sem útheimtir mikla leit að heimildum og könnun þeirra.

Hafís rekur oftast inn á Húnaflóa á tímabilinu mars til apríl, alloft í febrúar og jafnvel í janúar og nokkur dæmi eru um að ís hafi rekið inn á fjörðinn fyrir áramót (t.d. frá 19. öld) (3). Talið er að ís sem kemur snemma vetrar sé sjaldan mikill og standi yfirleitt stutt við, sbr. máltækið „Sjaldan er mein að miðsvetrarís“, en frá því eru þó ýmsar harkalegar undantekningar á miklum ísaárum 19. aldar. Vorísinn er almennt talinn þaulsætnari enda hefur hann alloft verið á flóanum langt fram á sumar, jafnvel fram í byrjun september (1882). Fremur sjaldgæft er að hafís fylli Húnaflóa nema hann verði samfrosta með lagnaðarís.

4.5 Flóð

Ofanflóð eru nokkuð algeng á vissum svæðum í Skagabyggð og er þá sérstaklega um að ræða jarðvegsskriður og snjóflóð.

Ofanflóð eru flokkuð snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram.

Í annálum er getið snjóflóða sem valdið hafa tjóni á mönnum, mannvirkjum og búfénaði, en þau eru þó ekki algeng í Skagabyggð.

Eins og kemur fram í umfjöllun um jarðfræði svæðisins hafa berghlaupin flest fallið skömmu eftir ísöld og ekki er vitað með vissu um að berghlaup hafi fallið í Skagabyggð eftir landnám, þannig að þau skapa ekki beina hættu.

Í bókaflokknum "**Skriðuföll og snjóflóð**" er nokkuð ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar ná og allt til árána 1990 og 1991, útgáfuár bókanna er 1992. Frá útgáfu bókanna (1990 og 1991) greinir frá nokkrum ofanflóðum sem Halldór G. Pétursson jarðfræðingur hefur skrásett allt til ársins 1997.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar er nauðsynlegt að kynna sér enn frekar einstök svæði vegna skipulagstillagna, s.s. vegna frístundabyggðar, vegagerðar, útivistarsvæða eða annarrar landnotkunar.

Hér á eftir er greint frá nokkrum af þeim **snjóflóðum ásamt skriðuföllum og því grjóthruni**, sem fallið hefur í Skagabyggð frá landnámi til ársins 2001. Stuðst er við heimildir úr áður nefndum bókaflokki.

Það ber að taka skýrt fram að hér er eingöngu um að ræða upptalningu skráðra atburða. Ekki liggja neinar vísindalegar úttektir fyrir varðandi einstök atriði og þar af síður hefur verið unnið lögformlegt hættumat á viðkomandi stöðum.

Vísað er til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, og enn fremur til reglugerðar nr. 647/1997 sem fjallar um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Loks skal bent á reglugerð nr. 163/1998, sem tekur á meðferð skipulagstillagna og veitingu byggingarleyfa í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Þar sem fyrir liggja niðurstöður Veðurstofu Íslands um hættumat vegna ofanflóða skulu þær birtar sem fylgiskjal með skipulagsáætlun.

Snjóflóð:

1914. Snjóflóð féll úr öxl í Skrapatungu og olli manntjóni. Unglingspiltur dó, en annar sem varð fyrir flóðinu lifði af.

Skriður og grjóthlaup:

1770. Húnvetnskur annáll segir að víða hafi orðið mikill skaði vegna vatnavaxta. Þetta olli skriðum sem skemmdu tún og engi.

1819. Mikið veður gerði á Skagaströnd, einkum í Hallárdal. Þar féllu skriður víða og hey tapaðist.

1857. Ungur maður frá Kleif varð fyrir grjóthruni og beið bana af því.

Í greinargerð Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 (SAH) koma fram eftitaldir atburðir, þar sem flóð og skriðuföll eiga í hlut:

- „1) Skriður hafa fallið úr fjallinu innan við Skrapatungu.”
- „2) Snjóflóð hafa fallið úr Brekku fyrir ofan svokallaða Brekkubæi og einnig úr Tjarnarfjalli á Skagaveg við bæinn Tjörn.”

Landbrot við sjávarströndina eru víða í Skagabyggð. Byggðir hafa verið sjóvarnargarðar til varnar mannvirkjum í Víkum vegna útihúsa, um 110 m langur, og í Kálfshamarsvík, til varnar vegi og til að verja eiðið út í vitann. Ákveðið hefur verið að færa varnargarðana nokkuð út, þ.e. stækka þá, til frekari varnar. Nauðsynlegt er að rannsaka landbrot víðar í sveitarfélaginu, s.s. í landi Árbakka, sunnan hafnarinnar á Skagaströnd.

Það er ljóst að gera þyrfti nánari könnun og skrá ofanflóðahættu á svæðinu, sbr. lög nr. 49/1997, sem fjalla um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

4.6 Jarðskjálftar

Jarðskjálftahætta er fyrir hendi í norðanverðri Skagabyggð enda liggur eitt af megin jarðskjálftasvæðum landsins skammt frá mörkum sveitarfélagsins.

Norðurhluti Skagabyggðar er á því svæði þar sem gera má ráð fyrir stórum jarðskjálftum einu sinni til tvisvar á öld. Þessi svæði flokkast undir álagssvæði 3, 4 og 5 (minnst áhætta í flokki 5). Í mestu skjálftum, t.d. 6-7 á Richter kvarða.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn **EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures**, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali **FS ENV 1998-1-1:1994** er Skagabyggð á hönnunarhraðasvæðum 0,2g, 0,15g og 0,1g.

4.7 Náttúruminjar

Umhverfismál og verndun náttúrunnar verða enn mikilvægari í framtíðinni. Á síðari árum hefur umræða farið vaxandi og gripið hefur verið til vissara aðgerða.

Rannsóknir á náttúru Íslands eru mjög misjafnlega langt á veg komnar og ennþá eru víðáttumikil svæði að miklu leyti ókönnuð. Á forgangslista eru oft þau svæði sem þéttbýlust eru eða í nálægð þeirra. Þetta á einnig við um þau svæði sem minjar er að finna, gert er ráð fyrir frístundabyggð eða bændaskógrækt er fyrirhuguð. Tiltölulega lítið hefur verið kannað af náttúrufari í Skagabyggð, sérstaklega norðanvert í hreppnum, enda byggðin þar strjál en sunnan Skagastrandar.

Lög sem ná til verndunar íslenskrar náttúru tóku fyrst gildi árið 1971, lög in voru endurskoðuð árið 1999. Megintilgangur laganna er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að ekki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi Náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um öflun gagna vegna viðbóta og undirbúnings heildarútgáfu náttúruminjaskrár. Sjöunda útgáfa náttúruminjaskrár sem síðast var gefin út af Náttúruverndarráði árið 1996 kveður á um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Í samræmi við lög um náttúruvernd skal umhverfisráðherra gefa út Náttúruminjaskrá fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Á Náttúruminjaskrá eru svæði, 402 talsins í landinu öllu, sem ekki eru friðlýst enn sem komið er, en hafa til að bera eitthvað sem er mikils virði og verður ekki bætt sé því raskað. Náttúruminjaskrá er ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum og að vera grundvöllur að viðræðum við réttihafa um þessi efni. Skráin á einnig að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands. Á náttúruminjaskrá eru upplýsingar um stærð og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig.

Í Skagabyggð eru, samkvæmt lögum um náttúruvernd, þrjú svæði á náttúruminjaskrá:

Nr. 409. **Kálfshamarsvík**, (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum.

Nr. 426. **Rífsnes**, (1) Svæðið frá Landsenda (Skilnaðarhorni) að Selvíkurtanga. Til suðurs og austurs ræður þjóðvegur. (2) Fjölbreytt landslag með sjávarbjörgum, sjávarlönnum, tjörnum og jökulminjum ásamt menningarminjum.

Nr. 427. **Ásbúðnavatn**, (1) Strandlengja frá bænum Mánavík að Kelduvíkurvík ásamt sjávarlönnum. (2) Sjávarlón með miklu fuglalífi.

Um Náttúruverndaráætlun 2004-2008:

Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúruverndaráætlun 75 svæða. Friðlýsing allra þessara svæða ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna mun tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrlegra birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa. Tillögur um svæðisbundna friðun eru fæstar nýjar því 68 svæðanna (88%) eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá og eða nefnd í öðrum heimildum. Komin er fram ný náttúruverndaráætlun sem enn er þingsályktunartillaga (2010) sem á að ná yfir árabilið 2009-2014.

4.7.1 Hverfisvernd

Hreppsnefnd hefur ákveðið að **fimm** svæði verði skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

1. **Króksbjarg**. Svæðið nær frá Króki að Fossá. Þetta er sjávarbjarg með fossum og ríkulegu fuglalífi, einkum ritu og fýl, sem er aðgengilegt til fuglaskoðunar. Þar mætti hugsa sér að sett yrði upp aðstaða til skoðunar fugla, en öll mannvirki sem koma á svæðið þurfa að falla vel að landslagi og taka þarf tillit til dýralífs sem þar er. Hverfisverndinni er ætlað að stuðla að því að fuglalífi í bjarginu verði ekki raskað. Hverfisverndin nær ekki til lands ofan bjargbrúnarinnar.
2. **Kambadalstjörn**. Tjörn uppi í fjallshlíð í landi Árbakka sem tengist þjóðsögu. Tjörninni má ekki raska.
3. **Vindhælisstapi**. Klettótt hæð sem nær í sjó fram niður undan Vindhæli. Stapinn hefur fræðslugildi og ekki má spilla honum með efnistöku eða annarri röskun.
4. **Fornminjar í Hallárdal**. Þar er um að ræða eyðidal sem fór í eyði fyrir vélaöld. Dalurinn hefur mikið gildi sem rannsóknarvettvangur fornminja. Þar eru óraskaðir bæjarhólar og ástæða er til að rannsaka búskaparhætti og byggðasögu. Hverfisverndinni er ætlað að koma í veg fyrir að

forðminjum í dalnum verði spillt. Stefnt er að því að skrá þær sumarið 2010. . Göngu- og hestaferðir um dalinn í fylgd kunnugra er áhugaverður kostur í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Ekki er fyrirhuguð breyting á landnotkun í dalnum. Reglur sem settar verða munu taka til umgengni á svæðinu, til þess að koma í veg fyrir að forðminjum verði spillt.

5. **Laxá á Refasveit.** Laxárgil frá Laxárvík að Njálssstöðum. Bríkur eru þar, mjög fallegar, sem taldar eru hafa bæði gildi vegna náttúrunnar og einnig fræðslugildi.

Staður	Jarðmyndanir	Lífriki	Menningarminjar
Króksbjarg	X	X	
Kambadalstjörn	X		X
Vindhælisstapi	X		
Fornminjar í Hallárdal			X
Laxá á Refasveit	X		X

Tafla nr. 6. Forsendur/flokkun svæða sem njóti hverfisverndar.

Heimild : SAH/Heimamenn.



Mynd sem sýnir Geldingaskarð og Skagastrandarfjöll.

5.0 Byggðaforsendur

5.1 Saga byggðar og þróun

Elstu heimildir um byggð í Skagabyggð eru frá 13. öld, þar skal nefnd Landnámabók. Elstu skjalaheimildir um jarðir koma fyrir í Íslendingasögum og öðrum heimildum á 13. öld.

Árið 1244 háðu Kolbeinn ungi Tumason og Þórður kakali einu sjóorrustuna á Húnaflóa, sem háð hefur verið hérlandis, ef þorskastríðin eru ekki talin með. Þá fór Kolbeinn með tæpan sigur af hólmi, þótt hann hefði ofurefli liðs.

Hólmgöngu-Máni nam land á Skaganum vestanverðum inn að Fossá. Hann bjó í Mánavík en talið er að hann hafi flutt þaðan að Mánaskál í Laxárdal. Á Hofi bjó Þjóðólfur goði, sonur Eilífs Arnar sem nam þar land.

Saga byggðar í Skagabyggð þar sem staðir eru taldir frá suðri til norðurs er þannig í stuttu máli:

Í þeim hluta Laxárdals sem er í Skagabyggð hélst búseta fram á síðari hluta síðustu aldar en þá fór byggðin að gisna og jarðir fóru í eyði.

Við ströndina örskammt norðan við ósa Laxár á Refasveit er Spánskanöf. Þar er all bratt niður á ströndina um 40-50 m fall. Mikið fuglalíf er í björgum þessum og nokkur rif úti fyrir ströndinni. Sagan segir að á þessum stað hafi spænskir sjóræningjar gengið á land og stefnt að Höskuldsstöðum. Prestur þar safnaði mönnum og stóðhrossum, lét binda hrísklyfjar á þau og kveikja í klyfjunum. Síðan keyrðu menn stóðið með afli á móti Spánverjunum og féllu sumir þeirra á melunum aðrir hröpuðu fram af björgunum. Af því er nafnið Spánskanöf dregið.

Byggð var í **Hallárdal** allt fram á miðja síðustu öld, en nú er dalurinn allur kominn í eyði. Þar er að finna merkar byggðaminjar.

Á kirkjustaðnum **Hofi** finnast goðatóftir sem gætu hafa verið af hofi. Þar fæddist Jón Árnason, hinn þekkti þjóðsagnaritari.

Útræði var nokkuð víða frá lendingarstöðum á ströndinni. Í **Kálfshamarsvík**, eða nánar til tekið á Kálfshamarsnesi myndaðist vísir að þorpi í upphafi 20. aldar. Skýringin á myndun þessa þorps var hversu góð hafnaraðstaða var þar frá náttúrunnar hendi. Þaðan var einnig tiltölulega stutt á fiskimið. Þorpið var nefnt Kálfshamarsvík eftir víkinni sem það stóð við. Það varð aldrei fjölmennt, rétt um 100 manns þegar flest var á árunum 1920-30. Byggðinni hnignaði hratt á kreppuárunum upp úr 1930 og um 1940 höfðu flestir íbúarnir flust burt af staðnum. Starfsemin fluttist þá að miklu leyti til Skagastrandar. -Í Kálfshamarsvík hafa húsarústir verið merktar með nöfnum húsanna sem þar stóðu ásamt nöfnum ábúenda. Einnig hefur þar verið sett upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn. Á Kálfshamarsnesi er stór viti og þar má sjá mikið af sérstöku og fögru stuðlabergi sem nær allt í sjó fram.

Frá **Hafnabúðum** á Rífsnesi var mikið útræði áður fyrr. Þar eru minjar um allt að 65 verbúðir. Byggð lagðist þar fyrr af en á Kálfshamarsnesi. Í Hafnabúðum hafa verið merktar menningarminjar.

Skýringin á myndun þessaara þorpa á Kálfshamarsnesi og á Rífsnesi var hversu góð hafnaraðstaða var þar frá náttúrunnar hendi. Þaðan var einnig tiltölulega stutt á góð fiskimið. Einkum var róið að sumarlagi og fram undir jól en þá var algengt að karlar héldu til Suðurnesja á vertíð.

Á bænum Saurum sem er skammt norðan við Kálfshamarsvík varð frægur draugagangur á sjötta áratug síðustu aldar.

Á **Selvíkurtanga** við Kaldranavík má sjá sel á skerjum úti fyrir ströndinni.

Í **Höfnum** norðarlega á Skaga var löngum stórbýli og þar eru hlunnindi mikil; reki æðavarp, selveiði og útræði. Í Hafnabúðum, í landi Hafna, var verstöð þar sem einkum var gert út á hákarl.

Að Ytri-Ey var kvennaskóli á árunum 1883 til 1901, hann var undanfari Kvennaskólans á Blönduósi.

Um einstaka þætti í fortíð sveitarfélagsins má kynna sér nánar í Fornleifaskráningu Skagabyggðar.

5.1.1 Menningarminjar

5.1.1.1 Fornminjar - Fornleifar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a.: „Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsóknna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.“

Í IV. kafla þjóðminjalaga er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Fornleifar eru skilgreindar þannig:

- A. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- B. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- C. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- D. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- E. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- F. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- G. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- H. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- I. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsingu.

Fyrstu fornleifarannsóknir fóru fram á tímabilinu 1879-1882 (Kristian Kaalund) og sumrin 1900 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson), auk athuganna Finns Jónssonar og Daniels Bruuns sumarið 1907. Þessar rannsóknir voru gerðar á þeirra tíma forsendum, m.t.t. þeirrar söguskoðunar Íslendinga sem þá var viðurkennd, en nú hefur ýmislegt verið endurskoðað varðandi þessi efni. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu til friðlýsingar á einum stað í Skagabyggð og er hann merktur á aðalskipulagsupprátt, sjá lýsingu í kafla 2.1.2.

Á fundi minjavarðar Norðurlands vestra með hreppsnefnd hinn 28. janúar 2008 var ákveðið að minjavörður setti á blað helstu áhersluatriði Fornleifaverndar ríkisins varðandi fornleifaskráningu í tengslum við aðalskipulag Skagabyggðar. Í þessu sambandi er vísað til 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Í tengslum við gerð svæðisskipulags A-Húnavatnssýslu var gerð heimildarkönnun á fornleifum í sýslunni og gefið út í skýrslum. Fimmta hefti þessara skýrslna fjallaði um Vindhælishreppinn hinn forna, sem náði frá Núpi á Laxárdal norður að Ásbúðum. Skýrslan var gefin út 2001, *Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu* (Fornleifastofnun Íslands-FS148-01131), Sædís Gunnarsdóttir. Hér er aðeins um að ræða fyrsta stig skráningar og farið í gegnum ritaðar heimildir. Við gerð aðalskipulags er gerð krafa um að minjarnar séu skráðar á vettvangi og hnúttar með GPS-tækni. Vettvangsvinnan felur í sér að skráningaraðili kanni umrætt svæði og gangi úr skugga um það hvort fleiri minjar sé að finna en þær sem getið er um í rituðum gögnum. Þá þarf skráningarmaður að vera í sambandi við staðkunnuga.

Markmið fornleifaskráningar er margþætt en fyrir sveitarfélög sem vinna að gerð aðalskipulags mætti nefna tvö atriði sem skipta máli:

1. Til þess að geta verndað fornleifar er nauðsynlegt að vita hvar þær er að finna.
2. Á síðustu árum hefur orðið ljóst að nýta má sögu, minjar og menningarlandslag til atvinnu- og byggðarþróunar um land allt. Með þessu viðhorfi má líta á minjar sem auðlind.

Varðandi nýtingu minja í Skagabyggð má sérstaklega nefna Kálfshamarsvík, þar sem fer saman náttúrufegurð og merkilegt búsetulandslag. Þar hafa minjar verið merktar. Þá má einnig nefna Rífsnes, þar sem finnast merkar útgerðarminjar. Þær hafa einnig verið merktar. Þá má nefna eyðibýla-byggðirnar í Laxárdal, Norðurárdal og Hallárdal, þar sem miklar minjar eru um búsetu fyrri alda. Þarna er um að ræða upplagt svæði til útivistar og fornleifaskoðunar. Þarna mætti gera átak í merkingu minja og merkja göngu- og reiðleiðir. Mikilvægt er að standa vörð um minjaheildina. Allar framkvæmdir á svæðinu þarf að fara í með gát, s.s. byggingu frístundahúsa, til þess að skerða ekki gildi menningarlandslagsins. Í sveitarfélaginu er einn friðlýstur staður, *Goðatóft*, í landi Hofa. Ein friðuð bygging er í Skagabyggð, en það er *Hofskirkja*, vígð árið 1870 og því elsta guðshús í A-Hún.

Við fornleifaskráningu er oft miðað við *Jarðatal* Johnsens frá 1847. Þær jarðir sem byggst hafa frá upprunajörð teljast til hennar. Í Vindhælishreppi hinum forna eru samkvæmt jarðatalinu 53 jarðir, en nú er búið á 26 jörðum í sveitarfélaginu. Ekki er gerð krafa um að allar þessar jarðir verði skráðar í tengslum við aðalskipulagið, en gengið er út frá tveimur grunnreglum:

1. Öll framkvæmdasvæði samkvæmt aðalskipulaginu verði skráð.
2. Þau svæði sem töluvert álag er á vegna búrekstrar eða annarra umsvifa verði einnig skráð.

Á áðurnefndum fundi með hreppsnefnd var farið yfir það hvað teldist vera lágmarksskráning fyrir aðalskipulag Skagabyggðar. Þar voru eftirtaldir sex jarðir taldir sem lágmark (númer jarða eru fengnar úr Jarðatali Johnsen):

Hafnir (352) (Kaldrani)	Steinnýjarstaðir (Steinsstaðir í Jarðatali Johnsens -369)
Tjörn (353)	Höskuldsstaðir (395)
Hof (364)	Syðri-Hóll(398)

Auk þessara jarða er búið á eftirtöldum jörðum. Fornminjar á þeim voru skráðar sumarið 2009.

Víkur (350)	Kjalarland (378)
Krókssel (tilheyrir Króki-359)	Kambakot (390)
Hróarsstaðir (360)	Ytri-Ey (391)
Kurfur/Hlíð (361)	Syðri-Ey (392)
Örlygsstaðir (362)	Eyjarkot (393)
Skeggjastaðir (363)	Ytri-Hóll (394)
Brandaskarð (373)	Syðri-Hóll (398)
Harrastaðakot (Neðri-Harrastaðir) (375)	Njálstaðir (400)
Árbakki (380)	Þverá(405)
Vindhæli (381)	Balaskarð (407)

Skagabyggð hefur síðan skrifað undir samning við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga um skráningu allra fornleifa í sveitarfélaginu, á alls 53 jörðum samkvæmt jarðatali Johnsens frá árinu 1847. Samningurinn er til fjögurra ára og er stærsti samningur sem Fornleifadeildin hefur gert við einstakt sveitarfélag. Með heildarskráningu sveitarfélagsins verður til gagnagrunnur um allar fornleifar innan Skagabyggðar sem auðveldar skipulagsvinnu auk þess sem minjavarsla verður skilvirkari og ýmsir möguleikar opnast í rannsóknum á byggðasögu svæðisins og til menningartengdrar ferðaþjónustu ef menn óska eftir því. Nú hefur farið fram heildarskráning á öllum jörðum í byggð og sex skýrslur liggja fyrir með niðurstöðum. Þær ná yfir jarðirnar Höskuldsstaði, Syðra-Hól, Eyjatorfu, Ytri-Hól, Hof, Steinnýjarstaði, Tjörn, Hafnir, Kaldrana, Árbakka, Vindhæli, Njálstaði og Þverá í Norðurárdal.

Úrdráttur úr þremur skýrslum.

Eftirfarandi minjar eru taldir áhugaverðar til kynningar og rannsókna á Höskuldsstöðum og Syðra-Hóli:

- Minjar fornþýlis í Stekkjarhvammi, talsverðar minjar í hvamminum frá ýmsum tímabilum.
- Suðurendi túngarðsins á Höskuldsstöðum, þessar minjar virðast vera mjög gamlar.
- Við Kollugerðistjörn; umfangsmiklar grjóthleðslur sem gætu verið umbúnaður heiðinna grafa.
- Norðvestan túns á Syðri-Hóli er Stelksgerði; þar er tóft sem virðist garðlag og er áhugaverð.

- Annað garðlag er norðvestur af Stelksgerði og virðist vera fornt, áhugav. vegna búsetusögu.

Eftirfarandi minjar eru taldar áhugaverðar til kynningar og rannsókna á Hofi og Steinnýjarstöðum:

- Í landi Hofa eru friðlýstar tóftir sem nefnast Goðatóftir, um er að ræða áhugaverðar minjar.
- Dómringur sem er hringlaga garðlag í heimatúni á Hofi. Goðatóftir, sem þetta er einnig nefnt, eru friðlýstar. Þar átti hof að hafa staðið til forna.

Eftirfarandi minjar eru taldar áhugaverðar til kynningar og rannsókna á Tjörn, Höfunum og Kaldrana:

- Þurrabúðir og fornbyli í landi Tjarnar, áhugavert væri að kanna aldur og þróun byggðarinnar.
- Minjar við Laxárvatn, áhugaverðar til rannsókna sem og fornlegar tóftir á svæðinu.
- Búið var á 18. öld í Tjarnarseli, þar er fjöldi minja í fallegu umhverfi. Áhugaverður staður.
- Öll ströndin í landi Hafna er áhugaverð til rannsókna og kynningar. Þar má búa við minjum.
- Umfang minja á Hafnaseli benda til að þar hafi verið búið á einhverjum tíma.
- Heimatún og bæjarstæði Kaldrana er áhugavert til kynningar og er aðgengilegt ferðamönnum. Sjá einnig HV1.
- Hvalgarður er einkar áhugaverður staður, en þar eru tiltölulega gamlar en heillegar minjar.

Af hreppsnefndarinnar hálfu hefur ekki ennþá (2010) verið tekin endanleg afstaða til friðlýsingar þeirra minja sem hér hafa verið taldar upp. Undir lok ársins 2010 lágu fyrir þrjár skýrslur til viðbótar þeim þremur fyrstu sem gefnar voru út sem ekki vannstóm til að vinna údrátt úr.

5.1.1.2 Húsafríðun

Í húsafríðunarlögum nr. 104/2001 segir í 4. gr.: "Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins."

Í 5. gr. segir: "Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafríðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr. Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu."

Í 6. gr. segir: "Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa."

Skylt er að leita álits húsafríðunarnefndar ef eigendur eftirfarandi mannvirkja hyggjast breyta þeim:

A. Mannvirki byggð fyrir 1880:

Mannvirki/ bújörð	Byggingarár	Upphafleg notun	Núverandi notkun	Ástand
Hofskirkja	1868-70	Kirkja	Kirkja	Gott

Tafla nr. 7. Húsafríðun.

Heimild: Oddviti/Fasteignamat ríkisins.

5.2 Íbúðapróun í Austur-Húnavatnssýslu

Í Austur-Húnavatnssýslu eru fjögur sveitarfélög: Húnavatnshreppur, Blönduós, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð.

Miðstöð þjónustu og verslunar í sýslunni er á Blönduósi og þar er opinber þjónusta umfangsmest.

Ef íbúðapróun í sýslunni er borin saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu, eða í nálægð við það, koma fljótt í ljós vissir orsakavaldar. Öll meginuppbygging í eftirfarandi atvinnugreinum hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu: Verslun (innflutnings- og heildverslun), fjármagns- og bankaþjónusta (banka- og tryggingafélög), opinber þjónusta (ríkisstofnanir o.fl.) og framleiðsla (orkufrekar iðnaður og stóriðja). Framleiðsla sem síðast er talin er þó núna í uppbyggingu á Austurlandi með Kárahnjúkavirkjun og álveri ALCOA á Reyðarfirði.

Vaxtarsamningur hefur verið gerður í Norðurlandi vestra.

Markmið vaxtarsamningsins: Að efla atvinnulíf og byggðaðróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Leiðir: Efling nýsköpunar og vaxtar fyrirtækja og stofnana á svæðinu í gegnum klasasamstarf, með áherslu á tvö svið:

- Menntun og rannsóknir þar sem áhersla verður m.a. lögð á auðlindalífækt og uppbyggingu þekkingarsetra sem þjóna muni öllu svæðinu.
- Menning og ferðaþjónusta.

Samningurinn er til þriggja ára og er iðnaðarráðuneytið skuldbundið til að greiða árlega 30 milljónir króna til verkefnisins, og þannig samtals kr. 90 milljónir á samningstímanum.

Samningnum fylgir viðaukasamningur fyrirtækja og stofnana um aðkomu að verkefninu, í formi fjármagns, sérfræðivinnu eða aðstöðu. 17 fyrirtæki og stofnanir eru aðilar að samningnum og nema framlög þeirra samtals um 56,4 milljónum króna á samningstímanum.

Á tveimur síðustu áratugum hefur mikil umræða farið fram um þessi mál og ýmsar tillögur komið fram um breyttar áherslur í byggðamálum, en raunverulegar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins hafa verið fremur litlar.

Hætt er við að í dreifbýli sýslunnar verði stöðnun eða jafnvel samdráttur ef lítið breytist í atvinnumálum svæðisins, stjórnvöld stuðli ekki að breytingum og að núverandi atvinnustefna ráði.

5.3 Íbúaðróun í Skagabyggð

Skagabyggð varð til við sameiningu Vindhælishrepps og Skagahrepps árið 2002. Fyrir þann tíma eru tölur sem birtar eru í töflu hér að neðan samtölur yfir íbúafjölda í báðum sveitarfélögum. Á þessu árabili hefur þróunin verið sú að íbúafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur, ýmist dregið saman eða aukist eftir árum. Þetta telst nokkuð í prósentum en í mannfjölda er um að ræða mismun upp á tíu íbúa.

Ár	Íbúatala	Árleg breyting	%Breyt.	%Breyt. landsins
1997	91			0,7
1998	98	7	7,0	1,2
1999	102	4	4,0	1,5
2000	104	2	2,0	1,12
2001	103	-1	-1,0	0,66
2002	101	-2	-2,0	0,72
2003	97	-4	-4,0	0,7
2004	101	4	4,0	1,2
2005	99	-2	-2,0	2,08
2006	96	-3	-3,0	2,62
2007	106	10	10,4	2,53
2008	102	-4	-3,8	1,24
2009	102	0	0	-0,54


Tafla nr. 8. Íbúaðróun í Skagabyggð 1997-2008.

Heimild: Bygðastofnun/Hagstofan.

		0,50%	1,00%	1,50%
Árið 2008	102			
Árið 2013		103	107	110
Árið 2018		107	112	117
Árið 2023		110	117	125
Árið 2028		112	122	133


Tafla nr. 9. Spá um íbúaðróun. Heimild: BB

Á töflu nr. 9 er sýnd hugsanleg íbúaðróun á skipulagstímabilinu. Þarna er gert ráð fyrir árlegri fjölgun á bilinu 0,5 til 1,5%. Þetta kann að vera nokkuð bjartsýn spá en þegar mannfjöldatölur eru skoðaðar þyrfti ekki mikið að breytast sem hefði þau áhrif að fjölgun íbúa yrði sem næmi 31 íbúa.



Mynd nr. 5. Íbúapróun í Skagabyggð, framreikningur til 2028.

Heimild: Byggðastofnun.



Mynd nr. 6. Íbúapróun í Skagabyggð 1997-2008.

Heimild: Hagstofan.

5.3.1 Aldurs- og kynjaskipting

Árið 2007 voru íbúar Skagabyggðar 106, þá voru 32,1% íbúa hreppsins í aldurshópnum 0 - 19 ára, í aldurshópnum 20 til 39 ára voru þá 18,9%, í aldurshópnum 40 til 59 ára voru 23,6%, í aldurshópnum 60 til 79 voru 18,9%.

Hlutfall ungs fólks er talsvert umfram landsmeðaltal í sveitarfélaginu. Þetta er fremur sjaldgæft í svona fámennum sveitarfélögum.

Talsvert vantar í aldurshópinn 25 til 35 ára aldur, en þetta er sá aldurshópur sem gjarnan leitar út fyrir heimabyggð. Sumir koma á ný en aðrir setjast að annars staðar.


Búast má við að meðalaldur geti hækkað nokkuð á skipulagstímabilinu. Einnig er það greinilegt að það vantar nokkuð inn í vissa árganga en nokkuð gott jafnvægi er á milli kynja. Algengast er að fjöldi karla sé nokkru meiri en kvenna í fámennum byggðum.

Íbúafjöldinn í Skagabyggð hinn 1. desember 2009 var 106.

Tafla nr. 10 og mynd nr. 7 sýna aldurs- og kynjaskiptingu í Skagabyggð.

Aldurshópur	Karlar	Konur	Samtals
0-4	2	2	4
5-9	5	6	11
10-14	7	5	12
15-19	5	2	7
20-24	3	3	6
25-29	0	1	1
30-34	0	4	4
35-39	4	5	9
40-44	5	6	11
45-49	2	0	2
50-54	5	1	6
55-59	3	3	6
60-64	3	2	5
65-69	3	4	7
70-74	2	2	4
75-79	2	2	4
80-84	1	0	1
85-89	2	2	4
90-94	2	0	2
Samtals	56	50	106

Tafla nr. 10. Aldurskipting í Skagabyggð 2007. Heimild: Byggðastofnun



Mynd nr. 7. Aldurskipting í Skagabyggð 2007.

Heimild: Byggðastofnun.

5.4 Mælingar og eldri skipulagsáætlanir

Eina deiliskipulagstillaga í Skagabyggð sem hlotið hefur samþykki nær yfir tiltekið svæði að Mánaskál. Skagabyggð var aðili að Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

5.5 Íbúabyggð

5.5.0 Almenn

Eins og áður hefur komið fram hófst búseta í Skagabyggð þegar á landnáms tíð og þá þegar voru nokkrar bújarðir orðnar þekktar. Fyrrum myndaðist þéttbýli á svæðinu sem stóð um tímabudið skeið.

5.5.1 Núverandi húsnaði og aðrar fasteignir

Samkvæmt fasteignamati eru 28 metnar lóðir í hreppnum. Stærð framlagningarskrár er 458 matseiningar. Stærð fasteigna er 33.258 fermetrar, eða 137.163,6 rúmmetrar. Ræktað land er 1.029,5 ha. Sumar þessara talna geta breyst á stuttum tíma.

Samkvæmt talningu á íbúðarhúsum og frístundahúsum á bújörðum og stökum lóðum eru þau 56 talsins. Í vissum tilfellum er fleiri en ein íbúð í húsi (sjá töflu nr. 12).


Fjöldi fasteigna í Skagabyggð og stærðir þeirra 31.12. 2007 er sýnd á töflu nr 11 og mynd nr. 6.

Þessar tölur eru meira til viðmiðunar heldur en að vera mjög nákvæmar. Það háttar svo til að mat hvers og eins ræður því oft nokkuð hver niðurstaða skráningar verður og talsverðar breytingar geta orðið við endurskráningu fasteignanna í sveitarfélögunum. Þetta á sérstaklega við um töflu nr. 12 (samantekt).

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál
Íbúðir íb. herbergi	49	6.326 fermetrar
Ræktun	48	1.029,5 ha
Hlunnindi	34	0
Önnur mannvirki	237	26.932 fermetrar
Öbyggðar lóðir	6	0
Jarðir	62	0
Samtals	436	33.258

Tafla nr. 11. Fjöldi og stærðir fasteigna í Skagabyggð.

Heimild: Fasteignamat ríkisins



Mynd nr. 8. Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Skagabyggð.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Staður/bújörð	Íb.h.	Geymslur	Útihús	Frist.h.	Þjónusta	Stofnanir	Athafnah.	Stærðir
Alfhóll	0							
Árbakki	1	2	9					1207 ha
Ásbúðir	1	2					Rafstöð	790 ha
Bakkasel								466 ha
Bakki	1		2					190 ha
Balaskarð	1	6						760 ha
Barð								822 ha
Bergstaðir	0							769 ha
Björg 1	1	2	1					
Björg 3	1							
Bláland	0							479 ha
Brandaskarð	1	1	6					766 ha
Brandaskarð -lóð	1							
Efri-Harrastaðir	2	2						248 ha
Efri-Harrastaðir -land		2						
Eyjarkot	1	1	7					505 ha
Fjall	0							1155 ha
Hafnir og Kaldrani	1		3	2			1	1113 ha
Hafursstaðir	1	3	4					882/285 ha
Hallá	1							
Hjarðarhagi	0							
Hlíð	1	1	6					44 ha
Hof	1	1	3			1		293 ha
Hofssel								606 ha
Hólmi								577 ha
Hróarsstaðir I	1	1	3					353 ha
Hvammkot	0							516 ha
Hvammshlíð	0					1		676 ha
Höskuldsstaðir		2	6					671 ha
Höskuldsstaðir 2	0							
Kaldrani								2206 ha
Kambakot	1	1	5					411 ha
Kálfshamar	0	1						881 ha
Kálfshamarsnes						1	1	
Kelduland	1	2						869 ha
Kirkjubær	0							251 ha
Kjalarland			2					586 ha
Kjalarland -lóð					1			348 ha
Krókssel	1	2	5					
Krókssel -lóð	1							
Krókssel -land							1	
Krókur	1	3		1			1	338 ha
Kurfur	1	1						217 ha
Litla-Þverá				0				
Mánaskál	1		2					1560 ha
Mánaskál -lóð				1				
Mánavík				1				950 ha
Neðri-Harrastaðir	1	1	5					391/228 ha
Neðstibær	1		1					287 ha
Njálstaðir	1	4	11					446 ha
Núpur	1	1	1					748 ha
Ós	0							168 ha
Saurar				1				474 ha
Skeggjastaðir	2	1	3		1			325 ha

Staður/bújörð	Íb.h.	Geymslur	Útihús	Fríst.h.	Þjónusta	Stofnanir	Athafnah.	Stærðir
Skrapatunga			2					498 ha
Skrapatunga-lóð	1	3	2					
Skúfur	0							234 ha
Steinýjarstaðir	2	3	4					834 ha
Sviðingur	1	1						363 ha
Syðri-/ Ytri-Björg	1	3						1406 ha
Syðri-Ey	1		3					
Syðri-Hóll	1	3	4					432 ha
Sæunnarstaðir	0							1336 ha
Tjarnarlundur				1				
Tjörn	2	4	7					2803 ha
Vakurstaðir	0							418 ha
Vindhæli	1	2	8					803 ha
Víkur	1	3	4				Stöðvarhús	1667 ha
Ytri-Ey	1		7					371 ha
Ytri-Hóll 1	1	2	4					245 ha
Ytri-Hóll 2	1	1	1					
Ytri- Hóll 3	1		2					66 ha
Þverá	1	1	2					1144 ha
Þverá í Hallárdal	0							2628 ha
Þverá-land				1				
Örlygsst. I, II og Hlíð				1				1237 ha
Örlygsstaðir II	1	1	2					61 ha
Skagabyggð-afreittarl.								3924 ha
Samtölur								

Tafla nr. 12. Samantekt fasteigna.

Unnið úr fasteignaskrá: BB.

5.5.1.1 Núverandi íbúðarhúsnæði

Aldursbil	Fjöldi íb. á tímabilinu	Hlutfall af heildarfjölda
Fyrir 1920	1	2%
1920-1930	4	7%
1931-1940	4	7%
1941-1950	8	14%
1951-1960	8	14%
1961-1970	6	11%
1971-1980	5	9%
1981-1990	3	5%
1991-2009	17	31%

Tafla nr. 13. Meðaltal fullgerðra íbúða. BB.

Í Skagabyggð eru 56 fullgerðar íbúðir og frístundahús í september 2009. Íbúafjöldinn 1. desember 2008 var 102. Meðalíbúafjöldi á íbúð er samkvæmt því 1,82. Eins og sést á töflu nr. 13 hafa tímabil uppbyggingar íbúðarhúsa verið nokkuð mismunandi hvað fjölda snertir.


Frá 1920 hefur mesta uppbyggingarskeið íbúðarhúsa verið á tímabilinu frá 1991 til 2009, en þá var um þriðjungur allra íbúða byggður í hreppnum.

Eðlilegt er að þrjár til sjö íbúðir séu byggðar á áratug, miðað við fjölgun íbúa og viðhald eldri húsa.

Það er einnig athyglisvert að meðaltal íbúa á íbúð í

Skagabyggð er hlutfallslega mjög lágt eða tæplega tveir íbúar/ íbúð.

23 þeirra íbúðarhúsa sem fram koma í töflu 13 eru nú skilgreind sem frístundahús.



Mynd nr. 9. Uppbygging íbúðarhúsa eftir tímabilum.

Heimild: Fasteignamat ríkisins o.fl.

5.5.2 Húsnæði og landnotkun

Ef framreikningur íbúafjölda á skipulagstímabilinu er hóflegur og miðað er við 0,5% fjölgun þá er þörf á 4 nýjum íbúðum á þessu tímabili og er þá reiknað með 2,5-3 íbúum að meðaltali í hverri íbúð. Verði fjölgunin 1% þarf 9 nýjar íbúðir en með 1,5% fjölgun þyrfti 12 íbúðir. Erfitt er á spá um þessa hluti í fámennu sveitarfélagi þar sem fáar fjölskyldur hafa mikil áhrif á íbúafjöldann í prósentum talið.

Auk þessa þarf að gera ráð fyrir vissri endurnýjun eldri húsa, sbr. kafla 5.5.1.1.

Forsendur fyrir íbúðaspár byggjast einkum á áhrifum fólksfjöldabreytinga á byggingarþörfina. Vissir annmarkar geta þó komið fram við þessa spá og mætti í þessu sambandi nefna þrjá þætti:

1. Tölur um fjölda íbúða eru ekki alveg nákvæmar.
2. Forsendur um íbúðartíðni eftir aldurshópum eru óvissar.
3. Þörfin fyrir íbúðir eftir landshlutum getur verið mismunandi, m.a. vegna mismunandi félagslegra aðstæðna.

Aðalatriðið varðandi íbúðarspár er þó að kanna hvort um sé að ræða uppsafnaða þörf fyrir húsnæði eða hvort rýmkað hafi um vegna mikilla íbúðarbygginga eða brottflutnings úr viðkomandi sveitarfélagi.

Á því skipulagstímabili sem framundan er má gera ráð fyrir að eitthvað íbúðarrými verði aflagt eða nýtt undir aðra starfsemi.

Í aðalskipulaginu er ekki gerð sérstök grein fyrir nýtingarhlutfalli þessara reita, þar sem gert er ráð fyrir að það verði ákveðið nánar í deiliskipulagi.

5.6 Atvinnulíf

5.6.1 Almenn um atvinnulífið

Í Skagabyggð mótast atvinnulífið þannig að landbúnaður er mikilvægasta atvinnugreinin, með 40 til 45% starfa. Samhliða landbúnaði skapast nokkur vinna við hlunnindatekju, aðallega æðarvarp. Gert er ráð fyrir nokkrum vexti í ferðaþjónustu og má álíta að sú atvinnugrein eigi góða framtíð fyrir sér. Fjöldi starfa við opinbera þjónustu eru fá og einkum bundin við skóla og aðra áþekka þjónustu, þessi störf eru þó ekki innan sveitarfélagsins.

Á þeim tíma sem aðalskipulag þetta var í vinnslu stóð yfir athugun tveggja iðnaðarkosta í héraðinu. Það eru netþjónabú og áburðarverksmiðja. Áburðarverksmiðja yrði frekar staðsett í landi Hafursstaða vegna hafnaraðstöðunnar. Meginrök fyrir iðnaði á þessu svæði eru þau að nýta orkuna í héraðinu sem er framleidd í Blönduvirkjun. Einnig er staðsetningin heppileg milli kaupstaðanna Skagastrandar og Blönduóss og stutt er til Sauðárkróks.

Fall bankakerfisins í október 2008 var stærri og afdrifaríkari atburður en gerst hefur mjög lengi. Þetta mun vafalaust hafa veruleg áhrif á alla þróun næstu misserin. Það mun taka drjúgan tíma að byggja upp traust á ný bæði innanlands sem utan. Mikilvægt er að að byggja upp traust atvinnulíf sem standast muni framtíðarkröfur og uppfylli lágmarksvæntingar landsmanna, hvað framlegð snertir og gæði sem vinnustaðir.

5.6.2 Ársverk

Opinberar tölur yfir fjölda og skiptingu ársverka í sveitarfélögum á Íslandi lágu skipulega fyrir hjá Byggðastofnun vissst árábil til ársins 1997. Nú hefur Byggðastofnun hafið birtingu á þessum tölum á ný og liggja fyrir upplýsingar um árin 2002, 2003 og 2004. Fjöldi starfa í Skagabyggð hefur verið nokkuð svipuð á þessum árum, þ.e. 52 til 54. Árið 2004 voru 51,4 % af íbúunum við störf í sveitarfélaginu, þetta er fremur hátt hlutfall. Þar eð sveitarfélagið er mjög fámenn segja prósentutölur ekki mikið. Fjöldi einstakra starfa hafa í raun meiri merkingu.


	2002	2003	2004
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	20	22	23
Fiskveiðar	1		1
Iðnaður	12	14	11
-þar af fiskvinnsla	3	4	0
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	2	2	1
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	3		4
Hótel- og veitingahúsarekstur		1	1
Samgöngur og flutningar	1		1
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	4	4	3
Fræðslustarfsemi	1	2	2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	4	4	5
Ótilgreind starfsemi	1	1	
Samtals	52	54	52

Tafla nr. 14. Ársverk 2002, 2003 og 2004.

Heimild: Bygðastofnun

Árið 2004 voru störf í landbúnaði 23, eða 44,2 % af heildarfjölda ársverka og fjölgaði um einn frá árinu á undan og þrjá frá 2002.

Ársverk í iðnaði í Skagabyggð voru 11 árið 2004 sem svarar til 21 prósentu mannaflans. Sveiflur í þessari starfsgrein hafa verið smávægilegar. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafa ársverk verið eitt til tvö á árabílinu 2002 til 2004.



Mynd nr. 10. Atvinnuskipting í Skagabyggð 2004.

Heimild: Bygðastofnun

5.6.3 Landbúnaður

Sauðfjárrækt og nautgriparrækt eru helstu búgreinar í Skagabyggð, en auk þess er stundaður hlunnindabúskapur á nokkrum jörðum.

Á síðustu árum hefur verið töluverð samþöppun í landbúnaði á Íslandi. Annars vegar hefur orðið aukning í framleiðslu á einstökum bújörðum og svæðum á sama tíma og búrekstur hefur lagst af eða dregist saman annars staðar. Mikil tækniþróun ásamt minnkandi sölu á lambakjöti, vegna innflutnings, og aukinnar neyslu á öðrum kjöttegundum eiga stóran þátt í þessari þróun. Brýnt er að stjórnvöld hafi hagsmuni landbúnaðarins og þar með þjóðarinnar allrar í huga í samningum við aðrar þjóðir þannig að starfsskilyrði landbúnaðins verði tryggð til framtíðar. Vegna samdráttarins í hefðbundnum landbúnaði hafa nokkrir bændur snúið sér að öðrum búgreinum, svo sem ferðaþjónustu, athugun á ráðstöfun lands fyrir virkjun vatns- og vindafis, aukna efnistöku og skógrækt.

Hér á eftir fara töflur yfir bújarðir sem eru í ábúð og þær sem farnar eru í eyði, stuðst er við það hvar íbúar hafa lögheimili samkvæmt íbúaskrá Hagstofunnar. Loks eru allar jarðir taldar upp í töflu nr. 17.

Bújarðir í ábúð	Ræktað land, ha	Eignarhald á landi	Starfsemi í landbúnaði/landnotkun	Önnur landnotkun á jörðum
Árbakki	29	Einkal.	Lítið sauðfjárbú og hross.	
Balaskarð	22	Einkal.	Sauðfé og hross	
Brandaskarð	34	Einkal.	Blandaður búrekstur.	
Eyjarkot	28	Einkal.	Sauðfjárbú og hross	
Hafnir	29	Einkal.	Sauðfjárbú, æðarvarp, selv. reki og hross	Ferðapjónusta. 2 frístundahús
Hlíð	25	Einkal.	Blandaður búrekstur	
Hof	35	Einkal.	Sauðfjárbú og hross	Kirkja og kirkjugarður
Höskuldsstaðir	103	Einkal.	Kúabú og hross	Kirkja og kirkjugarður
Hróarsstaðir I	13	Einkal.	Sauðfjárbú	
Kambakot	21	Einkal.	Sauðfé og hross	
Kjalarland	11	Einkal.	Sauðfé og hross	Veiðihús. Kjalarlandsrétt
Króksel	27	Einkal.Svsj. lóð	Blandaður búrekstur	Fossarétt og réttarskúr
Kurfur	7	Einkal.	Landnytjar. Búrekstur í Hlíð	
Neðri-Harrastaðir	28	Einkal.	Fáein hross. Tún nytjuð	
Njálstaðir	34	Einkal.	Hrossabú	
Örlygsstaðir II	33	Einkal.	Sauðfjárbú og fáeinir nautkálfar	
Skeggjastaðir	47	Einkal.Svsj.lóð	Sauðfjárbú, hross og fáeinir nautgripir	Tvö íbúðarh.Félagsh.Skagabúð
Steinnýjarstaðir	44	Einkal.	Blandaður búrekstur	
Syðri-Ey	26	Einkal.	Sauðfjárbú, hross og æðarvarp	
Syðri-Hóll	30	Einkal.	Blandaður búrekstur	Frístundahús
Þverá	23	Einkal.	Fáeinir kindur	Tvö frístundahús
Tjörn	58	Einkal.	Kúabú, hross og fáeinir kindur	Tvö íbúðarhús.Eitt frístundahús
Víkur	30	Einkal.	Sauðfjárbú, reki og hross	
Vindhæli	60	Einkal.	Sauðfjárbú og hross	
Ytri- Hóll 3	7	Einkal.	Sauðfjárbú og hross	
Ytri-Ey	35	Einkal.	Sauðfjárbú og hross	
Ytri-Hóll 1	11	Einkal.	Sauðfjárbú	
Ytri-Hóll 2	9	Einkal.	Ekki búrekstur hjá ábúanda. Jörðin nytjuð	

Tafla nr. 15. Ábúð á bújörðum (28) og fleiri upplýsingar (september 2009).Heimildir: Sömu og vegna töflu nr. 16.

Bújarðir í eyði, (ár í eyði)	Ræktað land	Eignarhald á landi	Landnotkun	Önnur landnotkun
Álfhóll (1941)	5	Einkal.	Nytjuð	
Ásbúðir (1975)	0	Einkal.	Æðarvarp nytjað af eigendum	Frístundahús
Bakki (1993)	28	Einkal.	Fjárhús og land nytjuð	Frístundahús
Bergsstaðir (1933)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Bláland (1933)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Efri-Harrastaðir (1970)	20	Einkal.	Nytjuð	Frístundahús
Fjall (1953)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Hafursstaðir (2003)	36	Einkal.	Tún slegið. Hrossabeit	Frístundahús
Hjarðarhagi (1976)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Hólmi (1977)	0	Einkal.	Hrossabeit	
Hróarsstaðir	13	Einkal.	Nytjuð frá Hróarsstöðum I	
Hvammkot (1949)	7	Einkal.	Nytjuð	
Hvammshlíð	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Kaldrani (1938)	0	Einkal.	Nytjuð frá Höfnum	
Kálfsamar (1945)	19	Einkal.Svsj.nesið	Tún nytjuð	Frístundah. Nesið er útivistarsvæði.Viti
Kelduland (2008)	21	Einkal.	Jörðin nytjuð	Frístundahús
Kirkjubær	9	Einkal.	Tún nytjuð	Frístundahús.
Krókur (1991)	15	Einkal.	Nytjuð	Frístundahús
Mánaskál (2007)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	Frístundahús. Veiðihús
Mánavík (1920)	0	Einkal.	Lítilsháttar nytjuð	Frístundahús
Neðstibær (1964)	10	Einkal.	Tún nytjuð. Hrossabeit	
Núpur (1976)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Ös (1970)	0	Einkal.	Lítilsháttar nytjuð	Frístundahús
Saurar (1993)	0	Einkal.	Lítilsháttar nytjuð	Frístundahús
Skrapatunga (1991)	12	Einkal.	Nytjuð	Frístundahús. Skrapatungurétt.
Skúfur (1949)	5	Einkal.	Tún nytjuð	
Sviðningur (2005)	22	Einkal.	Tún nytjuð	Frístundahús
Syðri-Björg (1962)	10	Einkal.	Tún nytjuð	Frístundahús
Sæunnarstaðir (1944)	0	Einkal. Svsj 50%	Ógirt beitiland	
Vakursstaðir (1936)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Ytri-Björg (Bj.log3) (1995)	12	Einkal.	Nytjuð	Frístundahús
Þverá í Hallárdal (1938)	0	Einkal.	Ógirt beitiland	
Örlygsstaðir1 (1987)	5	Einkal.	Nytjuð	Frístundahús

Tafla nr. 16. Eyðibýli (33), upplýsingar (september 2009). Heimild: Rafn Sigurbjörnsson/Fasteignamat ríkisins/BB.

*Skýringar: Einkal.-einkaland, R.sjóður-ríkissjóður, Svsj-sveitarsjóður

Alfhóll	Hof	Mánaskál	Sæunnarstaðir
Árbakki	Hólmi	Mánavík	Tjörn
Ásbúðir	Hróarsstaðir	Neðri-Harrastaðir	Vakursstaðir
Bakki	Hróarsstaðir I	Neðstibær	Vindhæli
Balaskarð	Hvammkot	Njálstaðir	Víkur
Bergsstaðir	Hvammshlíð	Núpur	Ytri-Björg (Björg I og Björg III)
Bláland	Höskuldsstaðir	Ös	Ytri-Ey
Brandaskarð	Kaldrani	Saurar	Ytri-Hóll I
Efri-Harrastaðir	Kambakot	Skeggjastaðir	Ytri-Hóll II
Eyjarkot	Kálfshamar	Skrapatunga	Ytri-Hóll III
Fjall	Kelduland	Skúfur	Þverá
Hafnir og Kaldrani	Kirkjubær	Steinnýjarstaðir	Þverá í Hallárdal
Hafursstaðir	Kjalarland	Sviðningur	Örlygsstaðir
Hjarðarhagi	Krókasel	Syðri-Björg	Örlygsstaðir II
Hlíð	Krókur	Syðri-Ey	
	Kurfur	Syðri-Hóll	

Tafla nr. 17. Allar bújarðir í Skagabyggð, í ábúð og í eyði (61). Heimild: Fasteignaskrá/Rafn Sigurbjörnsson oddviti.

Sauðfjárnú í Skagabyggð eru misstór eftir aðstæðum. Sumarhagar eru góðir í Skagaheiði og þægilegt að nýta þá vegna nálægðar. Flestir þeirra sem stunda búrekstur eru með meðalstór sauðfjárnú. Kúabúin eru yfirleitt nokkuð stór.

Á forðagæsluskýrslu 2007 var samanlög áhöfn í búrekstri í Skagabyggð eftirfarandi:

Ær	4.191
Hrútar, lambgimbrar og lambhrútar	127+910+59
Geitur	16
Kýr	234
Kvígur, geldneyti, kvígukálfar og nautkálfar	40+227+70+90
Varphænur og gæsir	21+6
Hryssur, stóðestar, hestar, tryppi og folöld	361+8+153+84+55

Tafla nr. 18. Forðagæsluskýrsla árið 2007.

Heimild: Forðagæslumaður

Þurrhey, rúmmetrar	
Vothey, rúmmetrar	288+16.647 rúmmetrar

Tafla nr. 19. Uppskera árið 2007.

Heimild Forðagæslumaður

Á níu bújörðum eru ær yfir 230 talsins og á fjórum jörðum til viðbótar er ær yfir 100. Á öðrum jörðum eru ær færri. Heyskapartími er oft fremur stuttur í Skagabyggð og nú er meginhluti heyfengsins unninn í plastrúllur sem hentar vel aðstæðum.

Þjónusta við bændur er er innt af hendi hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings- og Stranda í starfsstöð á Blönduósi. Á þess vegum eru veittar leiðbeiningar og ráðgjöf.

Í sveitarfélaginu eru tvær fjallskilaréttir; Skrapatungurétt og Fossarétt. Aukarétt er Kjalarlandsrétt. Skrapatungurétt er nýtt og rekin af Skagabyggð og Blönduóssbæ. Mun færri fé kemur í réttina frá bæjum í Skagabyggð enda er stór hluti afréttar þeirra smalaður niður úti á ströndinni.

Beitarlönd sveitarinnar eru annars vegar afréttur og ógirtar jarðir og hinsvegar afgirt heimalönd.

Sauðfé er að mestu leyti flutt til slátrunar á Blönduósi. Hross eru nokkuð mörg í hreppnum og tanningar stundaðar í Höfnum og á Skjeggjastöðum.

Meðal hlunninda á bújörðum var mikill viðarrekki, sem nýttur var til bygginga og smíða. Í seinni tíð hefur rekinn minnkað. Rekaviður er sagaður og rifinn í girðingastaura, notaður í byggingar og sem eldiviður. Ennþá telst þó rekinn til hlunninda á nokkrum stöðum. Selveiði og dúntekja voru drjúgt búslag á mörgum bæjum. Selveiði er enn stunduð í Höfnum. Æðarvarp og dúntekja á Skaga er mikilvægt búslag fyrir suma landeigendur. Æðarvarp er nytjað í Eyjarey, Höfnum og Ásbúðum. Fyrrum var útræði ríkur þáttur í afkomu bænda, ekki aðeins þorskveiðar heldur og hákarlaveiðar og hrognkelsaveiðar.

Víða eru garðar eða trjáreitir næst íbúðarhúsum á bújörðum, en slíkir reitir eiga stundum erfitt uppdráttar næst sjónum vegna seltu sem þangað berst. Nokkuð víða er einnig að finna heimagrafreiti.

Norðurlandsskógar er landshlutaáætlun á vegum landbúnaðarráðuneytisins sem hófst árið 1999. Megintilgangur þessarar áætlunar er að stuðla að umfangsmikilli skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi. Með því sé grunnur lagður að eflingu atvinnulífs og þá jafnframt styrkingu byggða. Samkvæmt könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun á bújörðum eru tveir til þrír aðilar sem hyggjast hefja trjáplöntun í samvinnu við Norðurlandsskóga, þeir hafa þó ekki hafist handa við skógrækt enn sem komið er.

Allmörg stöðuvötn í Skagabyggð gefa ágæta veiði og hægt er að kaupa veiðileyfi í sum þeirra. Veiðifélag er um Langavatn á Skaga og eru seld veiðileyfi í það á Steinnýjarstöðum. Einnig selja sumir landeigendur veiðileyfi í vötn í þeirra löndum. Laxveiði er í Laxá í Nesjum, Hallá og Laxá á Refasveit.

Ársverk í landbúnaði í Skagabyggð voru 44,2 % af heildarfjölda ársverka árið 2004, en gera má ráð fyrir hlutfallslegri fækkun starfa í þessari atvinnugrein.

5.6.4 Verslun og þjónusta

Ekki er rekin verslun í Skagabyggð. Ýmis konar þjónusta og verslun er fyrir hendi á Skagaströnd og á Blönduósi sem íbúar Skagabyggðar nýta sér. Í auknum mæli er farið lengra í verslunarferðir þar sem hægt er að kaupa vörur á sem hagstæðustu verði, s.s. á Sauðárkrók, Akureyri, eða á höfuðborgarsvæðið. Flestar sérvörur eru pantaðar eða sóttar á þessa staði.

Ársverk í verslun og þjónustu, þar með ferðaþjónustu, í Skagabyggð voru 5 árið 2004 sem svarar til tæpra 10 prósentanna mannaflans. Sveiflur í þessari starfsgrein hafa verið nokkrar. Æskilegt væri að fjölgun gæti orðið í þessari starfsgrein.

5.6.5 Ferðaþjónusta

Erlendum ferðamönnum sem koma til landsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Þeir voru 129.315 árið 1987, en voru orðnir 201.654 árið 1997, sem er um 56% aukning á 10 árum. Árið 2007 var fjöldi ferðamanna orðinn 485.000 eða rúmlega 140% aukning á þessum tíu árum. Á árinu 2008 fór ferðamannafjöldinn yfir hálfa milljón í fyrsta skipti.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á landsbyggðinni undanfarin ár. Víða er starfsemin þó eingöngu bundin við sumartímann. Sennilega er vinnuframlag í greininni meira heldur en kemur fram í opinberum tölum, m. a. vegna þess að ársverk í ferðaþjónustu bænda, sem í mörgum tilvikum eru hlutastörf, eru ekki talin með. Ferðaþjónusta bænda er ört vaxandi atvinnu- og/eða aukabúgrein sem vissulega býður upp á möguleika til verðmætasköpunar á landsbyggðinni.

Ferðaþjónusta hefur verið talsvert vaxandi í Austur-Húnavatnssýslu á síðustu árum.

Það sem að líkindum mun verða uppistaða í ferðaþjónustu í Skagabyggð er eftirfarandi:

1. Menningartengdir þættir, byggðarþróun og saga.
2. Staðhættir og náttúrufar
3. Silungsveiði
4. Fuglaskoðun, vð mismunandi aðstæður, s.s. í votlendi, við strandvötn, fjörur og grunnsævi.
5. Göngu- og hestaferðir

Það sem nú er til staðar í Skagabyggð og tengist ferðaþjónustu er eftirfarandi:

- a. Í **Skagabúð** er aðstaða fyrir samkomur eins og ættarmót o. fl. Þar er tjaldsvæði.
- b. Í **Höfnum** er fyrir hendi gistileyfi sem gildir til 2010. **Unnið er að framlengingu á því.** Þar er orlofshús með gistiaðstöðu fyrir átta manns. Staðurinn býður upp á mikið útsýni og náttúrufegurð. Gönguleiðir eru margar. Á útsýnispalli er kíkir þar sem hægt er að skoða fugla og annað dýralíf. Þar gefur einkum að líta æðarvarpið.
- c. **Kálfshamarsvík:** Þar hefur verið unnið að merkingum og aðstöðu fyrir ferðamenn. Í svæðisskipulagi A-H er svæðið skilgreint sem áningarstaður, þ.e. aðstaða fyrir ferðamenn hvað varðar hreinlætisaðstöðu, sýningar- eða söluaðstöðu, möguleikar á göngu- og/eða hestaferðum um söguslóðir. Þar er gert ráð fyrir vissri aðstöðu í aðalskipulaginu.
- d. Laxveiði í **Laxá** á Refasveit og **Hallá**.

- e. Starfandi er veiðifélag um Langavatn á Skaga. Þar er góð silungsveiði. Veiðileyfi eru seld á Steinnýjarstöðum. Einnig selja sumir landeigendur veiðileyfi í vötn í sinni landareign.
- f. **Skrapatungurétt** laðar marga að, við smölun og réttir á stóði.
- g. Nokkur fjöldi **göngu- og reiðleiða** eru í boði, ýmist kortlagðar og/eða stikaðar.

5.6.6 Frístundahús

Skipulög svæði fyrir frístundabyggð eru ekki í Skagabyggð.

Nokkuð er af stakstæðum frístundahúsum í hreppnum. Sum hafa verið sérstaklega byggð til þeirra nota og einnig eru gömul íbúðarhús sem nú eru notuð sem frístundahús. Samtals voru 23 frístundahús í Skagabyggð haustið 2009.

Jarðir þar sem frístundahús eru:

Ásbúðir	Kálfshamar	Kelduland	Þverá, 2 hús
Mánavík	Sviðningur	Bakki	Skrapatunga
Hafnir, 2 hús	Ytri-Björg	Efri-Harrastaðir	Mánaskál
Tjörn	Syðri-Björg	Hafursstaðir	
Ós	Krókur	Syðri-Hóll	
Saurar	Örlygsstaðir	Kirkjubær	

Veiðihús eru þrjú talsins; við Langavatn, við Hallá og Torfalundur í Laxárdal.

5.6.7. Iðnaðarsvæði/Hafnarsvæði

Iðnaðarsvæði í landi Ytri Eyjar (Hafursstaða) er staðfest í Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu og er það 50 ha að stærð. Svæðið, sem var ekki afmarkað, er mólendi sem nýtt hefur verið til búfjárbæitar. Svæðið er með lítið kannað. Ennþá fjarlægur er að nefna hugsanlega starfsemi sem gæti komið á iðnaðarsvæðinu. Nú hefur verið ákveðið að jafn stórt svæði úr landi Hafursstaða komi í stað landsvæðis í Ytri-Ey.

Í skýrslunni *Staðarval fyrir orkufrékan iðnað 1983* kemur fram rökstuðningur fyrir staðsetningu iðnaðarsvæðis á hverjum stað. Helstu atriði rökstuðnings fyrir iðnaðarsvæði í landi Ytri Eyjar, sem yfirfæra má á jafn stórt svæði (lóð) í landi Hafursstaða eru eftirtalin:

- Ekki stormviðrasamt, ör vatns- og loftskipti.
- Greiðar samgöngur.
- Hættur á eldsumbrotum hverfandi.
- Nálægð við verslunar- og þjónustukjarna.
- Nálægð við flugvöll.
- Hitaveita er á Blönduósi.
- Mikið landrými og ekki aðkreppt.
- Orka.

Möguleikar á hagkvæmri orkuafhendingu eru fyrir hendi frá Blönduvirkjun með lagningu línu þaðan. Hægt væri að útvega 4-5 MW miðað við núverandi aðstæður frá Laxárvirkjun. Með tiltölulega litlum aukakostnaði væri hægt að auka þá orku upp í 6-7 MW, með því að skipta um spennu í Laxárvatnsvirkjun. Aðrar lausnir yrðu mun dýrari.

Í þeirri frumkönnun sem liggur fyrir var horft til iðjuvers við Eyjarey sem flokkast undir miðlungs iðjuver eða stóriðjuver með 100 starfsmenn eða meira.

Könnun á jarðvegisdýpt hefur verið framkvæmd og eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Þykkt lausra jarðlaga á hugsanlegri stóriðjulóð í landi Hafursstaða (Eyjarey) virðist við fyrstu athugun liggja á bilinu 3,5-5 m.
- Jarðvegur er á bilinu 0,1 til 2 m og að mestu mold þar sem hann er þynnstur, en mýrarjarðvegur þar sem jarðvegsþykkt er meiri.

Möl finnst á neðanverðu svæðinu. Hún gæti hugsanlega nýst til framkvæmda á svæðinu.

Talið er að skilyrði til hafnargerðar í Hafursstaðavík séu nokkuð góð. Gerðar voru öldufarsrannsóknir og í framhaldi af því skyldi metið á grundvelli þeirra.

Tilgangur öldufarsrannsókna voru eftirfarandi:

- Ákvörðun á líkindadreifingu öldu úti fyrir Húnaflóa.
- Uppsetning reikineta með sjávardýpi fyrir öldusveigjureikninga.
- Öldusveigjureikningar frá hafi og inn að strönd.
- Framsetning á niðurstöðum í skýrsluformi.

Siglingastofnun skilaði skýrslu um öldufarsrannsóknir árið 2005. Samkvæmt viðbótarupplýsingum frá Siglingastofnun byggist val á hafnarstæði fyrir stóriðjuhöfn á svigrúmi þar sem dýpi er yfir 12 til 15 metra og innan við 20 metra. Þannig er bæði magni í dýpkunum og brimvarnar- og skjólgörðum haldið í lágmarki. Við Eyjarey/Ytriey er tiltölulega stutt á milli 10 og 20 metra jafndýptarlína en meira svigrúm bæði norðar og sunnar. Til að skapa skjól við uppskipunar og útskipunar kant þarf bæði að taka tillit til úthafsöldu sem hefur stefnu úr NV þegar komið er inn á 20 metra dýpi og SV vindöldu sem myndast á Húnaflóanum. Niðurstaða öldufarsreikninga er að álitlegt svæði til byggingar stóriðjuhafnar sé á Hafursstaðavík norðan við Eyjarey/Ytriey. Þar virðist vera möguleiki að byggja stóriðjuhöfn sem gefur skjól fyrir helstu ölduáttum, hefur ásættanlega aðsiglingu og nægjanlegt svigrúm til snúnings skipa. Þegar á heildina er litið byggist val á hafnarstæði fyrir stóriðjuhöfn á svigrúmi þar sem dýpi er yfir 10-15m og hægt verður að skýla kanti þannig að hreyfing skipa fari ekki yfir mörk.

5.6.8 Fólksfjölgun og mannafla

Í aðalskipulagi Skagabyggðar fyrir tímabilið 2010-2030 er gert ráð fyrir að íbúafjölgun í sveitarfélaginu verði á bilinu 0,5-1,5% á ári. Miðað við 0,5% fjölgun verður íbúafjöldi í Skagabyggð um 117 í lok skipulagstímabilsins, miðað við 1% fjölgun verður íbúafjöldinn 127 og miðað við 1,5% verður íbúafjöldinn 138.

Ef litið er á hugsanlega þróun einstakra atvinnugreina í Skagabyggð má ætla að aukningin verði aðallega í einkarekinni þjónustu. Ástand atvinnumála í Austur-Húnavatnssýslu í heild ræður miklu um þessa þróun.

Í framreikningi á mannafla (ársverk) er reiknað með að hlutfall mannafla/íbúa verði á milli 50 og 55% af framreiknaðri hámarksíbúatölu. Þurfa þá ný atvinnutækifæri á skipulagstímabilinu að vera um 19 miðað við 1,5% fjölgun íbúa, miðað við 1% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 13 og miðað við 0,5% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 8 á skipulagstímabilinu.

5.7 Veitur

5.7.1 Vatnsveita

Rétt er að benda á að í reglugerð um neysluvatn nr. 538/2001 er krafa um að mjólkurframleiðendur séu með starfsleyfi um vatnsveitu með skilgreindu vatnsverndarsvæði. Einnig er mikilvægt að skoða vatnsból vegna einkaveitna og sjá til þess að þau séu í góðu ástandi, ekki síst þar sem ferðaþjónusta er starfrækt. Sjá kafla 2.4.1.

Nú þegar hafa verið tekin vatnssýni og vatnsból skoðuð hjá mjólkurframleiðendum og ferðaþjónustuaðilum í Skagabyggð og hafa þeir starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Skilgreind vatnsverndarsvæði á sveitarfélagsuppdrætti eru þessi:

1. Vegna vatnsveitu Sveitarfélagsins Skagastrandar teygir fjarsvæði vatnsveitunnar sig inn í Skagabyggð eins og vötnum hallar að Hrafná.
2. Vatnsverndarsvæði vegna Hofs og Skagabúðar nær norður og austur á Ásana eins og vötnum hallar að vatnsbólinu sunnan við Ásataglið.
3. Vatnsverndarsvæði vegna Örlygsstaða, Hlíðar og Kurfs nær norður á Bruna og til austurs eins og vötnum hallar að Dýjabrún þar sem vatnið er tekið.

5.7.2 Upphitun húsa/Heitavatn

Hús í sveitarfélaginu eru flest hituð með rafmagni. Heitt vatn er ekki nýtt í Skagabyggð. Markviss leit af heitavatni hefur ekki farið þar fram, utan athugana sem Sveitarfélagið Skagaströnd hefur látið gera, en án nægjanlegs árangurs enn sem komið er. Nú hefur verið ákveðið að flytja heitt vatn frá Reykjum, um Blönduós, til Skagastrandar og njóta nokkrar bújarðir í Skagabyggð kosta þess. Sjá einnig kafla 2.4.2 og 4.2.

5.7.3 Rafveita/Virkjanamöguleikar

Skagabyggð býr við fremur góð skilyrði hvað varðar rafmagn, utan þess að til ysta bæjar, þ.e. Víkur, nær dreifikerfið ekki auk nokkurra frístundahúsa. Að Víkum er díselrafstöð.

Rafmagn í dreifikerfið er fengið frá Rarik sem tengist stofnlínunum Landsnets við Laxárvirkjun. Dreifikerfið er loftlína að undanskildum kaflanum frá Laxá á Ásum að Keldulandi, sem er í jörð. Norðan Sveitarfélagsins Skagastrandar er rafmagnið einfasa. Brýnt er að koma línunni í jörð áfram norður Skagann og jafnframt að boðið verði upp á þriggja fasa rafmagn þar sem það er ekki nú þegar fyrir hendi.

Á Þverá er einka vatnsaflsstöð sem fullnægir orkuþörfinni þar.

Spennar eru við bújarðir, í einhverjum tilfellum eru þeir sameinaðir fyrir fleiri en eitt hús. Rafmagnstruflanir eru nokkuð tíðar vegna veðufars yfir vetrarmánuðina.

Flest hús eru hituð með rafmagni, ýmist með rafmagnsöfnum eða að vatn er forhitað (hitatúba) með rafmagni. Í sumum íbúðarhúsum eru brennsluofnar þar sem timbur er brennt og nýttist til upphitunar.

Nokkrir vatnsvirkjunarkostir eru til staðar í Skagabyggð en þeir hafa ekki verið rannsakaðir. Víða væri hægt að koma fyrir vindrafstöðvum og er nokkuð almennur áhugi er fyrir því.

5.7.4 Fráveita

Hreppsnefnd hefur markvisst beitt sér fyrir því að fráveitumálunum í sveitarfélaginu verði komið í ásætlanlegt horf. Nú er svo komið að flest íbúðar- og frístundahús í Skagabyggð eru tengd roþró.

Árið 1969 voru samþykkt á Alþingi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 12/1969. Í lögum þessum voru fjölmörg ákvæði sem snertu frárennsli, meðferð sorps og úrgangs o. fl. Reglugerð nr. 45/1972, heilbrigðisreglugerð, hvað nánar á um framkvæmd laganna, ábyrgð sveitarfélaga, skipan heilbrigðisnefnda í hverju sveitarfélagi og verksvið þeirra. Jafnframt gerði reglugerðin ráð fyrir setningu sérstakra heilbrigðissamþykpta, sem gilda skyldu fyrir einstök sveitarfélög. Í heilbrigðisreglugerðinni, sem sett var með heimild í 9. gr. fyrrnefndra laga voru skýr ákvæði, sem vörðuðu fráveitur sbr. 61. gr. þar sem sú krafa er gerð, að allt skólp *“skuli leitt út fyrir stórstraumsfjöru, nema heilbrigðisnefnd geri ríkari kröfur.”* Þá sagði í 67. gr. reglugerðarinnar, að *“þar sem frárennsli frá salernum og öðru skólpi verði ekki veitt í göturæsi eða aðra almenna skólpveitu, skal veita því í vatnsheldum holræsum í roþrær, og skal leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar, hverju sinni.”*

Nú eru í gildi lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fjölmargar reglugerðir hafa verið gefnar út með heimild í þeim lögum, m. a. reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og reglugerð nr. 799 frá sama ári, um meðhöndlun seyrur. Skv. fyrri reglugerðinni skulu heilbrigðisnefndir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skólp verði hreinsað og þær skulu hafa eftirlit með öllum fráveitum.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun seyrur skulu sveitarfélög koma á kerfisbundinn tæmingu seyrur úr roþró og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi til meðhöndlunar á seyrinni.

5.7.5 Sorpeyðing

Sorpurðunarsvæði í Skagabyggð hefur verið í landi Neðri- Harrastaða. Þessi starfsemi, sem var rekin af Sveitarfélaginu Skagaströnd, hafði heimild til förgunar allt að 500 tonna á ári. Hún verður aflögð um áramótin 2010-2011.

Spilliefni, málmar, timbur og garðaúrgangur er flokkaður frá sorpinu, í samræmi við starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Móttökustöðvar fyrir endurvinnanlegt sorp og spilliefni eru á Skagaströnd og á Blönduósi. Móttökustöðvar fyrir málma (brotajárn) eru við Draugagil og á Fellsmelum, þarna er málmurinn pressaður og fluttur af svæðinu til endurvinnslu og útflutnings. Garðaúrgangur er nýttur í jarðvegsgæði eða fargað í nánd við byggð svæði. Hluti af lífrænum úrgangi er komið til endurvinnslu.

Gámar í Skagabyggð eru á eftirfarandi stöðum: Inni á sorpurðunarsvæðinu á Neðri- Harrastöðum og norðan við Laxá á Refasveit, vestan vegar.

Sú staðreynd að hagsmunir sveitarfélaga í Skagafirði og Austur Húnavatnssýslu liggja saman í sorpförgunarmálum leiddi til þess að þau stofnuðu byggðasamlag um sameiginlega sorpförgun á fundi sínum á Blönduósi þann 5. desember 2005. Byggðasamlagið hlaut nafnið “Norðurá bs.”

Gerð hefur verið svæðisáætlun um úrgangsmál fyrir Norðurá bs, en sveitarfélögin Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður standa að sorpsamlaginu. Í þessum sveitarfélögum búa rúmlega 6 þúsund manns. Með áætluninni er brugðist við nýjum markmiðum í reglugerðum sem fjalla um sorphirðu. Teknar voru saman þær tölulegu upplýsingar sem fyrir liggja um gerðir og magn úrgangs í sveitarfélögunum. Skoðað var hvernig úrgangsmyndun dreifist yfir árið þar eð sorpmagn ákveðinna flokka er mjög breytilegt. Þá voru magnstraumar úrgangs áætlaðir og reiknað endurvinnsluhlutfall innan úrgangsflokka og loks teknar saman upplýsingar um aðstöðu til sorphirðu, þ.e. söfnun, flokkun, endurvinnslu og förgun. Unnin var spá um úrgangsmyndun fram til ársins 2020. Skoðað var hvernig Norðurá bs stendur gagnvart reglugerðarákvæðum um minni urðun lífræns úrgangs og um flokkun og endurvinnslu á umbúðaúrgangi, auk fleiri krafna. Gerðar voru tillögur að markmiðum til að mæta öllum kröfum um úrgangsmál og lagðar fram tillögur um úrlausnir. Þetta starf hefur leitt til þess að nú liggur fyrir ákvörðun um sorpurðunarstað á 30 ha lóð í landi Sölvabakka í Blönduósbæ.

5.8 Samgöngumál

5.8.1 Almenn

Upphaf svokallaðra akbrauta er að leita til Vegalaga sem sett voru á Alþingi árið 1894. Þar kemur sundurgerð í flokkun og nafngiftum vega fram. Eftir þetta hafa vegalög tekið sífelldum breytingum, bæði hvað varðar fjármögnun og gæði vega. Í lok síðari heimsstyrjaldar má heita að akfærir vegir hafi verið komnir að flestum býlum í sveitarfélaginu. Síðan hefur verið unnið áfram að framþróun landsamgangna og má í raun gera ráð fyrir að svo muni verða um ókomna tíð.

Engar fastar almenningssamgöngur á landi eru í boði í Skagabyggð, þær ná einugis til Blönduóss um Hringveg, og að nokkru til Skagastrandar.

Íslandsþóstur sér um pósthjónustu og reglulegar pósthferðir eru farnar um sveitina fimm daga vikunnar. Næsta póstaðgreiðsla er í Landsbankanum á Skagaströnd. Nemendum grunnskólans á Skagaströnd er ekið til og frá skóla.

Mjólkurbíll kemur þrivar í viku á þá bæi þar sem mjólk er framleidd.

5.8.2 Samgöngur á landi, umferð

Skilgreiningar vega eru samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 og nýjustu samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

a. **Stofnvegir** eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná

að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

b. **Tengivegir** eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

c. **Héraðsvegir** eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipu-lagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar.

Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

d. **Landsvegir** eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Sveitarfélagsvegir.

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar.

Almennir stígar.

Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólræðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Ákvæði laga þessara um vegi gilda einnig um almenna stíga eftir því sem við á.

Einkavegir.

Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

Veghaldarar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega. Eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

Í vegalögum nr. 80/2007. gr. segir: Vegagerðin sér um gerð vegaskrár, sem er skrá yfir þjóðvegi. Hér er um að ræða fyrstu útgáfu af skrá yfir þjóðvegi landsins, sem gerð hefir verið samkvæmt hinum nýju vegalögum.

Vegaskrá er gerð á **tvenns konar formi**, annars vegar er öllum vegum skipt í kafla og hins vegar er leiðum þeirra lýst. Sú leiðarlýsing fylgdi áður vegáætlun. Héraðsvegir eru þó ekki í þeirri skrá.

Í kaflaskiptu vegaskránni koma fram margskonar upplýsingar um hvern kafla. Má þar nefna lengd kaflans, í hvaða kjördæmi hann er, sveitarfélagi og númer vegagerðarsvæðis. Þar kemur fram vegflokkur og hvað er óvegað, einnig er dálkur fyrir vegtegund. Tákn í þeim dálki gefa til kynna vegtegund sem æskileg er fyrir viðkomandi vegkafla, þegar aðeins er miðað við almenna umferðarspá.

Helstu breytingar frá fyrri vegalögum, hvað vegaskrá varðar, eru eftirfarandi:

Stofnvegir eru flestir þeir sömu og áður, að viðbættum nokkrum umferðarmiklum vegum, sem voru í flokki tengivega. Niður falla nokkrir vegkaflar í þéttbýli og teljast þeir nú til gatnakerfis þeirra. Hins vegar bætast í flokk stofnvega fjórar hálendisleiðir, sem hafa nokkra sérstöðu og verða í sérhópi um sinn, svokallaðir stofnvegir um hálendi.

Tengivegir eru færri en áður. Auk þeirra sem færast í flokk stofnvega verða margir þeirra héraðsvegir. Einnig fylla nú þennan flokk vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem voru landsvegir.

Héraðsvegir hétu áður safnvegir, en auk þeirra fóru margir stuttir tengivegir í þennan flokk.

Landsvegir eru nú færri en áður. Þeir fá að jafnaði litla og árstíðabundna þjónustu og viðhald.

Þjóðvegir í Skagabyggð:

Stofnvegur er:

74. Skagastrandarvegur: Frá Laxá á Refasveit að Hrafná.

744. Þverárfjallsvegur: Frá Laxá á Refasveit að sýslumörkum Skagafjarðarsýslu.

Tengivegir eru eftirfarandi:

745. Skagavegur: Frá sveitarfélagsmörkum við Háagerði norður ströndina að sýslumörkum Skagafjarðarsýslu milli Ásbúðna og Hrauns.

Megin vegatengingar við Skagabyggð eru: Skagastrandarvegur sem er stofnvegur sem tengjast Hringvegi og Þverárfjallsvegur sem einnig er stofnvegur. Frá Skagastrandarvegi liggur Skagavegur sem flokkast sem tengivegur. Þessi vegur heldur síðan áfram inn í Sveitarfélagið Skagafjörð nyrst á Skaga. Frá stofn- og tengivegunum liggja allmargir héraðsvegir, flestir að bújörðum í Skagabyggð. Ennfremur eru margir slóðar sem liggja að vötnum, ræktuðum svæðum og afréttarlandi sýndir á skipulagsupprætti, en þó ekki staðfestir. Ástand héraðsvega er mjög misjafnlega gott.

Víkur á Skaga	41	Ísafjörður	444
Akureyri	164	Egilsstaðir	429
Vík í Mýrdal	437	Selfoss	308
Reykjavík	267	Borgarnes	193
Stykkishólmur	241	Seyðisfjörður	456

Tafla nr. 20. Nokkrar vegalengdir frá Skagaströnd, í km. Heimild: Vegagerð ríkisins

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
74	Skagastrandarvegur	Laxá á Refasveit	Hrafná	11,87	C1
744-1	Þverárfjallsvegur	Laxá á Refasveit	Þverá	6,47	C1
744-2	Þverárfjallsvegur	Þverá	Sýslumörk	4,08	C1

Tafla nr. 21. Stofnvegir í Skagabyggð Heimild: Vegagerð ríkisins

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
745-1	Skagavegur	Hreppamörk v. Háagerði	Brekknavegur	6,46	C2
745-2	Skagavegur	Brekknavegur	Króksselsvegur	7,13	D
745-3	Skagavegur	Króksselsvegur	Hafnaá	13,22	D
745-4	Skagavegur	Hafnaá	Sýslumörk	11,72	D

Tafla nr. 22. Tengivegir í Skagabyggð Heimild: Vegagerð ríkisins

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
7404	Njálstaðavegur	Skagastrandarvegur	Njálstaðir	0,84	D
7405	Syðra-Hólsvegur	Skagastrandarvegur	Syðri-Hóll	0,06	D
7406	Höskuldsstaðavegur	Skagastrandarvegur	Höskuldsstaðir	0,02	D
7407	Höskuldsst. kirkjuv.	Skagastrandarvegur	Höskuldsstaðakirkja	0,21	D
7409	Ytra-Hólsvegur 2	Skagastrandarvegur	Ytri-Hóll 2	0,03	D
7410	Ytra-Hólsvegur 3	Skagastrandarvegur	Ytri-Hóll 3	0,04	D
7411	Syðri-Eyjarvegur	Skagastrandarvegur	Syðri-Ey	0,06	D
7413	Eyjarkotsvegur	Skagastrandarvegur	Eyjarkot	0,04	D
7414	Ytri-Eyjarvegur	Skagastrandarvegur	Ytri-Ey	0,06	D
7415	Kambakotsvegur	Skagastrandarvegur	Kambakot	1,81	D
7419	Árbakkavegur	Skagastrandarvegur	Árbakki	0,11	D
7422	Brandaskarðsvegur	Skagavegur	Brandaskarð	0,85	D
7423	Harrastaðavegur	Skagavegur	Neðri-Harrastaðir	0,07	D
7425	Brekknavegur	Skagavegur	Örlygsstaðavegur II	1,14	D
7425	Brekknavegur	Örlygsstaðavegur II	Hróarsstaðir	0,86	D
7426	Keldulandsvegur	Skagavegur	Kelduland	0,40	D
7428	Steinnýjarst.vegur	Skagavegur	Steinnýjarstaðir	2,27	D
7430	Skeggjastaðavegur	Skagavegur	Skeggjastaðir	0,56	D
7432	Skeggjastaðav. 2	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir 2	0,02	D

Vegnr.	Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Km	Teg. vegar
7433	Hofskirkjuvegur	Skagavegur	Hofskirkja	0,10	D
7436	Hlíðarvegur	Brekknavegur	Hlíð	0,11	D
7438	Örlygsstaðavegur II	Brekknavegur	Örlygsstaðir 2	0,07	D
	Kurfsvegur	Brekknavegur	Kurfur	0,08	D
7440	Króksselsvegur	Skagavegur	Krókssel	0,82	D
7443	Sviðningsvegur	Skagavegur	Sviðningur	0,16	D
7445	Tjarnarvegur	Skagavegur	Tjörn	0,07	D
	Hafnavegur	Skagavegur	Hafnir	0,27	D
7446	Víknavegur	Skagavegur	Víkur	0,17	D
7403	Þverárvegur	Þverárfjallsvegur	Þverá	0,28	D
7401	Balaskarðsvegur	Laxárbrú	Balaskarð	1,91	D

Tafla nr. 23. Héraðsvegir í Skagabyggð

Heimild: Vegagerð ríkisins

Vegtegundir:

Vegtegundir eru ákvarðandi fyrir tæknilega gerð vega og eru grunntegundir einkenndar með A, B, C, D eða F. Tegundirnar eru síðan nánar skilgreindar með tölustöfum aftan við bókstafinn. Þeir tengivegir, sem taldir eru hér að framan, hafa fengið eftirfarandi skilgreiningu:

Gildir um tengi- héraðs- og landsvegi.

C1 Vegir með tveimur akreinum. Breidd 7,5 m án kantsteina. ADU>100 (dreifbýli).

C2 Vegir með tveimur akreinum. Breidd 6,5 m með öxlum.

D Vegir með einni akrein (með útskotum).

Umferðarforsögn:

Umferðarforsagnir ber að skoða sem dæmi um hugsanlega þróun umferðar ef tilteknaðar forsendur ganga eftir.

Ein meginforsenda umferðarforsagnar er landnotkun á viðkomandi svæði á grundvelli skipulagstalna. Aðrar forsendur eru ferðavenjur, svo sem ferðatíðni sem aftur er t.d. háð bílaeign og bensínverði.

Í 33. gr. Vegalaga segir, m.a.: „Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.“ Þetta er mikilvægt ákvæði sem ávallt þarf að taka mið af.

Umferðartölur:

2000

Vegnr.	Vegheiti	SDU	ADU
74-01	Skagastrandarvegur	Hringvegur-Þverárfjallsvegur (744)	501
74-02	Skagastrandarvegur	Þverárfjallsvegur-Skagavegur (745)	428
74-03	Skagastrandarvegur	Skagavegur-Skagaströnd, Vetrarbraut	724
744-01	Þverárfjallsvegur	Skagastrandarvegur-Þverá (bær)	49
744-02	Þverárfjallsvegur	Þverá-Skagavegur	49
744-03	Þverárfjallsvegur	Skagavegur-Sauðárkrókur	93
745-01	Skagavegur	Skagastrandarvegur-Örlygsstaðir	183
745-02	Skagavegur	Örlygsstaðir-Króksselsvegur	106
745-03	Skagavegur	Króksselsvegur-Hafnaá	45
745-04	Skagavegur	Hafnaá-Sýslumörk	22

2006

Vegnr.	Vegheiti	SDU	ADU
74-01	Skagastrandarvegur	Hringvegur-Þverárfjallsvegur (744)	664
74-02	Skagastrandarvegur	Þverárfjallsvegur-Skagavegur (745)	398
74-03	Skagastrandarvegur	Skagavegur-Skagaströnd, Vetrarbraut	641
744-01	Þverárfjallsvegur	Skagastrandarvegur-Þverá (bær)	360
744-02	Þverárfjallsvegur	Þverá-Skagavegur	344
744-03	Þverárfjallsvegur	Skagavegur-Sauðárkrókur	362
745-01	Skagavegur	Skagastrandarvegur-Örlygsstaðir	94
745-02	Skagavegur	Örlygsstaðir-Króksselsvegur	65
745-03	Skagavegur	Króksselsvegur-Hafnaá	51
745-04	Skagavegur	Hafnaá-Sýslumörk	24

Tafla nr. 24 a og b. Umferðartölur.

Heimild: Vegagerð ríkisins

Aðstæður í Skagabyggð:

Fyrirhuguð er breyting á legu Skagastrandarvegur frá Laxá að Höskuldsstöðum. Byggð verði ný brú á Laxá, neðar en núverandi brú er. Nýja veglínan liggur þaðan og kemur inn á núverandi Skagastrandarveg norðan við útihús á Höskuldsstöðum.

Skagavegur nr. 745 sem er tengivegur, með óbundnu slitlagi, er ekki í góðu lagi. Vegurinn um Króksbjarg var endurbyggður á 2,5 km kafla sumarið 2009. Mikil þörf er á ofaníbúðri í Skagaveg. Það er víða grjót upp úr yfirborði vegarins og djúpar holur á milli steina svo segja má að hann sé illfær. Vegurinn er víða siginn og staða hans svo lág í umhverfinu að á honum verður mikil snjósöfnun á veturna þegar þannig viðrar. Brýnt er að byggja Skagaveg upp á næstu árum og leggja á hann bundið slitlag. Sama er að segja um héraðsvegi í Skagabyggð. Þeir eru í misjafnlega góðu ástandi.

Samkvæmt Vegaáætlun 2007-2010 er gert ráð fyrir nokkrum fjámunum til vegagerðar í sveitarfélaginu á tímabilinu. Þar er um að ræða eftirtalin verkefni, sjá töflu. Framkvæmdum árin 2009 og 2010 hefur verið frestað vegna efnahagsástandsins í þjóðfélaginu.

	2007	2008	2009	2010
Skagavegur nr 745				
01 Skagastrandarvegur-Örlygsstaðir			41	51
01 Snjóastaðir	13	10		
Samtals	13	10	41	51
Áætlaðar framkvæmdir í vegamálum í milljónum króna.		Heimild: Vegagerðin.		

Breyting Skagastrandarvegur er ekki komin á vegaáætlun. Skoðuð var ný veglína (haustið 2009) á kaflanum frá Hringvegi, með tengingu við Þverárfjallsveg og nýrri brú á Laxá sem tengist núverandi Skagastrandarvegi.

5.8.3 Reið- og gönguleiðir

Reiðleiðir eru flokkaðir í þrjá meginflokka: Stofnleiðir, þéttbýlisleiðir og héraðsleiðir. Tvo þessara flokka er að finna í Skagabyggð.

- Stofnleiðir. Það eru aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga og tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendi hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- Héraðsleiðir. Það eru tengingar á milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt gert ráð fyrir lítilli umferð.

Gert er ráð fyrir að **gamli þjóðvegurinn** yfir Þverárfjall verði notaður sem reiðleið **-(SL1)**, þar sem nýr vegur hefur verið lagður. Annars liggur hann samhliða þjóðveginum nr 744. Fyrirhuguð er að gera reiðveg samhliða þjóðvegi nr. 74 frá brú yfir Laxá á Refasveit til Skagastrandar **-(SL2)**. Þessi reiðleið heldur síðan áfram til norðurs meðfram þjóðvegi nr. 745 norður fyrir Skaga. Skagavegur, nr. 745, er fremur fáfarinn og getur reiðvegur því legið þar tiltölulega nálægt veginum.

Reiðleið um **Hallárdal - (HL1)**, í fylgd kunnugra, er áhugaverður kostur í tengslum við ferðaþjónustu í Skagabyggð.

Gönguleið um **Hallárdal -(GL1)** er áhugaverður kostur. Farið er upp Hallárdal nokkuð sunnan Skagastrandar, rétt norðan Vindhælis. Farið er inn dalinn fram hjá eyðibýlunum Vakurstöðum, Sæunnarstöðum, Bergsstöðum og Þverá. Þar er farið yfir Hallá og um Vaglabungur og Engjadal á þjóðveg 744 Þverárfjallsveg. Vegalengdin er um 16 km og göngutími um 5 kl.

Laxárdalur -(GL2). Dalurinn er að mestu kominn í eyði en er nýttur til slægju og beitar fyrir búfé. Norðurhluti dalsins er í Skagabyggð. Áhugaverð gönguleið er að ganga suður dalinn og vestur í Langadal um fjallaskörð í Langadalsfjalli. Gömul þjóðleið liggur úr dalnum yfir í Skagafjörð.

Gönguleiðir í Höfnum (GL3). Gönguleið frá útsýnispalli á Kaldrana eftir sjávarhömrum út í Selvík. Sjá má ýmsar fuglategundir, seli og stórbrotið landslag.

Gönguleið frá bænum í Höfnum til sjávar og vestur á Rífsnes. Þar má sjá merktar verbúðartóftir í Hafnabúðum og skemmtilega sjávarströnd.

Gönguleið af Skagavegi meðfram Torfdalsvatni að austan og aftur á Skagaveg við Skilnaðarhorn. Gönguleiðin er að hluta í landi Tjarnar. Áhugavert landslag.

Laxárdalur-Mjóidalur-Gálgagil -(GL4). Farið fram Laxárdal upp Kirkjuskarð í landi Blönduóss og yfir í Mjóadal. Eftir Mjóadal er gengið niður í Gálgagil sem er fallett þröngt gil. Sagan segir að þar hafi glæpamenn verið hengdir. Síðan er gengið áfram norður Hvammshlíðardal til Norðurárdals og á þjóðveg 744 Þverárfjallsveg. Einnig er hægt að ganga vestur Balaskarð frá Gálgagili og er þá komið niður að samnefndum bæ í Laxárdal. Balaskarð er 380 m.y.s.

Spákonufellsborg -(GL5). Farið af stað móts við eyðibýlið Efri Harrastaði, síðan upp úr Brandaskarði um Leynidal. Vegalengd er um 10 km, stikuð leið, ca. 3 kls. Spákonufell er hæst 639 m.y.s. Þessi leið er einungis að hluta til innan Skagabyggðar.

Gönguleið frá **Steinnýjarstöðum -(GL6).** Farið er upp frá Steinnýjarstöðum um Geldingaskarð og austur að Hofsseli. Þaðan er farið norður með Langavatni fyrir Víðilækjartjall og Fjallsöxl og niður hjá eyðibýlinu Fjalli og þaðan til Steinnýjarstaða. Á þessari leið er hægt að sjá ýmsar fuglategundir og njóta góðs útsýnis yfir Skagann ef farið er upp á Víðilækjartjallið sem er auðfarið norðanvert. Einnig má fara úr Geldingaskarði um nýjan slóða sem liggur upp á Steinnýjarstaðafjall, að fjarskiptamastri sem þar, er og þaðan norður á Víðilækjartjall og vestur yfir Þórhildardal og fyrir **Fjallsöxl**. Vegalengd er um 14 km, hækkun um 500 m, hæst á Steinnýjarstaðafjalli og göngutími er um 6 klst.

Ferða- og markaðsmiðstöð Austur-Húnavetninga hefur látið gera gönguleiðakort af allri sýslunni.

5.8.4 Hafnir

Ekki hafa verið unnar neinar forrannsóknir vegna hafnargerðar í landi Hafursstaða, né heldur liggja fyrir endanlegar línur um útlit hennar. Sjá kafla 5.6.7.

Siglingastofnun bendir á að mikið ölduálag er við strönd í Skagabyggð. Við skipulag mannvirkja nærri strönd í dreifbýli þarf að hafa í huga að fjarlægð frá sjávarkambi sé ekki minni en 100-150 m og við ákvörðun á lágmarks gólfhæðum húsa verið höfð hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spá um sjávarborðshækkun.

5.8.5 Fjarskipti

Samkvæmt fjarskiptaáætlun eiga allir landsmenn að geta tengst háhraðaneti árið **2010**. Áætlunin tekur mið af þróun tækni sem gerir fjarskiptum, tölvutækni og fjölmiðlun kleift að renna saman. Í henni kemur fram að háhraðatengingar til einstaklinga, menntastofnana og fyrirtækja verða eflidar jafnt og þétt til ársins **2010**. Einnig á að auka aðgengi að GSM-farsímaþjónustu á ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum. Þá er stefnt að því að allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirkri stafrænu sjónvarpi. Fjarskiptaáætlun gerir ráð fyrir að útvarpað verði stafrænt um gervihnött um allt land og næstu mið. Ljóst er að landsbyggðarmenn allir hljóta að biða spenntir eftir framkvæmd þessara hugmynda sem hljóta að teljast merkasta framför í byggðamálum síðustu áratugina.

Fjarskiptamöstur eru á eftirfarandi stöðum: Á Steinnýjarstaðafjalli, vegna GSM, G3-kerfis og tetrakerfis, á Hvammshlíðarfjalli, vegna GSM, í hlíðinni ofan við Njálstaði, vegna GSM og sjónvarpssendis. og á Kerlingarbjargii, vegna NMT og VHF.

Dreifikerfi síma er komið í jörð í Skagabyggð. Nú er staðan sú að GSM-sími nýtist víðast hvar í hreppnum en NMT-símakerfið verður væntanlega lagt af um næstu áramót. Ljósleiðarastrengur, sem liggur norður ströndina, nær aðeins til símstöðvarinnar á Skagaströnd.

Nettenging er mikilvæg fyrir ferðaþjónustu þar eð mikill hluti viðskipta fer orðið fram á netinu.

Staðsetning Kálfshamarsvita er n.br. v.lg 66 1,0330 20 25,9797. Ljósseinkenni eru LFI(2) WRG 20 s og sjónarlengd: 15 sjómíllur. Ljóshæð yfir sjávarmáli er 21 m og vitahæð er 16,3 m Vitinn er svokallaður ljósviti með rafveitu og rafgeyma til vara. Hönnuður vitans var Axel Sveinsson verkfræðingur.

Úr Vitar á Íslandi:

„Á Kálfshamarsnesi á Skaga, við austanverðan Húnaflóa, var reistur viti árið 1913, áttstrent norskt ljóshús úr járnsteypu sem komið var fyrir á steinsteyptri plötu. Í það var sett 375 mm linsa og gasljóstæki, tengd sólarventli. Vitinn var málaður rauður nema hvítt band var um hann undir gluggum. Árið 1942, þegar nýr viti var tekinn í notkun á Kálfshamarsnesi, var ljóshúsið flutt að Straumnesi í Sléttuhlíð og komið fyrir á hinum nýreista vita þar. Árið 1940 var byggður viti á Kálfshamarsnesi en ekki tókst að fá ljóshús né ljóstæki á vitann frá Englandi fyrr en tveimur árum síðar. Þegar Kálfshamarsviti var tekinn í notkun árið 1942 var sett á hann ljóshúsyfirbygging með eirþaki á steinsteiptan vegg.“

Næsta endurvarpsstöð fyrir útvarp og sjónvarp RUV er á **Hnjúkum** við Blönduós og aðstæður til móttöku eru mismunandi eftir staðsetningu loftneta.

5.9 Stofnanir og tengd starfsemi

5.9.1 Menntamál/Skólar

Nemendur á grunnskólaaldri sækja flest nám í Höfðaskóla á Skagaströnd. Þar er einnig leikskólinn Barnaból, sem börn úr Skagabyggð sækja.

Sveitarfélögin Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og sveitarfélagið Skagaströnd hafa stofnað byggðasamlag um rekstur Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga. Samlagið heitir Byggðasamlag Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga. Heimili þess og varnarping er í Húnavatnshreppi og sér Húnavatnshreppur um daglegan rekstur byggðasamlagsins. Tónlistarskólinn hefur þrjár starfsstöðvar. Lúðrasveit er starfrækt í tengslum við skólann. Sex til sjö nemendur úr Skagabyggð sóttu skólann námsárið 2008-2009.

Flest börn á grunnskólaaldri í Skagabyggð sækja nám í Grunnskólann á Skagaströnd. Íþróttahús og útisundlaug eru í nálægð við skólann. Mötuneyti er þar starfrækt. Nemendum er ekið daglega til og frá heimili og skóla. Fáein börn hafa sótt nám á Húnavöllum og Blönduósi eftir sameiningu sveitarfélaganna árið 2002.

Þeir nemendur sem halda áfram námi í framhaldsskóla sækja það flestir í Fjölbautarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, enda er Austur-Húnavatnssýsla á starfssvæði skólans. Auknir möguleikar hafa skapast til framhaldsnáms á síðari árum með fjarnámi og er aðstaða í boði fyrir farnemendur á Blönduósi og Skagaströnd.

5.9.2 Menningar- og félagsmál

Fyrstu drög að stofnun Búnaðarfélags Vindhælishrepps voru lögð árið 1847 en formlega er félagið stofnað með því nafni árið 1886. Það félag vann að framfaramálum á félagssvæðinu, einkum að sléttun túna. Árið 1930 var ákveðið að kaupa helmingshlut í dráttarvél á móti Búnaðarfélagi Engihlíðarhrepps. Vél þessi fór um sveitina næstu 10 árin og vann að jarðrækt hjá bændum. Þetta félag var lagt niður árið 1940 eftir að hreppnum var skipt og nýtt félag með sama nafni var stofnað það ár. Ýmis landbúnaðartæki hafa verið keypt og leigð bændum á starfstíma hins nýja félags en það hefur ekki verið starfrækt síðustu árin.

Búnaðarfélag Skagahrepps var stofnað 22. júní 1940. Starfsemi félagsins hefur einkum snúið að jarðabótum. Árið 1945 var keypt dráttarvél af gerðinni W4 á járnhjólum sem var mikið notuð í jarðvinnslu í hreppnum. Búnaðarfélagið hefur átt og rekið landbúnaðartæki sem leigð hafa verið til félagsmanna gegn vægu gjaldi. Aðalfundir félagsins hafa jafnan verið vel sóttir og áhugi mikill fyrir starfsemiinni. Félagsmenn eru núna 20.

Sauðfjárræktarfélag Skagahrepps var stofnað 26. mars 1955. Tilgangur þess var að auka arðsemi sauðfjárbúa á félagssvæðinu með kynbótum, bættri fóðrun og skýrsluhaldi. Félagið hefur starfað óslitið frá stofnun þess og hefur félagsmönnum verið að fjölga síðustu árin.

Kvenfélagið Hekla var stofnað 28. ágúst 1927 af 14 konum. Félagið keypti þrjónavél og vefstól og hélt námskeið til að kenna að þrjóna og vefa. Eitt af áhugamálum félagsins voru samgöngumál. Konurnar beitti sér fyrir og unnu sjálfar að vegagerð á Skaga. Félagið hefur gefið Hofskirkju ýmsa muni og hefur stutt við margvísleg framfaramál. Síðustu árin hefur það staðið fyrir ýmsum samkomum og verið mjög virkt í félagsmálum í hreppnum. Félagskonur eru núna 12.

Kvenfélag Höskuldsstaðasóknar var stofnað 22. apríl 1928. Markmið félagsins var að efla heimilisiðnað og garðyrkju, leggja þeim lið er minnst mega sín og fegra Höskuldsstaðakirkju. Félagið hefur gefið Höskuldsstaðakirkju ýmsa gripi. Kvenfélag Höskuldsstaðasóknar er ekki starfandi núna.

Vinafélag Skagahrepps var stofnað 5. maí árið 2001 og gerðist aðili að landssamtökunum Landsbyggðin lífi. Félagsmenn eru 13. Félagið starfaði í 5 ár en starfsemin hefur legið í dvala frá árinu 2006 eftir fráfall formanns félagsins.

Í Skagabyggð eru Lestrarfélagið Fróði og Lestrarfélag Nesjamanna. Starfsemi þeirra hefur fjarad út en íbúarnir hafa samningsbundinn aðgang að bókasafni Sveitarfélagsins Skagastrandar og einnig aðgang að Héraðsbókasafni á Blönduósi.

Málfundafélag Nesjamanna var stofnað árið 1905 og starfaði í ríflega hálfa öld. Það byggði samkomuhús á Kálfshamarsnesi árið 1913, sem var fyrsta félagsheimilið í Austur-Húnavatnssýslu. Samkomuhúsið var lengi notað sem barnaskóli.

5.9.3 Samkomuhús og söfn

Félagsheimili Skagabyggðar heitir Skagabúð. Þar er nokkur starfsemi, s.s. fundahöld, afmælis- og áfangafögnuðir, ættarmót o.fl. Á sumrin er þar nokkur ferðapjónusta. Kvenfélagið sér oftast um veitingar á staðnum, þegar þær eru í boði. Þar hefur lestrarfélagið Fróði aðstöðu.

Rekstur Héraðsskjalasafnsins á Blönduósi er í höndum Bygðasamlags um atvinnu og menningarmál.

Sveitarfélagið er aðili að minjasafninu á Reykjum í Hrutafirði ásamt öðrum sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og Strandasýslu. Segja má að mikilvægasti safngripurinn þar sé hákarlaskipið Ófeigur frá Ófeigsfirði.

Í hreppnum eru fjölmargir staðir sem áhugavert er að skoða og má í því sambandi nefna stórbrotna náttúru, sögustaði o.fl.

5.9.4 Heilbrigðismál

Skagabyggð er hluti af læknisumdæmi Norðurlands vestra, sem tekur yfir Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað. Læknisumdæmið telur 7-8 þús. íbúa.

Starfsemi og aðstaða Sjúkrahúss

Heilsugæslan á svæðinu veitir almenna heilsugæslu þar sem starfandi eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrahjálfarar og annað starfsfólk. Einnig er sinnt skólahjúkrun í grunnskólunum. Heilsugæsla er starfandi á Blönduósi og á Skagaströnd (H-stöð).

5.9.5 Félagsþjónusta

Félagsþjónusta Austur-Húnavatnssýslu nær yfir fjögur sveitarfélög; Blönduósbæ, Húnavatnshrepp, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Félagsþjónusta sinnir verkefnum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Um getur verið að ræða margskonar aðstöð. Félagsþjónusta Austur-Húnavatnssýslu hefur starfsaðstöðu í Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Formlega er starfsemin vistuð hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd Túnbraut 1-3 á Skagaströnd.

Félagsþjónustan sér um framkvæmd málefna fatlaðra á starfssvæði sínu og annast jafnframt almenna félagsþjónustu og barnaverndarmál.

Aldraðir sem þurfa á hjúkrunarinnlögn að halda stendur það til boða á dvalarheimilinu Sæborg á Skagaströnd og hjá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Skipulagt félagsstarf fyrir aldraða er á Skagaströnd og á Blönduósi.

Gerður hefur verið samningur milli ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um að sveitarfélögin annist málefni fatlaðra. Öll sveitarfélögin á þessu svæði eru aðilar að þeim samningi. Umsjón með framkvæmd samningsins er í höndum stjórnar SSNV sem hefur ráðið til þess sérstakan verkefnisstjóra. Skrifstofa SSNV er á Hvammstanga.

Með breytingum á skipulagi sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna, eftir að Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu var lögð af, hefur verið stofnað byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga. Byggðasamlagið yfirtekur rekstur félagsþjónustu, skólaþjónustu og öldrunarþjónustu. Byggðasamlagið heitir Félags- og skólaþjónusta Austur- Húnavetninga og verður rekið undir sömu kennitölu og Félagsþjónusta Austur-Húnavetninga bar áður.

Undir málefni aldraðra fellur rekstur dvalarheimilisins Sæborgar á Skagaströnd sem og rekstur og umsjón með íbúðum fyrir aldraða í Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd.

Fræðslustjóri annast skólaþjónustu.

5.9.6 Opnber stjórnsýsla

Vinnuaðstaða vegna stjórnsýslu **sveitarfélagsins** er á heimili oddvita, en fundir hreppsnefndar eru haldnir í félagsheimilinu Skagabúð.

Héraðsnefnd Austur-Húnavetninga var samstarfsvettvangur sveitarfélaga í sýslunni sem var aflagður hinn 30. júní 2008. Nú hafa **byggðasamlög** verið stofnuð um nokkur afmörkuð verkefni. Þá hafa sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu sameinast með sveitarfélögum utan svæðisins um rekstur tiltekinnna þátta s.s. Samtökum sveitarfélag á Norðurlandi vestra (SSNV), Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands vestra (ANVEST) og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfssamningar um byggðasamlög eru í meginatriðum á eftirfarandi sviðum:

- Rekstur Tónlistarskóla. Tónlistarkennsla og rekstur húsnæðis
- Rekstur Héraðsskjalasafns, rekstur bygginga fyrrum Kvennaskóla á Blönduósi og starfsemi atvinnuþróunar.
- Samningur við Hringrás ehf um eyðingu brotamálma.
- Rekstur skólastofu Austur-Húnavetninga.
- Rekstur dvalar- og hjúkrunarheimilisins Sæborgar, íbúða aldraða að Ægisgrund 2-8 og íbúða aldraða að Hnitbjörgum.
- Félagsþjónustu.
- Öldrunarþjónustu.
- Málefni fatlaðra.

Samningur hefur auk þessa verið gerður um Búfjárefirtirlits- og fjallskilanefnd ásamt Gróður- og náttúruverndarnefnd í Austur-Húnavatnssýslu.

Byggingarfulltrúi er staðsettur í Skagabyggð.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er með skrifstofur að Sæmundargötu 1, efri hæð, á Sauðárkróki. Þar starfa tveir heilbrigðisfulltrúar, auk þess sem einn heilbrigðisfulltrúi er í Húnaþingi Vestra með aðsetur að Sólbakka. Eftirtaldir aðilar standa að rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra: Akrahreppur, Blönduós, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagaströnd, Siglufjörður, **Skagabyggð** og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Slökkviliðið á Skagaströnd annast þjónustu við Skagabyggð samkvæmt samningi þar um.

Löggæsla er á Blönduósi. Formaður Almennavarnanefndarinnar er sýslumaðurinn á Blönduósi.

Almannavarnarnefnd er þannig skipuð:

Lögreglustjórinn á Blönduósi form.
Bæjarstjórinn á Blönduósi
Oddviti Skagabyggðar

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar
Sveitarstjóri Húnavatnshrepps
Sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Starfssvæði Almannavarnarnefndar Húnavatnssýslna nær yfir báðar Húnavatnssýslur.

5.9.7 Kirkjur, kirkjugarðar

Kirkjurnar eru í Skagastrandarprestakalli í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Höskuldsstaðaprestakall var við lýði til ársins 1964 á meðan prestur hafði fasta búsetu á Höskuldsstöðum. Hofskirkja og Hólaneskirkja á Skagaströnd voru í því prestakalli. Skagastrandarprestakall er síðan stofnað þegar prestur flytur til Skagastrandar frá Höskuldsstöðum. Nú eru Hofskirkja og Höskuldsstaðakirkja í Skagastrandarprestakalli. Katólskar kirkjur hafa verið á Höskuldsstöðum sem voru helgaðar Maríu guðsmóður og Péttri postula.

Höskuldsstaðakirkja, sem nú stendur, var vígð 31. marz 1963. Hún er úr steinsteypu og tekur 100 manns í sæti. Litað gler er í gluggum. Yfir sönglofti er herbergi. Trékross er efst á turninum. Skrudhúsið er sunnan kórs. Kaleikur og patina eru frá 1804 og altariстаflan er eftir Þórarin B. Þorláksson. Klukkurnar tvær eru frá árunum 1733 og 1737.

Hofskirkja var byggð á árunum 1868 til 1870 af Sigurði Helgasyni forsmið frá Auðólfstöðum. Kirkjan er byggð úr timbri en var síðar múrhúðuð (forsköluð). Árið 1989 fór fram mikið viðhald á kirkjunni. Múrhúðun var brotin utan af kirkjunni og allt timbur sem farið var að fúna endurnýjað ásamt gluggum og járn á þaki. Prédikunarstóllinn er mjög gamall. Hann er trénelgður og málaður myndun af guðspjallamönnunum ásamt Kristi og Péttri á hliðunum. Altaristafla er einnig gömul og sýnir hún heilaga kvöldmáltíð. Taflan er öll úr timbri, útskorin. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990, samkvæmt aldursákvæði 1. mgr., 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Báðar Húnavatnssýslur ásamt Strandasýslu eru eitt prófastembætti, en prestaköllin eru þrjú. Víkur í Skagabyggð eiga kirkjusókn að Ketu í Skagafirði.

5.10 Umhverfi og útivist

5.10.1 Útivist -almennt

Víða eru góðir útivistarmöguleikar í Skagabyggð eins og fram kemur í kafla 5.8.3, þar sem gönguleiðum er lýst. Þar er náttúrufegurð rómuð og land og náttúra víða lítt eða ósnortin.

Með aðalskipulagstillögunni er lögð fram áætlun (stefnumörkun) sem tekur að einhverju leyti á umhverfis- og útivistarmálum. Þessi áætlun er þó ekki tæmandi enda þarf þessi málaflokkur að vera í sífældri endurskoðun. Af þessum ástæðum er mikilvægt að fara að öllu með gát og vanda til verka þar sem mannshöndin kemur við sögu.

Gildi útivistarsvæða ræðst oftast af ákveðnum þáttum, svo sem náttúrufari og ýmsum öðrum umhverfisaðstæðum, lega þessara svæða skiptir einnig miklu máli. Þeir umhverfisþættir sem nefna mætti og eru fyrir hendi í Skagabyggð eru: Sjávarströnd, votlendi, vötn, ár, fossar, gljúfur, söguminjar, plöntu- og dýralíf. Það sem hefur síðan mikil áhrif á þróun þessara svæða er manngerð aðstaða og skipulögð starfsemi.

Nefna má áhugaverðar gönguleiðir sem tengja útivistarsvæðin.

Bleikja og lax veiðist í nokkrum ám og vötnum í Skagabyggð. Sportveiði er nokkuð stunduð. Þrjú veiðfélög eru um ár í Skagabyggð; Hallá, Laxá á Refasveit og Laxá í Nesjum.

Eiginlegur íþróttavöllur er ekki í Skagabyggð, en börn og ungmenni geta stundað íþróttir á Skagaströnd samkvæmt samningum milli sveitarfélaganna. Einnig hafa börn og ungmenni úr Skagabyggð stundað íþróttir með ungmennum í öðrum ungmennafélögum í Austur-Húnavatnssýslu.

Öll sveitarfélögin í A-Húnavatnssýslu taka þátt í uppbyggingu á skíðasvæðinu í Tindastól.

5.11 Öryggismál

Slökkvilið og tilheyrandi búnaður er á Skagatrönd.

Eldvarnareftirlit í Skagabyggð er samkvæmt samningi við Eldstoðir ehf. Eftirlit nær til bygginga af öllum gerðum og slökkviliðs.

Unnið er að því að setja upp brunahana til að auðvelda slökkviliði aðgang að vatni. Því verki verður haldið áfram.

6.0. Eignarhald á landi

Bújarðir og annað land í Skagabyggð er fyrst og fremst í einkaeigu. Þar háttar svo til að í mörgum tilfellum eru landeigendur nokkrir um hverja jörð. Það á einkum við um eyðijarðir. Um er að ræða fleiri en einn erfingja viðkomandi jarða. Ríkisjarðir eru engar í Skagabyggð.

Í aðalskipulagi þessu er ekki gert ráð fyrir þéttingu byggðar í sveitarfélaginu.

7.0. Könnun á landnotkun

Þegar í upphafi vinnu við Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030 var ákveðið að gera könnun á áformum landeigenda um landnotkun. Þetta er eðlilegt vegna þess að unnið er að skipulagi sveitarfélagsins í heild. Mikilvægt er einnig að virða eignarrétt manna og að skapa skilyrði fyrir landeigendur til þess að koma á framfæri hugmyndum sínum um landnotkun á eigin landi. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Til þess að fylgja þessum markmiðum eftir var landeigendum sendur spurningalisti til útfyllingar og **29** svör bárust. Af þeim sem svöruðu voru **nú** aðilar sem hyggja á breytta landnotkun á jörðum eða hluta jarða. Í einhverjum tilfellum er þó um að ræða áframhaldandi landnýtingu, s.s. vegna efnistöku. Athyglisvert er að fjórir aðilar hyggjast kanna möguleika á virkjun vatns- eða vidafls. Þá eru tveir sem leggja drög að uppbyggingu aukinnar ferðaþjónustu. Fram kemur vilji fyrir uppgræðslu skógræktar í þremur svörum og í fimm svörum er lýst yfir vilja til að heimila uppbyggingu allt að tveggja frístundahúsa á viðkomandi bújörð.

Mjög líklegt má telja að síðar á skipulagstímabilinu komi fram nýjar óskir og hugmyndir um heimild til framkvæmda, en þá þarf að gera breytingar á staðfestu aðalskipulagi í samræmi við kafla 8.1. í greinargerð þessari. Niðurstöður þessarar könnunar eru sýndar á töflu nr. 23, (sjá einnig kafla 2.0.).

Könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun.

Bújarðir-landareign	A:Óbreytt landnotkun	B:Breytt landnotkun	Ný landnotkunáform - greinargerð
Ásbúðir	x		
Bakki, Álfhóll		x	50% jarðanna -1, 8 12, bætt æðarvarp á Bakka.
Bergst., Vakurst., Sæmundarst.	x		50% jarðanna.
Brandaskarð	x		
Eyjarkot	x		
Fjall	x		
Hafnir		x	6, 8, 9 og 12. Uppbygging fyrir ferðaþjónustu.
Hafursstaðir		x	5, 6, 9 og 10.
Hlíð		x	1 og 7. Vatnsafl á vegum Landsvirkjunar.
Hof	x		
Hvammshlíð		x	5.
Kálfshamar	x		Efnistaka.
Kelduland	x		
Kirkjubær	x		
Kjalarland og Blálund		x	7 og 9. Vatns- og vindafl/ferðaþjónusta.
Krókur	x		
Kurfur	x	x	1, 7 og 9. Vindafl.
Neðri-Harrastaðir	x		
Ós	x		
Saurar	x		

Bújarðir-landareign	A:Óbreytt landnotkun	B:Breytt landnotkun	Ný landnotkunáform - greinargerð
Skrapatunga		x	1, 5, 6, 7 og 9. Vindafl.
Syðri-Ey	x		
Sviðningur	x		Efnistaka.
Sæunnarstaðir, hálf jörðin	x		
Tjörn	x		
Ytri-Björg	x		
Ytri-Hóll	x		
Vindhæli	x		
Þverá		x	1.
Örlygsstaðir og Örlygsstaðir II	x		

Tafla nr. 25. Niðurstöður könnunar um landnotkun.

Heimild: BB/Heimamenn.

Landnotkun/valkostir

- () A. Óbreytt landnotkun
() B. Breytt landnotkun

Ef svarið er B þá er spurt um hver eftirfarandi atriði eiga þar við, eitt eða fleira.

- () 1. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (1-3 lóðir).
() 2. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (fleiri en 3 lóðir).
() 3. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs 1-3 lóðir.
() 4. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs (fleiri en 3 lóðir).
() 5. Almenn skógrækt; útivistarskógur.
() 6. Bændaskógrækt; landgræðsluskógar, skjólbelti.
() 7. Virkjun til raforkuframleiðslu:
() Vatnsafl.
() Vindafl.
() 8. Starfræksla efnistökusvæða.
() 9. Ferðaþjónusta (bændagisting).
() 10. Önnur þjónusta.
() 11. Breytt landbúnaðarstarfsemi.
() 12. Aðrar breytingar á landnotkun.

Ef krossað var við lið nr. 12 á listanum þá var vinsamlegast óskað eftir stuttri greinargerð.
Nokkur svör bárust seint en niðurstöður þeirra hafa verið teknar til greina.

7.1. Skipulag á bújörðum

Ein af þýðingarmiklum breytingum á nýjum skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er sú að allt landið er orðið skipulagsskyldt og eru bújarðir ekki undanskildar eins og áður var.

Uppdráttur, sem nær yfir allt sveitarfélagið, nefndur sveitarfélagsuppdráttur, er í mælikvarðanum 1/50.000.

Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030 á að greiða fyrir öllum afgreiðslum vegna einstakra skipulagsgerinda sem tillagan nær til og gera bændum og öðrum landeigendum léttara að ná markmiðum sínum varðandi landnotkun. Í langflestum tilfellum þarf að vinna deiliskipulag vegna breyttrar landnotkunar.

8.0. UM SKIPULAG

8.1. Framkvæmd og endurskoðun skipulags

Í inngangi þessarar greinargerðar eru rakin helstu atriði sem snúa að hinni lögformlegu hlið aðalskipulags, m.t.t. meðferðar og afgreiðslu þessa mikilvæga þáttar í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Eftir að staðfesting aðalskipulags hefur farið fram hefur það öðlast það gildi sem því er ætlað, þ.e. að vera bindandi fyrir allar meiri háttar framkvæmdir í viðkomandi sveitarfélagi a.m.k. til næstu tólf ára. Þótt aðalskipulagstillagan sé unnin af kostgæfni, svo sem aðstæður leyfa, þá geta ýmsar forsendur breyst á skemmri tíma. Athugun á forsendum endurskoðunar á aðalskipulagi er því nauðsynleg með

ákveðnu millibili, enda er ráð fyrir því gert í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þetta skal gert a.m.k. á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sjá einnig 16. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Auk þeirrar reglulegu athugunar á endurskoðun sem áður er nefnd getur það gerst að nauðsynlegt sé að gera breytingu á hluta aðalskipulags meðan skipulagstímabilið stendur yfir. Í því tilfelli er um tvær leiðir að velja:

A. Stærri breyting: Ef breytingu á aðalskipulagi er að ræða skal farið með slíkt mál eins og um nýtt aðalskipulag væri að ræða, þ.e. leitað staðfestingar ráðherra að nýju, að undangenginni opinberri auglýsingu og samþykki Skipulagsstofnunar, samkvæmt 17., 18. og 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

B. Óveruleg breyting: Ef sveitarstjórn telur að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar samkvæmt 17. og 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst henni. Fallist ráðherra á tillöguna skal sveitarstjórn auglýsa hana með áberandi hætti. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Innan marka aðalskipulags þarf jafnan að gera deiliskipulag sem kveður nánar á um einstakar framkvæmdir, t.d. stærð lóða, breidd gatna, mænisstefnu þaka, nýtingarhlutfall húsa og fleira. Ef vikið er frá staðfestu aðalskipulagi í deiliskipulagstillögu skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku fráviki og þá ber að senda Skipulagsstofnun tillögu um breytingu á aðalskipulag sbr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breyting á aðalskipulagi kallar einnig á aðlögun svæðisskipulags, enda þarf að vera samræmi þar á milli. Ný skipulags- og byggingarlög taka gildi 1. jan. 2011.

9.0. LOKAORÐ

Það eru ýmis atriði sem þarf að skrásetja og fjalla um í greinargerð sem fylgir aðalskipulagstillögu sem þessari. Þetta er vinna sem alltaf er álitamál hvenær líkur. Markmiðið er þó ávallt að koma fram með öll helstu atriði sem ýmist eru einkennandi fyrir sveitarfélagið, hafa áhrif á þróun byggðarinnar, eða hafa fengist samþykkt í stefnumörkun viðkomandi hreppsnefndar.

Það sem undirritaður telur vera mikilvægast varðandi Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030, sem nú er lagt fram til afgreiðslu og staðfestingar, er í aðalatriðum í eftirfarandi:

- Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúa í Skagabyggð og mótast landnotkun í sveitarfélaginu af því.
- Sérstök áhersla er lögð á þátt ferðaþjónustunnar í hreppnum.

Afkoma atvinnulífs og þróun íbúafjölda í Skagabyggð hljóta að fylgjast að.

Til þess að koma í veg fyrir þá íbúapróun sem verið hefur á síðustu árum og áratugum víðast hvar á landsbyggðinni verður ekki annað séð en til þurfi að koma stjórnvaldsaðgerðir sem með ýmsum hætti þyrftu að styrkja jaðarbyggðir á Íslandi. Verði þetta ekki gert er líklegast að hnignun landbyggðarinnar haldi áfram á næstu árum og áratugum. Í þessu sambandi er vitnað í skýrslu Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands sem Stefán Ólafsson prófessor hafði umsjón með. Stöðumat liggur fyrir og nú er aðgerða þörf. Efnahagsáfallið sem varð haustið 2008, með hruni einkarekinna banka, mun einnig hafa afleiðingar sem erfitt er að ráða í nú. Þessar afleiðingar munu að líkindum fyrst og fremst verða neikvæðar.

Áðurtalin atriði eru einna mikilvægust í fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu, en fjölmörg önnur mál fá umfjöllun og ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi stefnumörkun sveitarfélagsins.

10.0. HELSTU HEIMILDIR

1. Alþingi: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, 2002.
2. Árbók Ferðafélags Íslands: Austur-Húnavatnssýsla, 1964.
3. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu: Tölulegar upplýsingar, skýrslur yfir búrekstur.
4. Byggðasamlög í A-Húnavatnssýslu: Samstarfsverkefni sveitarfélaga í A-Húnavatnss., júní 2008.
5. Byggðastofnun: Tölfræðilegar upplýsingar.
6. Fasteignamat ríkisins: Skráning fasteigna.
7. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson prófessor: Búseta á Íslandi, 1997.
8. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskráning Skagabyggðar, Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll, 2009.
9. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskráning Skagabyggðar, Hof og Steinnýjarstaðir, 2009.
10. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskráning Skagabyggðar, Tjörn, Hafnir og Kaldrani, 2009.
11. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskráning Skagabyggðar, Njálstaðir og Þverá, 2010.
12. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskr. Skagabyggðar, Y-Ey, Eyjarkot, S-Ey og Y-Hóll, 2010.
13. Fornleifad Byggðas Skagf.: Fornleifaskráning Skagabyggðar, Árbakki og Vindhæli, 2010.
14. Framganga ehf, Héraðasn. Austur-Hún.: Frumkönnun á staðsetningu iðjuvers við Eyjarey, 2006.
15. Hagstofa Íslands: Hagtíðindi og mannfjöldaskýrslur.
16. Haukur Jóhannesson: Ýmsar upplýsingar og gögn.
17. Heilsugæslustöðvar: Upplýsingar um þjónustu.
18. Heimamenn: Ýmsar upplýsingar, skriflegar og munnlegar
19. Héraðsstjórn í Húnaþingi: Bragi Guðmundsson, Sýslunefnd A-Hún., 1992.
20. Hollustuvernd ríkisins: Starfsreglur um góða búskaparhætti, 26. ágúst 2002.
21. Hreppsnefnd og ráðgjafi: Könnun á áformum um breytta landnotkun, 2008.
22. Iðnaðarráðuneytið: Staðarval um orkufrekan iðnað, forval. 1983.
23. Íslenskur söguatlas, Reykjavík, 1991, 1992, 1993.
24. Jón Þór Bjarnason: Út við ysta sæ –Ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni, B.A. ritg. 2007.
25. Landvernd: Vistfræði hafsins, lesarkir.
26. Markús Á. Einarsson: Veðurfar á Íslandi, Reykjavík 1976.
27. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðileg gögn, vegna skóla og dagvistunar.
28. Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá, sjöunda útgáfa 1996.
29. Nyttjaland: Stærðir jarða.
30. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð, endurúgefin 1992, þrjú bindi.
31. Rarik, ýmis gögn.
32. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árbækur sveitarfélaga.
33. Skipulags- og byggingarlög ásamt reglugerðum.
34. Skipulagsstofnun: Ýmsar greinargerðir vegna aðalskipulags.
35. Sædís Gunnarsdóttir: Menningarminjar í A-Húnavatnssýslu, 5. hefti. Fornleifast. Íslands, 2001.
36. Umhverfissráðuneytið: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, 1997.
37. Veðurstofa Íslands: Tölfræðileg gögn.
38. Vegagerðin o.fl.: Námur-efnistaka og frágangur. Gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt S.í.sv. 2002.
39. Vegagerðin: Umferðartalning o.fl.
40. Ýmis rit um skipulags- og byggingarmál: Erlend og innlend.
41. Ýmsir heimamenn.
42. Zóphónías Pálsson: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988.
43. Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifaskrá, Rvík 1990.
44. Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 4. útgáfa 1980.
45. Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland, 1981.
46. Örn og Örlygur: Íslandshandbókin, 1989.

11.0. Skýringar hugtaka

Helstu hugtök sem varða skipulags- og byggingarmál og skyld mál eru eftirtalin:

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Athafnasvæði: Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðar, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnóktunar.

Byggðareitur (reitur): Götur skipta þéttbýli í misstór svæði, t.d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðareitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir. Oftast markast byggðareitur af fjórum götum.

Byggðaðróun: Framvinda atvinnulífs og mannfjölda á tilteknu svæði.

Byggingarfulltrúi: Framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Byggingarhæft: Svo er svæði kallað þegar það hefur verið undirbúið til húsbyggingar. Þá hafa verið gerðir uppdrættir, er setja má lóðarmörk og hús eftir og sýna hvar nálægar götur og leiðslur eru. Þá er og búið að koma götustæðum í rétta hæð, leggja holræsi, vatnsveitu og rafmagnsleiðslur, undirbyggja götur og gera þær akfærar.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum. Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggingarnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarreglugerð: Umhverfisráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð. Í byggingarreglugerð er m.a. mælt fyrir um hvernig háttáð skuli undirbúningi byggingarframkv., eftirliti, efnisnotkun o.fl.

Byggingarreitur: Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppdráttum eða mæliblaði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð.

Byggingarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað til bygginga s.s. íbúða, iðnaðar- eða verslunarhúsnæðis, stofnana o.fl.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaaðila eða á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Einkavegur: Einkavegir eru þeir vegir sem skv. vegalögum teljast ekki stofn-, tengi-, héraðs- eða landsvegir, og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Flokkun gatna/vega : Sjá kafla 5.8.2.

Fornleifar: Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk og orðin eru 100 ára eða eldri.

Fólkvangur: Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Friðlýstar fornleifar: Fornleifar sem ástæða hefur þótt til að friðlýsa sérstaklega vegna mikilvægis minjanna. Hægt er að friðlýsa minjar yngri en 100 ára. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.

Friðlýst svæði/friðland: Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuni eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Grunnkort: Kort sem sýnir ákveðinn fjölda kennileita, s.s. mörk sveitarfélaga, lóðarmörk, götur, hæðarlínur eða önnur náttúruleg auðkenni.

Götureitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götureitur af fjórum götum.

Halli götu: Halli götu er yfirleitt mældur í prósentum. Oft er sagt að halli sé t.d. 1 á móti 10 (10%). Halli = hæð/lengd.

Heilbrigðisreglugerð: Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, og gildir hún fyrir allt landið, landhelgi þess og lofthelgi.

Húsfriðunarnefnd: Í húsfriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar. Meginverksvið húsfriðunarnefndar er að gera tillögur um hvaða hús eða húshluta skuli friða vegna menningarsögulegs, listræns eða umhverfislegs gildis. Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsfriðunarn. og viðkomandi sveitarstjórnar.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúru minja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Hættusvæði: Svæði sem að hætta getur stafað af t.d. flóðum, ofanflóðum (snjóflóðum og skriðuföllum), sviptivindum eða jarðskjálftum. Óheimilt er t.d. að reisa mannvirki á svæði þar sem vitað er að snjóflóð hefur fallið.

Íbúðarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað fyrir íbúðarhús. Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónusta fyrir íbúðahverfi, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðar fyrirtækjum og öðru slíku, sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Jarðalög: Ný jarðalög nr. 81/2004 eru í ýmsum greinum ólík þeim eldri. Nokkur meginatriði laganna eru eftirfarandi:

1. Forkaupsréttur sveitarfélags á jörðum er afdnuminn. Þótt þessi réttur sé afdnuminn þurfa sveitarstjórnir í nokkrum tilfellum að veita umsögn vegna viðskipta með jarðir.

2. Jarðanefndir verða afnumdar.
3. Leitað skal umsagnar héraðsráðunautar við stofnun nýs lögbýlis.
4. Forkaupsréttur ábúanda er stytur, var eftir 10 ár en verður 7 ár. Þetta gildir einnig um ríkisjarðir.
5. Ættaróðul verði aflögð.
6. Ný ákvæði gilda um sameiningu jarða. Þörf er á samþykki landbúnaðarráðherra vegna þessa gjörnings.
7. Landbúnaðarráðherra skal eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum jarðahluta eða landspildna séu þær leystar úr landbúnaðarnotum eða skipt út úr jörð.

Með nýjum lögum er heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsparfir og einnig öll vatns og jarðhitaréttindi.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 2. kafla.

Landnotkunarreit: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreit skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 2. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleiki byggðar og ítölu.

Landslag: Form og útlit landsins.

Landsskipulag: Áætlun sem tekur til landsins alls og fjallar um aðalatriði varðandi þróun byggðar og atvinnuvega. Markmið landsskipulags er að skapa heildaryfirlit, samræma byggðapróun og móta ramma fyrir svæðisskipulag.

Landsvegur: Landsvegir eru samkvæmt vegalögum þeir vegir yfir fjöll og heiðar sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Leikvöllur: Leikvöllir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá heimilum þeirra barna sem þeir eru ætlaðir. Eftir því hvaða aldurshópi leikvöllum er ætlað að þjóna og fjarlægð frá heimadyrum má skipta þeim í nær-, grenndar- og hverfisvelli.

Lögbýli: Jörð eða lögbýli nefnist skv. ábúðarlögum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engamerkjum, ef um er að ræða hjáleigu eða býli sem hefur sameiginlegt beitarland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býlið að hafa nægt landrými eða búrekstraraðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Auk þess verður að vera nægur húsakostur til að nytja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

Mengun: Með mengun er átt við að örverur, efni og efnasambönd valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raski lífríki eða óhreinku loft, láð eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

Miðsvæði: Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Mæliblað: Mæliblað lýsa legu og stærð lóða og gildandi mörkum eigna og umráðasvæða. Á mæliblaði skal sýna kvaðir sem eru í gildi á viðkomandi svæði, s.s. vegna samþykktra mannvirkja eða veitukerfa. Þar skal sýna byggingarreit og hæðartölur aðliggjandi götu. Yfirleitt unnið í mælikvarða 1: 500.

Náttúruminjar: a. náttúruverndarsvæði, b. lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Náttúruminjaskrá: Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár og auglýsir hana í Stjórnartíðindum. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjaskrá og undirbúa útgáfu hennar.

Náttúruverndarnefnd: Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, kys þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma. Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarsvæði:

- a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
- b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttó gólfplatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatar á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatar á landnotkunarreit eða götureit og flatarmáls reitsins.

Opið svæði til sérstakra nota: Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallýbrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Óbyggt svæði í skipulagsáætlunum: Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði. Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þurft að deiliskipuleggja þau.

Ósnortið víðerni: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlólunum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Ræktað land: Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskiplag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15.gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskiplag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskiplag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðanna.

Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsferill: Framvinda skipulagsvinnu, m.a. undirbúningur skipulagsvinnunnar, uppbygging verkþátta, öflun og greining upplýsinga, úrvinnsla valkosta, stefnumörkun, samskipti við sveitarstjórn og almenning, ákvarðanataka, framkvæmd skipulags, stjórnun og endurskoðun.

Skipulagsfulltrúi: Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulags- og byggingarnefnd starfar, getur skipulags- og byggingarfulltrúi annast skipulagsmál.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsmarkmið: Markmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa sérstök skipulagsnefnd eða sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd. Skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem við á, fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsreglugerð: Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdráttar, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggis-forsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra. Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetning byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Skipulagsstig: Skipulagsstigin eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagsstjóri: Framkvæmdastjóri Skipulagsstofnunar. Hann fer með stjórn skipulagsmála í umboði ráðuneytis.

Skipulagsstofnun: Hlutverk Skipulagsstofnunar er í aðalatriðum eftirfarandi: Að hafa eftirlit með framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og viðeigandi reglugerða. Að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál. Að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum. Að annast leiðbeiningarstarf og sjá um umsagnir um ágreiningsmál. Að sjá um upplýsingar um landnotkun á landsvísi. Að stuðla að rannsóknum og útgáfu og að sjá um upplýsingar um ferlimál fatlaðra. Að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til alls lands tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil og er því ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera minnst 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Staðfest skipulag: Skipulag sem umhverfisráðherra hefur staðfest eftir að það hefur hlotið meðferð skv. 17.-18. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þegar skipulag hefur verið staðfest er það bindandi fyrir alla aðila.

Stofnanasvæði: Svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir stofnanir ríkisins og sveitarfélaga.

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæði fyrir frístundabyggð: Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

Svæði fyrir þjónustustofnanir: Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Svæðisbyggingarnefnd: Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. gr. 7.2 í byggingarreglugerð nr. 44/1998. Svæðisbyggingarnefnd skal kjósa sér formann á fyrsta fundi.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleira en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnunum og Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag skal taka til alls þess lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Umhverfisstofnun: Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Meginmarkmið:

- Heilnæmt umhverfi - að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- Sjálfbær þróun - að ekki sé gengið á rétt komandi kynslóða til lífsgæða.
- Öryggi neytenda; að matvæli, aðrar neysluvörur og efni valdi ekki heilsutjóni, slysum á fólki eða mengun.

Umhverfisvernd: Alhliða vernd gegn hvers konar mengun, öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og varðveisla náttúrugæða.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa minnst 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfplatara á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reiknisstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Þjóðvegir: Sjá kafla 5.8.2.

Uppdráttur vegna aðalskipulags:

Sveitarfélagsuppdráttur

Viðaukar greinargerðar

Afgreiðsla á athugasemdum íbúa

Afgreiðsla á athugasemdum umsagnaraðila

Samþykkt tillaga að afgreiðslu vegna minnisblaðs Skipulagsstofnunar, dags. xx.